# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**25. maí 2012**
122. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012





### Breytir nafninu í Bassi
*Trommuleikarinn Bassi Ólafsson hét áður Björn Sigmundur Ólafsson.*
**popp** 46

### Efla rannsóknir á arkitektúr
*Stofnun Rögnvaldar Ólafssonar sett á laggirnar*
**tímamót** 26



### ÍA tapaði stigum
*Skagamenn töpuðu sínum fyrstu stigum í Pepsi-deildinni í gær.*
**sport** 40


### veðrið í dag




**HVASST V-TIL** Í dag verða sunnan 8-15 m/s, en sums staðar hvassara V-til. Rigning NV-til en annars úrkomulítið og léttir til. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4

# Ólafur Ragnar tekur forystu

**Meirihluti landsmanna myndi kjósa Ólaf Ragnar Grímsson í embætti forseta ef gengið yrði til kosninga nú samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við Þóru Arnórsdóttur dalar umtalsvert.**

**KÖNNUN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur afgerandi forskot á aðra frambjóðendur samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Um 53,9 prósent þeirra sem afstöðu taka segjast myndu kjósa Ólaf Ragnar ef gengið yrði til kosninga nú. Könnunin var gerð í gærkvöldi og í fyrrakvöld. Í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var dagana 11. og 12. apríl, sögðust 46 prósent styðja Ólaf.

Verulega dregur úr stuðningi við Þóru Arnórsdóttur samkvæmt könnuninni. Um 35,4 prósent styðja Þóru nú, en í síðustu könnun sögðust 46,5 prósent myndu kjósa hana, sem var svipaður stuðningur og við sitjandi forseta.

Ólafur hafði eftirlátið keppinautum sínum sviðið framan af, en hóf kosningabaráttu sína með hvelli í síðustu viku. Þóra hefur aftur á móti haft hægt um sig eftir barnsburð fyrir viku.

Aðrir frambjóðendur njóta mun minni hylli kjósenda. Um 5,3 prósent þeirra sem afstöðu taka myndu kjósa Ara Trausta Guðmundsson og 2,7 prósent Andreu J. Ólafsdóttur.

Um 1,3 prósent þeirra sem afstöðu taka styðja Herdísi Þorgeirsdóttur og 0,9 prósent Ástþór Magnússon. Enginn þeirra 800 sem hringt var í nefndi Hannes Bjarnason.

Alls tóku 79,5 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til einhvers frambjóðenda í könnuninni.

**- bj /** **sjá síðu 8**

## Könnun á fylgi forsetaframbjóðenda






**HASAR Í BREIÐHOLTINU** Tökur á spennuþáttaröðinni Pressu 3 stóðu sem hæst í Breiðholti í gær. Ljósmyndari Fréttablaðsins átti fótum sínum fjör að launa undan látunum, sem sjónvarpsáhorfendur geta fylgst með í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Adolf Guðmundsson, hjá LÍÚ:

## Lamandi áhrif óháð lækkun

**SJÁVARÚTVEGUR** Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, segir það engu skipta þó ríkisstjórnin lækki boðað veiðigjald um helming frá því sem nú er í frumvarpi um veiðigjaldið. Áfram sé um að ræða margföldun á gjaldtöku sem lami greinina.



ADOLF GUÐMUNDSSON

Í viðtali segir Adolf að arðurinn berist þegar til fólksins í landinu í gegnum hagkerfið.

Spurður um fjölmiðlaherferð vegna boðaðra breytinga segir hann að þar tali grasrótin í landinu og dapurlegt sé að halda því fram að útgerðin hafi keypt fólk til að taka þátt í auglýsingagerð. Herferðina borgar LÍÚ enda sé hlutverk sambandsins að verja hagsmuni útgerðarinnar.

**- shá /** **sjá síðu 16**

Skattrannsóknarstjóri hefur fullrannsakað á annað hundrað skattsvikamál:

# Tugir skattsvikamála til sérstaks

**SAKAMÁL** Skattrannsóknarstjóri mun á allra næstu vikum vísa í kringum 50 skattsvikamálum til embættis sérstaks saksóknara. Stærstu málin snúast um milljarða króna undandrátt frá skattgreiðslum. Þetta staðfestir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Embætti sérstaks saksóknara hefur þegar fengið til sín 66 mál frá skattrannsóknarstjóra frá því að embættið var sameinað efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Það hefur þegar lokið rannsókn í 27 þeirra mála og ákært í 23, eða 85 prósent málanna. Í fjórum tilfellum hefur skattsvikamál sem vísað var til sérstaks saksóknara verið látið niður falla.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að í þeim málum sem þegar hafa farið í ákæruferli sé komin dómsniðurstaða í ellefu mál. Í öllum þeirra hefur verið sakfellt. Hann segir málin oft vera mjög vel unnin af skattrannsóknarstjóra þegar þau berist inn á borð embættisins. Þau séu auk þess flest ekki mjög flókin og því sé hægt að afgreiða þau með nokkuð miklum hraða. „Fjöldi þeirra er enn í rannsókn og það er ágætis gangur á þeim rannsóknum.“

**– þsj /** **sjá síðu 6**


ZooGue.is
KING OF INNOVATION
ZooGue töskur fyrir iPad 2 og Nýja iPad
6.990,-



iPhone 4S
Verð frá:
119.990,-



Síminn
Skipholt 21

Aspirin
Actavis
– fæst án lyfseðils í apótekum



actavis



Allt fyrir Eurovision
Fánar, Íslandskraut, míkrófónar, uppblásin hljóðfæri, sprengjur, hattar, gleraugu, o.fl.
Mikið úrval borðbúnaðar
www.partybudin.is
PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534
Opið alla daga

## SPURNING DAGSINS



*María Lilja, hvernig er þetta eiginlega meint?*

„Allt er þetta vel meint!“

María Lilja Þrastardóttir er einn af skipuleggjendum Druslugöngunnar. Gangan 23. júní næstkomandi kallast nú Meintdrusluganga, til að vekja athygli á orðalagi í umfjöllun um kynferðisglæpi, sem síður tíðkast í annarri glæpaumfjöllun.

Landsbankinn lokar útibúum um allt land og sameinar deildir í höfuðstöðvum:

# 50 missa vinnuna í hagræðingu

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmönnum Landsbanka Íslands fækkar um 50 um mánaðamótin vegna hagræðingaraðgerða. Átta útibúum verður lokað eða þau sameinuð öðrum og deildir í höfuðstöðvum bankans verða sameinaðar.

29 starfsmönnum var sagt upp og 15 var boðinn starfslokasamningur. Aðrir sem hætta um mánaðamótin höfðu áður sagt upp störfum, að því er segir í tilkynningu.

Afgreiðslu bankans verður lokað á Flateyri og í Súðavík, á Bíldudal og á Króksfjarðarnesi. Þá verður afgreiðslan á Grundarfirði sameinuð útibúi í Snæfellsbæ. Útibú bankans á Eskifirði og Fáskrúðsfirði verða sameinuð útibúi á Reyðarfirði. Þá verður útibú í Árbæ sameinað útibúi í Grafarholti, en áfram verður afgreiðsla í Árbæ.

Útibúin hætta störfum 31. maí næstkomandi. Bankinn segir að þessi breyting skýrist að stórum hluta af breytingu á viðskiptaháttum, heimsóknum hafi fækkað hratt á síðustu árum og 80 prósent allra samskipta séu rafræn eða í gegnum síma. Bankinn áætlar að um 400 milljónir króna sparist á ári með þessum breytingum. **- þeb**



**LANDSBANKINN** Deildir verða sameinaðar í höfuðstöðvum Landsbankans og átta útibúum eða afgreiðslum lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Tillaga um ESB-aðild:

# Viðræður ekki í þjóðaratkvæði

**ALÞINGI** Tillaga Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, um hvort efna skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort stöðva eigi aðildarviðræður við Evrópusambandið var felld á þingi í gær.

34 greiddu atkvæði gegn tillögunni en 25 með. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Jón Bjarnason greiddu atkvæði með henni, en þingmenn Hreyfingarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, og Guðmundur Steingrímsson greiddu atkvæði á móti.

Hæstiréttur sneri dómi:

# Dæmdi gengislán lögmætt

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sneri í gær dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli fyrirtækisins Smákrana gegn Lýsingu. Héraðsdómur hafði sagt gengislán fyrirtækisins hjá Lýsingu ólögmætt. Mögulega er skuldastaða yfir þúsund fyrirtækja í uppnámi eftir dóminn.

Fyrirtækið tók sjö milljóna króna lán hjá Lýsingu árið 2007. Þegar gengistryggð lán voru dæmd ólögmæt taldi Lýsing að lánið væri kaupleigusamningur. Héraðsdómur var ekki sama sinnis og sagði um lán að ræða. Því hafi verið ólöglegt að tryggja lánið í erlendri mynt.

Lögmaður Smákrana, Einar Hugi Bjarnason, var ósáttur við niðurstöðuna og telur dóminn ganga þvert á niðurstöðu Hæstaréttar í sambærilegum málum. „Og mér sýnist í fljótu bragði að niðurstaða Hæstaréttar grundvallist á því að þessi samningsform séu ólík að ákveðnu leyti sem leiðir þá til ólíkrar niðurstöðu.“ **- þeb**

10 mánaða dómur staðfestur:

# Fangelsi fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær tíu mánaða fangelsisdóm yfir 48 ára gömlum manni vegna kynferðisbrota.**

**Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa tvisvar lagst upp í rúm hjá fjórtán ára stúlku, sem hann átti í trúnaðarsambandi við, strokið líkama hennar og kysst hana í tvígang. Þá var hann einnig dæmdur fyrir að hafa veitt stúlkunni og vinkonu hennar áfengi.**

**Ákærði kynntist stúlkunni þegar hún var tíu eða ellefu ára. Hann var góður vinur móður hennar og hafði oft dvalið á heimili hennar. Stúlkan sagðist líta á hann eins og föður.** **- þeb**

# Reglur hertar vegna Annþórs og Barkar

**Öryggisgangur á Litla-Hrauni verður rýmdur fyrir tvo fanga sem grunaðir eru um manndráp áður en þeir losna úr einangrun, samkvæmt fyrirmælum fangelsismálastjóra. Þar verða þeir einir og réttindi þeirra í löglegu lágmarki.**

**LÖGREGLUMÁL** Öryggisreglum á Litla-Hrauni hefur verið breytt til að betur verði hægt að taka á móti Annþóri Kristjáni Karlssyni og Berki Birgissyni þegar þeir losna úr einangrunarvist eftir nokkrar vikur. Þeir eru grunaðir um að hafa valdið dauða samfanga síns í síðustu viku. Þeir voru úrskurðaðir í þriggja vikna gæsluvarðhald og einangrunarvist í gær.

„Við höfum þrjár vikur til að skerpa á öryggismálum hjá okkur og ég get alveg fullvissað þig um að það verður gert,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri.

„Vegna plássleysis þá höfum við nýtt öryggisgang á Litla-Hrauni undir afplánun. Ég gaf út fyrirmæli þess efnis í dag [í gær] að það yrði ekki gert aftur. Þannig að öryggisgangurinn á Litla-Hrauni verður nýttur sem slíkur og sé ekki brýn nauðsyn á vistun fanga þar þá mun hann standa auður,“ segir Páll, sem var farinn að búa sig undir að þurfa að hraða breytingunum ef ske kynni að gæsluvarðhaldskröfunni yrði hafnað.

„Það tekur okkur einhvern tíma að tæma þennan öryggisgang, en það verður klárt þegar nýting hans verður nauðsynleg og öll réttindi manna sem þar verða vistaðir verða í löglegu lágmarki.“

Um leið og Annþór og Börkur losna úr einangrun munu þeir fara á öryggisganginn. „Það er frágengið,“ segir Páll. „Þar verða engir aðrir en þeir og ef aðrir fangar hegða sér með einhverju svipuðu móti þá fara þeir þangað inn líka.“

Þeir sem vistaðir eru á öryggisganginum geta haft samskipti sín á milli, en þó getur þurft að takmarka þau eða koma í veg fyrir þau. „Við verðum bara að athuga það út frá þeim lagalega ramma sem við vinnum eftir hversu mikið við getum lokað þessa menn inni,“ segir Páll.

Athygli vakti að dómari kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurð yfir mönnunum á Litla-Hrauni í gær, en þeir voru ekki fluttir í Héraðsdóm Suðurlands á Selfossi. Þetta er fáheyrt ef ekki einsdæmi. Ástæðan er sú að Börkur hefur verið verulega óstýrilátur þegar hann hefur verið færður á milli staða. Hann hefur hótað sérsveitarmönnunum, gert sig líklegan til að veitast að þeim, hrækt og haft uppi ógnandi tilburði af ýmsum toga. Því óskaði lögregla eftir að dómari kæmi frekar í fangelsið svo að ekki þyrfti að flytja Börk.

stigur@frettabladid.is

> Við verðum bara að athuga það út frá þeim lagalega ramma sem við vinnum eftir hversu mikið við getum lokað þessa menn inni.“
>
> **PÁLL WINKEL** FANGELSISMÁLASTJÓRI



**HART TEKIÐ Á MÁLUM** Páll Winkel ætlar að taka hart á þeim Annþóri og Berki þegar þeim verður hleypt úr einangrun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Verjendur segja ekkert benda til sektar

Á þessu stigi bendir ekkert til þess að Annþór Kristján Karlsson hafi átt þátt í því að bana Sigurði Hólm Sigurðssyni, sem lést á Litla-Hrauni fyrir helgi. Þetta fullyrða verjendur Annþórs, Guðmundur St. Ragnarsson og Hólmgeir Elías Flosason, í yfirlýsingu til fjölmiðla í gær. Ekki liggi heldur fyrir hvort áverkarnir sem Sigurður bar innvortis séu yfirleitt af mannavöldum. Ingi Freyr Ágústsson, verjandi Barkar Birkissonar, sendi efnislega samhljóða yfirlýsingu til fjölmiðla síðdegis í gær.

Verjendur beggja gagnrýna að upplýsingar hafi borist fjölmiðlum og fullyrða að verjendur í málinu hafi fyrst fengið upplýsingar um rannsóknargögn og málavexti í gegnum fjölmiðla.



**ANNÞÓR KARLSSON**



**BÖRKUR BIRGISSON**

Icesave-dómsmálið:

# Málflutningur í september

**ICESAVE Munnlegur málflutningur í máli ESA gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum vegna Icesave hefst 18. september næstkomandi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.**

**Framkvæmdastjórn ESB hefur skilað af sér greinargerð í málinu þar sem stutt er við málflutning ESA, það er að Ísland hafi gerst brotlegt við tilskipun um innistæðutryggingar þegar Landsbankinn féll. Þar að auki hafi aðgerðir íslenskra stjórnvalda falið í sér mismunun milli íslenskra og erlendra innistæðueigenda. Ísland hafnar rökum framkvæmdastjórnarinnar og mun skila athugasemdum á næstu vikum.** **- þj**

Ástþór fær frest til miðnættis:

# Sama rithönd aftur og aftur

**KOSNINGAR** Stikkprufur sem yfirkjörstjórnir um landið hafa gert á meðmælendum Ástþórs Magnússonar forsetaframbjóðanda leiða í ljós að minnsta kosti fjórutíu manns kannast ekki við að hafa skrifað undir listana. Í kvöldfréttum RÚV var sagt frá ábendingu starfsfólks Þjóðskrár, sem fer yfir listana, um að sama rithönd kæmi fyrir í fjölmörgum tilfellum. Grunur leikur á að undirskriftir með sömu rithönd kunni að hlaupa á hundruðum. Ástþór sagði í samtali við RÚV ljóst að hann setti ekki sjálfur inn rangar undirskriftir. Hann telur að verið sé að spila með framboð sitt.

Ástþór hefur fengið frest til miðnættis til þess að skila inn nýjum undirskriftum.



**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON**




Tveir erlendir ferðamenn voru á syllu sem gaf sig í Dyrhólaey í gær:

# Sluppu vel eftir 40 metra fall

**SLYS** Tveir ferðamenn, karl og kona, sluppu ótrúlega vel þegar brún á Lágey Dyrhólaeyjar, sem þau stóðu á, gaf sig um hádegisbil í gær. Þau féllu um 40 metra með skriðu þegar það gerðist, en voru ofan á skriðunni allan tímann. Skriðan féll ofan í Kirkjufjöru, en fjara var þegar slysið varð.

Karlinn fótbrotnaði og konan hryggbrotnaði, en að öðru leyti hlutu þau ekki alvarleg meiðsl. Þau voru bæði lögð inn á bæklunardeild Landspítalans eftir viðkomu á bráðamóttökuna. Maðurinn fór í aðgerð vegna fótbrotsins.

Konan gat gengið til landvarðar og látið vita af atburðinum. Björgunarsveitarmenn úr björgunarsveitinni Víkverja í Vík kom fólkinu til hjálpar. „Við komust að þeim landleiðina þannig að við þurftum ekki að hífa þau upp,“ sagði Grétar Einarsson björgunarsveitarmaður við Vísi í gær. „Þetta er ekkert annað en kraftaverk. Það er algjörlega ótrúlegt hvað þau sluppu vel,“ sagði hann jafnframt. Fólkið var á merktri gönguleið, en svæðinu hefur nú verið lokað. **-þeb**



**100 METRA SYLLA SEM FÉLL** Fólkið féll um fjórutíu metra niður í fjöruna með þessari gríðarstóru skriðu. MYND/GRÉTAR EINARSSON


Tilboð
20 sumarblóm að eigin vali
2.480kr
1. flokkur
Stjúpur | Alísur | Silfurkambur | Daggarbrá
Tilboð
10 sumarblóm í bakka
995kr
Margarítur
í 13 cm. potti
995kr
Hengilobelía
í 12 cm. potti
795kr
Petuníur
í 12 cm. potti
795kr
Öll sumarblóm í Garðheimum eru íslensk ræktuð
Ís
50kr
Gleðilega Hvítasunnu!
CASTELGARDEN
Allar gerðir sláttuvéla
Bensínorf
Rafmagnsorf
Gæðin í fyrirrúmi
Tækja Tilboðsdagar
föstudag - laugardag - sunnudag og mánudag
20% afsláttur
af öllum sláttuvélum
Tilboð
4 matjurtir saman
395kr
Útskriftarblómin
GARÐHEIMAR
ÍSLENSKT FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Opið um hvítasunnuna: laugardag 10.00 til 21.00 | sunnudag 11.00 til 19.00 | mánudag 10.00 til 21.00

## GENGIÐ 24.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,71 | 129,33 |
| Sterlingspund | 201,77 | 202,75 |
| Evra | 161,8 | 162,7 |
| Dönsk króna | 21,77 | 21,898 |
| Norsk króna | 21,465 | 21,591 |
| Sænsk króna | 17,98 | 18,086 |
| Japanskt jen | 1,6206 | 1,63 |
| SDR | 195,32 | 196,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 224,2692

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikill hiti í sölum Alþingis þegar fallist var á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu:

# Drög að stjórnarskrá í þjóðaratkvæði

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti í gær að bera drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá undir þjóðaratkvæði. Kosið verður eigi síðar en 20. október. Tillagan var samþykkt með 35 atkvæðum, en 15 voru á móti. 13 þingmenn voru fjarstaddir.

Hart var tekist á um málið í sölum Alþingis, en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær stóðu umræður um atkvæðagreiðsluna í tæpar 50 klukkustundir. Atkvæðagreiðslan sjálf var flókin, enda lágu 22 breytingartillögur fyrir þinginu. Atkvæðagreiðslan hófst klukkan 11.05 og lauk ekki fyrr en 14.33.

Hér til hliðar má sjá þær spurningar sem þjóðin fær að taka afstöðu til.

- kóp

## Spurningarnar

1. *Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?*
   ☐ Já, ég vil að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.
   ☐ Nei, ég vil ekki að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.
2. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?*
   ☐ Já ☐ Nei
3. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?*
   ☐ Já ☐ Nei
4. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?*
   ☐ Já ☐ Nei
5. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?*
   ☐ Já ☐ Nei
6. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?*
   ☐ Já ☐ Nei

Efndir fylgja ekki orðum:

## Segir jafnréttismál í ólestri

**ALÞINGI** **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir ríkisstjórnina ekki hafa staðið við gefin fyrirheit í jafnréttismálum, þrátt fyrir að hafa sett þau í öndvegi.**



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

**Þorgerður benti á að aldrei hafi færri karlar tekið fæðingarorlof en nú, kynbundinn launamunur fari vaxandi, hlutfall kvenna í áhrifastöðum fyrirtækja hafi ekkert breyst, jafnréttisvottun fyrirtækja hafi setið á hakanum, konur séu í miklum meirihluta þeirra sem sagt hafi verið upp hjá ríkinu og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hafi gerst brotleg við jafnréttislög. Í þessum málum „hafa efndir ekki fylgt orðum hjá þessari ríkisstjórn," sagði Þorgerður.** - kóp

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tóku kannabis í Kópavogi**

Lögreglan stöðvaði kannabisræktun í húsi í Kópavogi eftir hádegi á miðvikudag. Við leit fundust 25 kannabisplöntur. Húsráðandinn, karl á fertugsaldri, viðurkenndi að eiga plönturnar.

### LEIÐRÉTT

Ranglega sagði í blaði gærdagsins að upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg hefði vísað foreldrum barna á leikskólanum Jörfa á lögreglu um frekari upplýsingar um fíkniefnafund á leikskólanum. Hið rétta er að upplýsingafulltrúinn vísaði blaðamanni á lögreglu. Leikskólastjórinn áframsendi svar upplýsingafulltrúans á foreldra í leikskólanum.

# Boðar skoðun á innra skipulagi embættisins

**Verklagsreglur hjá sérstökum saksóknara verða endurskoðaðar í kjölfar þess að embættið kærði tvo fyrrum starfsmenn til ríkissaksóknara fyrir brot á þagnarskyldu. Málið hefur ekki áhrif á dómsmál þrotabús Milestone, segir skiptastjóri.**

**LÖGREGLUMÁL** Verklagsreglur hjá embætti sérstaks saksóknara verða teknar til endurskoðunar eftir að embættið kærði tvo fyrrum starfsmenn sína til ríkissaksóknara.

Guðmundur Haukur Gunnarsson og Jón Óttar Ólafsson hafa verið kærðir til ríkissaksóknara fyrir brot á þagnarskyldu í starfi en þeim er gefið að sök að hafa selt upplýsingar, sem þeir urðu sér úti um í störfum fyrir embættið, til þrotabús Milestone.

Mennirnir, sem eru fyrrverandi lögreglumenn, höfðu unnið að rannsóknum á málum tengdum Milestone og Sjóvá hjá embættinu. Þeir létu formlega af störfum hjá því um áramót en unnu um tíma eftir það sem verktakar fyrir embættið.

Í yfirlýsingu sem Grímur Sigurðsson, skiptastjóri þrotabús Milestone, sendi frá sér í gær kemur fram að félagið P3 sf., í eigu tvímenninganna, hafi boðið fram þjónustu sína við þrotabúið við rannsókn á gögnum tengdum Milestone.

Þrotabúið hafi talið mikils virði að fá reynda rannsóknarlögreglumenn með þekkingu á málefnum Milestone til að hjálpa til við þessa umfangsmiklu vinnu. Þá hafi tvímenningarnir fullyrt að þetta væri gert með fullri vitund þáverandi yfirmanna þeirra hjá embætti sérstaks saksóknara, sem síðar kom á daginn að var rangt. Í kjölfarið muni skiptastjóri kanna réttarstöðu búsins vegna málsins.

Loks kemur fram í yfirlýsingunni að skiptastjóri telji að öll þau gögn sem afhent voru þrotabúinu á grundvelli rannsóknar tvímenninganna fyrir sig hafi verið í eigu þrotabúsins eða þá þess eðlis að þrotabúinu hafi verið heimilt að fá aðgang að þeim.

Þrotabúið hefur höfðað nokkurn fjölda mála til að reyna að fá rift ákveðnum viðskiptum Milestone upp á milljarða króna. Spurður hvort aðkoma tvímenninganna að málum þrotabúsins hafi áhrif á þau mál segir Grímur svo ekki vera.

Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því í kvöldfréttum á miðvikudag að verjendur þeirra sem tengjast rannsóknum, sem tvímenningarnir tóku þátt í hjá embætti sérstaks saksóknara, íhugi að krefjast þess að þeim verði hætt vegna aðkomu þeirra. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að það muni koma betur í ljós við dómsmeðferð máls tvímenninganna hvort aðkoma þeirra að rannsóknum embættis sérstaks saksóknara muni hafi áhrif á mál embættisins tengd Milestone.

Þá segir Ólafur að verkferlar og verklagsreglur hjá embættinu verði teknar til endurskoðunar.

„Mál eins og þetta kallar á skoðun á innra skipulagi embættisins og ég á von á því að við munum fara yfir ákveðna þætti," segir Ólafur.

magnusl@frettabladid.is



**HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Í JANÚAR** Þeir Jón Óttar Ólafsson (til vinstri) og Guðmundur Haukur Gunnarsson (lengst til hægri) voru Hólmsteini Gauta Sigurðssyni saksóknara til aðstoðar þegar svokallað Svarthöfsmál var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**ÁLFTANES** Íbúakosning um sameininguna mun fara fram í haust í báðum sveitarfélögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Garðabær og Álftanes:

## Kosið um sameiningu í haust

**STJÓRNMÁL** Íbúar Garðabæjar og Álftaness munu greiða atkvæði um það í haust hvort sameina eigi sveitarfélögin.

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samþykkti þetta samhljóða á fundi sínum í gær. Bæjarstjórnir sveitarfélaganna munu þurfa að koma sér saman um hvenær atkvæðagreiðslan fer fram. Nefndin var sett á laggirnar árið 2010, eftir að Álftanes fór fram á viðræður um sameiningu á grundvelli frjálsrar sameiningar.

- þeb

Bakarar safna til rannsókna:

## Brjóstabollan gaf 1,5 milljónir

**LÍKNARMÁL** **Landssamband bakarameistara, LABAK, safnaði 1,5 milljónum króna til styrktar grunnrannsóknum á brjóstakrabbameini dagana 10. til 13. maí. Átakið var til stuðnings styrktarfélaginu Göngum saman sem styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini.**

**Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar buðu upp á brjóstabollur með kaffinu um mæðradagshelgina með þessum árangri.**

**Félagið var stofnað haustið 2007 og hefur síðan veitt um 22 milljónum króna til rannsókna.** - shá






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**FERÐAHELGI** Þá er komið að fyrstu stóru ferðahelgi sumarsins og veðrið verður hið besta einkum á Norður- og Austurlandi. Það má búast við skúrum vestan til á morgun en á sunnudag gæti létt til en það eru líkur á þoku við ströndina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 21° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 20° |
| París | 24° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


áfram ísland!
HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN
HAGKAUP
Grillkjöt
Grillsósur frá Rikku!
NÝTT
GOTT
Gott aðsósa
GOTT
Hvítlaukssósa
TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa
GRILL-LÆRI
MEÐ FERSKUM
KRYDDJURTUM
1.819 kr/kg
Verð áður 2.598,-
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
1.547 kr/kg
Verð áður 2.249,-
Lambasirloin
sneiðar
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.159 kr/kg
Verð áður 2.698,-
Lambakótilettur
kryddlegnar
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.449 kr/kg
Verð áður 3.498,-
Ungnauta Piparsteik
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.549 kr/kg
Verð áður 3.398,-
Lærissneiðar
Cajp marineraðar
SPENNANDI
BLÁSKEL
Kynningar í dag
frá kl. 15-18 í Garðabæ,
Akureyri og Eiðistorgi
TILBOÐ
BLÁSKEL 1KG
998 kr/pk.
Verð áður 1.298.-
McCain franskar
tvær nýjar tegundir!
TILBOÐ
MCCAIN
FRANSKAR
20%
afsláttur v/kassa
Superfries
Smiles
Super Spirals
NÝTT
BROSKALLAR &
GORMAR
TILBOÐ
HAGKAUPS
SPELT PIZZA DEIG
399 kr/pk.
Verð áður 459.-
TILBOÐ
JÓA FEL FERSKT
PIZZADEIG
299 kr/pk.
Verð áður 379.-
HOMEBLEST
HOMEBLEST
KEX
229 kr/pk.
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
KARAMELLU
KAKA
499 kr/pk.
Verð áður 719.-
NÝTT
FANTA LEMON
FANTA EXOTIC
NÝTT
BEZT Á FLEST
HVÍTLAUKS-
KRYDDBLANDA
Grillbakkar
í úrvali!
NÝTT
BELGÍSK VAFFLA
M/KÓKOSBOLLU
FERSKT með FLUGI
TILBOÐ
FERSKUR MAÍS
500GR
159 kr/stk.
Verð áður 249.-
TILBOÐ
JARÐARBER
500GR
599 kr/pk.
Verð áður 749.-
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
Gildir til 28. maí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Fylgdist þú með undankeppnum Eurovision-söngvakeppninnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 66,4% |
| Nei | 33,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hyggst þú spila golf í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Tvö þjónustufyrirtæki á Keflavíkurflugvelli hafa hafnað viðskiptum við Wow air:

# Sendu Samkeppniseftirliti kvörtun

**FERÐAÞJÓNUSTA** Wow air hefur kært til Samkeppniseftirlitsins synjun IGS, dótturfélags Icelandair, á því að veita Wow air þjónustu við flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Vallarvinir, annað fyrirtæki sem annast flugafgreiðslu í Keflavík, hefur einnig hafnað því að þjónusta Wow air.

„Á Keflavíkurflugvelli ríkir fákeppni er varðar flugafgreiðslu. Vegna yfirburðastöðu IGS, dótturfélags Icelandair Group og systurfélags Icelandair, er mjög erfitt fyrir nýja aðila að komast inn á þennan markað,“ segir Baldur Oddur Baldursson, forstjóri Wow air. „Fákeppnin leiðir til hærri flugafgreiðslukostnaðar til ótengdra félaga og hækkar farmiðaverð til og frá Íslandi, sem er með því hæsta sem við höfum séð.



„Á Keflavíkurflugvelli ríkir fákeppni er varðar flugafgreiðslu.“

**BALDUR ODDUR BALDURSSON**

Wow air hafði samið við Keflavík Flight Services um þjónustu í Keflavík. „Við vildum hins vegar vera með varaleið og óskuðum nýlega eftir tilboði frá IGS. IGS synjaði okkur um viðskipti. Við teljum að sú synjun byggi á ómálefnalegum forsendum, hún feli í sér misnotkun IGS á markaðsráðandi stöðu sem fari gegn ákvæðum samkeppislaga. Þessi háttsemi hefur verið borin undir Samkeppniseftirlitið og málið er í hefðbundnum farvegi hjá stjórnvaldinu,“ segir Baldur. **- óká**

Breivik vill vera sakhæfur:

# Ætlar ekki að áfrýja dómi

**NOREGUR** Anders Behring Breivik mun ekki áfrýja fangelsisdómi yfir sér ef hann verður úrskurðaður sakhæfur. Þetta sagði hann við lok réttarhaldanna yfir sér í Ósló í gær.

Breivik leggur áherslu á að hann verði metinn sakhæfur. Tvisvar hefur verið lagt mat á andlegt ástand hans, en sérfræðingar komust að mismunandi niðurstöðum. Verði hann metinn sakhæfur bíður hans fangelsi, en sé hann ósakhæfur verður hann vistaður á geðdeild. **- þeb**

Tré gera gagn í Reykjavík:

# Hefta vind og binda kolefni

**GRÓÐUR** Vísbendingar eru um að aukinn trjágróður og byggð innan borgarmarka Reykjavíkur hafi dregið úr vindi svo nemi allt að 0,1 metra á sekúndu á hverjum áratug frá því um 1950. Þetta kemur fram í grein sem Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur ritar í fyrsta tölublað Skógræktarritsins á árinu sem nú er komið út.





**FYRSTA BLAÐIÐ Í ÁR** Í Skógræktarritinu er að finna greinar um allt sem viðkemur skóg- og trjárækt.

Í annarri grein fjalla svo skógfræðingarnir Arnór Snorrason og Gústaf Jarl Viðarsson um rannsóknir sínar á kolefnisbindingu trjágróðurs í þéttbýli Reykjavíkur. Niðurstöður þeirra sýna að kolefnisbinding trjáa á þessu svæði nemi um 5.000 til 7.600 tonnum af koltvísýringi á ári hverju. **- óká**

Sex ára fangelsisdómur:

# Blaðamaður í kókaínsmygli

**DANMÖRK Blaðamaður í Kaupmannahöfn, sem skrifaði um fíkniefnaviðskipti, hefur verið dæmdur í sex ára fangelsi fyrir að hafa smyglað fjórum kílóum af kókaíni frá Perú til Danmerkur.**

**Blaðamaðurinn, Jacob Sejer Petersen, skrifaði fyrir Ekstra Bladet og fjallaði hann þar auk annars um skort á lögregluaðgerðum gegn þeim sem seldu fíkniefni úti á götu á Vesterbro.**

**Fleiri voru ákærðir vegna fíkniefnasmyglsins en þeir hafa enn ekki verið dæmdir.** - ibs

# Tugir mála á leið til sérstaks saksóknara

**Skattrannsóknarstjóri hefur sent 66 mál til sérstaks saksóknara og tugir til viðbótar eru á leiðinni. Sakfelling hefur fengist í öllum málum sem lokið hefur með dómi. Stærstu málin sem rannsökuð eru snúast um milljarða undandrátt.**

**SAKAMÁL** Embætti sérstaks saksóknara hefur fengið til sín alls 66 mál frá skattrannsóknarstjóra frá því að embættið var sett á fót og tugir mála til viðbótar eru á leið þangað. Rannsókn er þegar lokið í 27 málanna. Í fjórum tilfellum varð niðurstaðan sú að ákæra ekki en í 23 þeirra hefur verið gefin út ákæra. Af þeim málum er þegar komin niðurstaða í ellefu. Samkvæmt Ólafi Þór Haukssyni, sérstökum saksóknara, var sakfellt í þeim öllum.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Hann segir málin oft vera mjög vel unnin af skattrannsóknarstjóra þegar þau berist inn á borð síns embættis. Þau séu auk þess flest ekki mjög flókin og því sé hægt að afgreiða þau með nokkuð miklum hraða. „Fjöldi þeirra er enn í rannsókn og það er ágætis gangur á þeim rannsóknum.“

Af þeim ellefu málum sem þegar hefur verið sakfellt í var þyngsta refsingin sem ákvörðuð hefur verið tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi og 100 milljóna króna sekt fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum. Sá dómur, sem var yfir fyrrum framkvæmdastjóra og stjórnarmanni einkahlutafélagsins A&V ehf. sem nú er gjaldþrota, féll í janúar síðastliðnum. Allar sektargreiðslur vegna skattalagabrota renna í ríkissjóð.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir að embætti sitt muni senda tugi mála til viðbótar á allra næstu vikum til sérstaks saksóknara. „Ég myndi ætla að þetta væru um 50 mál á næstu vikum. Það eru allt frá því að vera nokkurra milljóna króna undandráttur og upp í hundruð milljóna króna. Í einhverjum málum sem ég sé fyrir mér að fari héðan innan tíðar er undandrátturinn talinn í milljörðum.“

Sum málanna eru búin að vera lengi í rannsókn hjá embætti skattrannsóknarstjóra. Bryndís segir þau geta verið eitt til tvö ár í rannsókn eftir umfangi. „Hér fer fram sakamálarannsókn í samræmi við lög um meðferð sakamála. Við erum ekki eins og til dæmis Fjármálaeftirlitið sem vísar málum til frekari rannsókna. Þau koma tilbúin frá okkur.“





**ÁKÆRUVALD** Ólíkt Fjármálaeftirlitinu þá skilar embætti skattrannsóknarstjóra fullunninni sakamálarannsókn til sérstaks saksóknara. Skattarannsóknarstjóri hefur hins vegar ekki ákæruvald og því þarf sérstakur saksóknari að sjá um þann hluta málsmeðferðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Skattalagabrot**

| | Fjöldi mála |
|---|---|
| Á leið til sérstaks saksóknara | 50+ |
| Komin til sérstaks saksóknara | 66 |
| Búið að gefa út ákæru | 23 |
| Búið að fella niður | 4 |
| Komin dómsniðurstaða | 11 |
| Sakfellingar | 11 |

Aðkoma sérstaks saksóknara að skattalagabrotamálum er því í flestum tilfellum einungis sú að taka afstöðu til þess hvort ákært verði í málunum eða ekki. Eins og kemur fram að ofan þá er niðurstaða embættisins oftast sú að ákæra í málunum.

**thordur@frettabladid.is**



**APAR** Eldri bavíanar eru oft heilsuhraustari en þeir yngri ef þeir eldri eru í betri stöðu innan apahópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsaka áhrif góðrar stöðu:

# Læknast hraðar og síður veikir

**VÍSINDI Karlkyns bavíanar sem eru í ráðandi stöðu í sínum hóp verða sjaldnar veikir og sár þeirra læknast hraðar en sár annarra bavíana, samkvæmt umfangsmikilli rannsókn vísindamanna á heilsufari þessarar apategundar.**

**Fyrir fram töldu rannsakendur að álagið sem fylgdi því að stýra apahópnum hefði slæm áhrif á heilsu karlanna, en raunin varð önnur. Raunar hefur lengi verið deilt um hvort sé verra fyrir heilsuna, álagið sem fylgir því að vera í ráðandi stöðu, eða álagið sem fylgir því að vera undirmálsapi. Niðurstaðan er sú að það er betra að vera á toppnum, að minnsta kosti fyrir apa.** - bj

## DANMÖRK

### Banna reykingar við störf

Fjögur sveitarfélag í Danmörku hafa bannað reykingar á vinnustað. Tíu önnur sveitarfélög munu undirbúa sams konar reglur.

## BANDARÍKIN

### Burt með plastpokana

Borgarstjórn Los Angeles í Kaliforníu hefur ákveðið að notkun plastpoka verði með öllu bönnuð í borginni. Innan eins árs verða þurfa allir verslunarmenn að hafa skipt út plastpokunum fyrir umhverfisvæna bréfpoka.




STÆRSTA ÍÞRÓTTAVÖRUVERSLUN BRETLANDS

# SPORTS DIRECT.COM

## SPORTSDIRECT.COM OPNAR Á SMÁRATORGI Á LAUGARDAG KL 10

VIÐ TRYGGJUM

# LÁGT VERÐ

Slazenger

LONSDALE LONDON

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK www.facebook.com/SportsDirectIsland

Sports Direct á Íslandi - Smáratorgi 1 - 201 Kópavogi

SKOÐANAKÖNNUN Á FYLGI FORSETAFRAMBJÓÐENDA

# 54% vilja að Ólafur Ragnar sitji áfram

**Stuðningur við áframhaldandi setu Ólafs Ragnars Grímssonar í embætti forseta hefur aukist verulega eftir að hann hóf kosningabaráttu sína í síðustu viku samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við Þóru Arnórsdóttur dalar á sama tíma. Aðrir frambjóðendur njóta lítils stuðnings.**

Umtalsverð breyting hefur orðið á stuðningi við frambjóðendur til embættis forseta Íslands á rúmum mánuði. Þetta sýnir niðurstaða skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi og fyrrakvöld.

Alls sögðust 53,9 prósent þeirra sem afstöðu tóku til einhvers frambjóðenda myndu kjósa Ólaf Ragnar Grímsson, sitjandi forseta, ef gengið yrði til kosninga nú.

Stuðningur við Ólaf hefur aukist verulega frá síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var dagana 11. og 12. apríl. Þá sögðust 46 prósent þeirra sem afstöðu tóku styðja Ólaf til áframhaldandi setu á Bessastöðum.

Þóra Arnórsdóttir, sem mældist með svipað fylgi og Ólafur í síðustu könnun, mælist nú með stuðning 35,4 prósenta kjósenda. Stuðningur við framboð Þóru hefur dalað frá síðustu könnun, þegar hún naut stuðnings 46,5 prósenta kjósenda.

Þegar stuðningur við frambjóðendur var kannaður í apríl hafði Ólafur Ragnar ekki hafið kosningabaráttu sína. Hún hófst með útvarpsviðtali á Sprengisandi á sunnudaginn fyrir viku, og hefur Ólafur verið áberandi í fjölmiðlum síðan. Minna hefur farið fyrir Þóru, sem eignaðist stúlku fyrir réttri viku.

### Tvö í sérflokki

Ólafur og Þóra virðast sem fyrr í sérflokki hvað varðar stuðning, og aðrir frambjóðendur standa þeim langt að baki.

Um 5,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu til einhvers frambjóðanda í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sögðust myndu kjósa Ara Trausta Guðmundsson yrði gengið til kosninga nú. Ari Trausti gaf kost á sér eftir að könnun Fréttablaðsins í apríl var gerð.

Andrea J. Ólafsdóttir gaf einnig kost á sér eftir að könnunin í apríl var framkvæmd, og nýtur nú stuðnings um 2,7 prósenta samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Um 1,3 prósent þeirra sem afstöðu taka segjast myndu kjósa Herdísi Þorgeirsdóttur, en hún naut stuðnings 2,9 prósenta kjósenda samkvæmt könnuninni í apríl. Um 0,9 prósent styðja Ástþór Magnússon, sem naut stuðnings 1,5 prósenta í apríl. Enginn þeirra sem svöruðu spurningunni sagðist styðja Hannes Bjarnason, sem mældist með 0,4 prósenta fylgi í síðustu könnun.

Jón Lárusson naut stuðnings 1,2 prósenta í könnun Fréttablaðsins í apríl, en hefur nú dregið sig í hlé.

Á þeim mánuði sem liðinn er frá síðustu könnun Fréttablaðsins hefur þeim fækkað verulega sem segjast ekki búnir að ákveða hvern þeir myndu kjósa. Í apríl sögðust um 22,1 prósent ekki hafa gert upp hug sinn, en nú er hlutfallið 14,2 prósent.

Framboðsfrestur rennur út í dag og því orðið skýrt hvaða kostir verða í boði. Þá styttist í kosningar, sem fara munu fram laugardaginn 30. júní.

Þegar afstaða þeirra sem þátt tóku í könnuninni er skoðuð án frekari vinnslu mælist Ólafur Ragnar með 42,8 prósenta stuðning og Þóra Arnórsdóttir með 28,1 prósent.

Um 4,2 prósent styðja Ara Trausta, 2,1 prósent Andreu 1,0 prósent Herdísi, 0,7 prósent Ástþór og enginn Hannes. Þá sögðust um 0,4 prósent styðja einhvern sem ekki hefur gefið kost á sér. Um 3,2 prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 14,2 prósent sögðust óákveðin og 3,1 prósent vildi ekki svara spurningunni.



Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is


## Stuðningur eftir kyni og búsetu




**Munur á stuðningi við frambjóðendur eftir kynjum að hverfa**

Lítill munur er á stuðningi við frambjóðendur eftir kynjum, ólíkt því sem kom fram í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var í apríl.

Um 53,5 prósent kvenna sem tóku afstöðu styðja Ólaf og 54,4 prósent karla. Þetta er nokkur munur frá því sem var í apríl, þegar 44 prósent kvenna studdi Ólaf en 47,9 prósent karla.

Þóra naut umtalsvert meiri stuðnings meðal kvenna í apríl, en sá munur hefur minnkað verulega. Nú segjast 36,8 prósent kvenna styðja Þóru og 34 prósent karla. Í apríl studdu 49,4 prósent kvenna Þóru og 43,7 prósent karla.

Ari Trausti Guðmundsson virðist samkvæmt könnuninni njóta heldur meiri stuðnings meðal karla en kvenna. Um 6,6 prósent karla segjast myndu kjósa hann ef gengið yrði til kosninga nú, en um 4,1 prósent kvenna.

## Stuðningur eftir stjórnmálaflokkum




## Mikill munur eftir stuðningi við stjórnmálaflokka

Mikill munur er á stuðningi við Ólaf Ragnar Grímsson og Þóru Arnórsdóttur eftir því hvaða flokk kjósendur segjast myndu kjósa yrði gengið til kosninga nú. Áberandi fleiri kjósendur Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins styðja Ólaf á meðan Þóra á mun meiri stuðning meðal stuðningsmanna Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.

Alls segjast 68,2 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins styðja Ólaf Ragnar til áframhaldandi setu á Bessastöðum. Rúmur fjórðungur stuðningsmanna flokksins, 25,4 prósent, segist styðja Þóru, og 4,6 prósent Ara Trausta. Færri segjast styðja aðra frambjóðendur.

Heldur lægra hlutfall þeirra sem styðja Framsóknarflokkinn myndu kjósa Ólaf Ragnar samkvæmt könnuninni, um 61,1 prósent. Um 25,9 prósent segjast myndu kjósa Þóru en 11,1 prósent styðja Ara Trausta.

Mikill meirihluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar, 67,4 prósent, styðja Þóru Arnórsdóttur. Um 19,6 prósent þeirra sem kjósa myndu flokkinn styðja Ólaf Ragnar, 6,5 prósent Andreu J. Ólafsdóttur, 4,3 prósent Ástþór Magnússon og 2,2 prósent Ara Trausta.

Þóra nýtur einnig stuðnings meirihluta þeirra sem kjósa myndu Vinstri græn yrði gengið til kosninga nú. Um 60 prósent stuðningsfólks flokksins segjast myndu kjósa Þóru yrði kosið í dag, en 23,3 prósent styðja Ólaf Ragnar. Þá styðja 6,7 prósent Ara Trausta og sama hlutfall Herdísi Þorgeirsdóttur.

## Aðferðafræðin

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 23. apríl og fimmtudaginn 24. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og var um lagskipt úrtak að ræða.

Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvern myndir þú kjósa til embættis forseta Íslands ef gengið yrði til kosninga nú? Alls tóku 79,5 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.


Rafskutlur

Vandaðar og kraftmiklar rafskutlur sem henta vel við íslenskar aðstæður.

**Skoðaðu úrvalið og prufukeyrðu í sýningarsal okkar að Askalind 1, Kópavogi.**

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN



PIPAR\TBWA • SÍA • 121124

TILBOÐIN GILDA **24. - 27.** MAÍ

# nettó
*Kræsingar & kostakjör*



## LAMBAHRYGGUR
FYLLTUR & FERSKUR

**32% AFSLÁTTUR**

**1.971**

ÁÐUR **2.898** KR/KG

### AFGREIÐSLUTÍMAR UM HVÍTASUNNUHELGI

28.maí
Hvítasunnudagur: **Lokað**

29.maí
Annar í hvítasunnu: **12:00-18:00**
Selfoss: **10:00-18:00**
Mjódd: **dag&nótt**

# GÓÐAR VÖRUR – GOTT VERÐ!



**KINDAINNRALÆRI**
GRILL - KRYDDAÐ

**2.572**

ÁÐUR **3.298** KR/KG



**LAMBALÆRI**
GRILL-KRYDDAÐ

**1.290**

ÁÐUR **1.698** KR/KG

KJÖTSEL



**LAXAFLAK**
FERSKT M/ ROÐI

OpalSeafood

**1.698**

ÁÐUR **1.998** KR/KG



**KINDAFILE**
KRYDDAÐ

**32% AFSLÁTTUR**

**2.985**

ÁÐUR **4.389** KR/KG

KJÖTSEL



**SYKURPÚÐAR**
283 G

**2 FYRIR 1**

**249** 2/PK



**GRILLBORGARAR**
4 STK. M/ BRAUÐI
320 G

GOÐI

**594**

ÁÐUR **699** KR/PK

1 BORGARI + 1 BRAUÐ AÐEINS **149 KR**

**NÝBAKAÐ TILBOÐ VIKUNNAR**



**50% AFSLÁTTUR**

PEKAN
VÍNARBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM*

VERÐ NÚ

**107**

ÁÐUR **214** KR/STK

*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI



**EMERGE**
ORKUDRYKKUR
250 ML

**25% AFSLÁTTUR**

VERÐ NÚ

**89**

ÁÐUR **119** KR/STK



**JARÐARBER**
250 G

**50% AFSLÁTTUR**

VERÐ NÚ

**199**

ÁÐUR **398** KR/ASKJAN

**ÁVÖXTUR VIKUNNAR**

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu há sekt var Gunnar Birgisson dæmdur til að greiða fyrir að blekkja Fjármálaeftirlitið?*
2. *Hver skoraði síðara mark karlaliðs KR gegn FH í Frostaskjóli í fyrrakvöld?*
3. *Hvaða fornfræga hljómsveit mun leika á minningartónleikum um gítarleikarann Kristján Eldjárn í júní?*

**SVÖR**

1. 150 þúsund krónur
2. Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður FH
3. Þursaflokkurinn

Stefan Füle stækkunarstjóri ESB boðar samstarf í gjaldeyrismálum:

# Vinnuhópur meti afnám hafta

**EVRÓPUMÁL** Íslensk stjórnvöld og framkvæmdastjórn Evrópu tilkynntu í gær um myndun sameiginlegs vinnuhóps um afnám gjaldeyrishafta á Íslandi. Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir: „Frjálst flæði fjármagns er einn meginþátturinn í fjórfrelsinu á sameiginlegum innri markaði Evrópu og því liggur fyrir að ríki með gjaldeyrishöft geta ekki gerst aðilar að Evrópusambandinu.“

Því, að því er segir í tilkynningunni, er afnám gjaldeyrishaftanna viðfangsefni aðildarviðræðnanna og hlutverk vinnuhópsins að móta sameiginlegan skilning og meta leiðirnar út úr höftunum í samvinnu.

Á fundi sínum í gær fóru Össur og Füle einnig yfir gang viðræðnanna og ítrekaði Össur þá afstöðu Íslands að hefja skyldi sem fyrst samningaviðræður um veigameiri málaflokka, til dæmis gjaldmiðilsmál, sjávarútveg, landbúnað og byggðamál. Ísland hafi í þessum málum bæði ríka hagsmuni og skýra sérstöðu sem aðildarsamningur þyrfti að taka tillit til. **- þj**



**RÁÐHERRANN OG STÆKKUNARSTJÓRINN** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hitti Stefan Füle, stækkunarstjóra ESB, í gær, þar sem þeir ræddu meðal annars um samstarf um afnám gjaldeyrishafta á Íslandi. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Samherji kærir úrskurð:

# Segja vitlaust reiknað hjá SÍ

**DÓMSMÁL** Samherji hefur kært til Hæstaréttar úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um húsleit og haldlagningu gagna sem Seðlabankinn framkvæmdi í mars. Samherji vill aðgerðirnar dæmdar ólögmætar.

Þetta kemur fram í bréfi sem Samherji sendi starfsmönnum sínum í gær. Þar segir að aðgerðir Seðlabankans séu byggðar á röngum forsendum. Þá sé reiknivilla í aðferðafræði bankans við reikning á verði á karfa í viðskiptum fyrirtækisins við tengda aðila í Þýskalandi. **- þeb**

Árás á skóla í Afganistan:

# Eitrað fyrir skólastúlkum

**AFGANISTAN Eitrað var fyrir 120 skólastúlkum og þremur kennurum þeirra í skóla í Takhar í Afganistan síðastliðinn miðvikudag, að því er segir á fréttavefnum b.dk. Að sögn lögreglu voru andstæðingar menntunar kvenna að verki.**

**Eitruðu dufti hafði verið komið fyrir í skólastofunum og leið yfir fjölda stúlkna.**

**Menntamálaráðuneyti Afganistans greindi frá því í síðustu viku að uppreisnarmenn hefðu lokað 550 skólum í 11 héruðum þar sem talibanar njóta mikils stuðnings.**

**Í síðasta mánuði voru 150 skólastúlkur og kennslukonur lagðar inn á sjúkrahús eftir að hafa drukkið eitrað vatn úr vatnstanki skóla í Takhar.** **- ibs**

Bróðir flóttamannsins er einnig flúinn til Peking:

# Áhyggjur af afdrifum fjölskyldu Chen

**KÍNA, AP** Eldri bróðir kínverska flóttamannsins Chen Guangcheng, Chen Guangfu, hefur flúið heimabæ sinn. Hann fór til höfuðborgarinnar Peking til þess að ráðfæra sig við lögfræðinga, en sonur hans hefur verið ákærður fyrir morðtilraun.

Sonurinn, Chen Kegui, lenti í útistöðum við stjórnvöld í bænum en ráðist var inn á heimili hans þegar verið var að leita að Chen Guangcheng í apríl. Fjölskyldan segir að á hann hafi verið ráðist, en hann var í kjölfarið handtekinn og ákærður fyrir morðtilraun.

Fjölskyldan hefur rætt við lögfræðinga vegna málsins en stjórnvöld segja að þau muni skipa Chen Kegui lögmann.

Einn lögmannanna segir að öryggisgæsla í heimabæ þeirra hafi verið aukin eftir að Chen Guangcheng flúði þaðan. Chen Guangcheng er nú kominn til Bandaríkjanna ásamt konu sinni og börnum, en aðrir fjölskyldumeðlimir eru enn í Kína. Hann hefur lýst yfir áhyggjum sínum af því að þeim verði refsað fyrir gjörðir hans.

Chen Guangcheng flúði úr ólöglegu stofufangelsi í apríl og komst í bandarískt sendiráð. Mál hans olli miklum vandræðum í samskiptum Bandaríkjanna og Kína. **- þeb**




**FYLGST MEÐ ÁTÖKUM** Einn af friðargæsluliðum Sameinuðu þjóðanna tekur myndir af fólksflutningabifreið stjórnarhersins, sem eyðilagðist í sprengjuárás. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mannréttindabrot framin á báða bóga

**Bæði stjórnarherinn og sveitir uppreisnarmanna stunda manndráp og pyntingar í Sýrlandi. Mest af ofbeldinu má þó rekja til stjórnarhersins. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu rannsóknarnefndar SÞ.**

**SÝRLAND, AP** Rannsóknarnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna fullyrðir að bæði stjórnarherinn í Sýrlandi og æ skipulagðari sveitir uppreisnarmanna hafi staðið að hrottalegum ofbeldisverkum, þar á meðal manndrápum og pyntingum.

Mest af þessu ofbeldi segir nefndin þó að megi rekja til stjórnvalda. Niðurstöður sínar byggir nefndin á hundruðum viðtala við einstaklinga, sem flúið hafa land á síðustu vikum.

„Bardagamenn í vopnuðum hópum stjórnarandstæðinga hafa verið drepnir eftir að þeir voru handteknir eða særðir,“ segir í skýrslu, sem nefndin sendi frá sér í gær. „Í sumum sérlega alvarlegum tilvikum hafa heilu fjölskyldurnar verið teknar af lífi á heimili sínu – yfirleitt fjölskyldumeðlimir þeirra sem andvígir eru stjórninni.“

Meira en 250 friðargæsluliðar eru í Sýrlandi á vegum Sameinuðu þjóðanna til þess að hafa eftirlit með framkvæmd friðaráætlunar, sem Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fékk bæði stjórnina og uppreisnarmenn til að fallast á.

Vopnahléð er hins vegar brotið á hverjum degi, bæði af stjórnarliðum og af uppreisnarmönnum.

Stjórn Bashar al Assads forseta heldur enn fast í það að uppreisnin, sem nú hefur staðið yfir í fimmtán mánuði, stafi ekki af almennri óánægju landsmanna heldur standi hryðjuverkamenn á bak við mótmælin. Aukið ofbeldi tengt mótmælunum geri ekki annað en að staðfesta þetta.

> Í sumum sérlega alvarlegum tilvikum hafa heilu fjölskyldurnar verið teknar af lífi á heimili sínu – yfirleitt fjölskyldumeðlimir þeirra sem andvígir eru stjórninni.
>
> **ÚR SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR SÞ**

Uppreisnarmenn segjast á hinn bóginn hafa neyðst til að grípa til vopna eftir að stjórnarherinn tók að skjóta á mótmælendur og varpa sprengjum á almenning. Uppreisnarmenn hafa einnig sakað stjórnina um að standa að mörgum sprengjuárásum í landinu í þeim tilgangi að geta kennt uppreisnarmönnum um hryðjuverk.

Í mars síðastliðnum taldist Sameinuðu þjóðunum til að átökin í landinu hafi frá upphafi kostað meira en níu þúsund manns lífið. Átökin hafa haldið áfram, svo hæglega má gera ráð fyrir því að fjöldi látinna sé kominn vel yfir tíu þúsund.

Átökin í Sýrlandi hafa einnig breiðst út til nágrannaríkisins Líbanons, þar sem banvæn átök hafa kostað að minnsta kosti tíu manns lífið síðasta hálfa mánuðinn.

**gudsteinn@frettabladid.is**

hagar

**Aðalfundur Haga hf. 8. júní 2012**

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn föstudaginn 8. júní 2012 og hefst hann kl. 10:00 á 20. hæð í Turninum, Smáratorgi í Kópavogi.

**Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu ári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2011/12.
5. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
6. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ársreikning og önnur gögn ásamt upplýsingum um rafræna atkvæðagreiðslu er að finna á vefsíðu félagsins, www.hagar.is

**Stjórn Haga hf.**




FERÐADAGURINN FYRSTI

# Þrefaldir N1 punktar í dag!

Við fögnum fyrstu stóru ferðahelgi ársins með **þreföldum N1 punktum fyrir korthafa okkar á öllum stöðvum, verslunum og bílaþjónustu í dag.** Mundu að einn N1 punktur jafngildir einni krónu í viðskiptum við N1. Gleðilegt ferðasumar með N1.

**20%** afsláttur af grillum. Áfylling á gasið fylgir með.





## Grillveisla
**BÍLDSHÖFÐA 9**
Gómsætur grillmatur í boði milli 16 og 18 í dag!

**ALLIR KRAKKAR FÁ ÍSPINNA**
meðan birgðir endast



Er vagninn klár fyrir sumarið?

## FERÐAVAGNA ÞJÓNUSTA TILBOÐ

Við förum yfir vagninn fyrir aðeins
**4.980 KR.**

- Eru ljós og perur í lagi?
- Er rafmagnstengill í lagi?
- Er rafgeymir í lagi?
- Eru dekkin í lagi?
- Er réttur loftþrýstingur í hjólbörðum?

**Hringdu og pantaðu tíma núna!**

| | |
|---|---|
| N1 Funahöfða | 535 9110 |
| N1 Stórahjalla | 440 1342 |
| N1 Langatanga | 440 1378 |
| N1 Grænásbraut | 440 1372 |
| N1 Dalbraut | 440 1394 |

Tilboðið gildir til 19. júní m.v. 1 klst. vinnu án efnis.



## EUROVISION TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM
40" Haier LED Full HD 1920x1080
**104.900 KR.**
32" Haier LED HD Ready 1366x768
**69.900 KR.**

N1 Meira í leiðinni



**PRINSESSA SKÍRÐ** Estelle heitir þessi unga manneskja í fangi móður sinnar, Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Unnin verði heildstæð áætlun um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi:

# 50 milljónir gegn glæpastarfsemi

**ALÞINGI** Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að undirbúa aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Þá vill nefndin að 50 milljónir fari á fjáraukalög í heimild fyrir lögreglu til að starfrækja sérstakt rannsóknar- og aðgerðateymi gegn skipulagðri glæpastarfsemi og mansali.

Björgvin G. Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir að slíkt teymi hafi gefið góða raun og vilji standi til að halda því áfram. Hann segir tillögur nefndarinnar í góðu samræmi við óskir löggæsluyfirvalda í þessum efnum. „Þetta er líka yfirlýsing um að við tökum þessi mál alvarlega.“



Þetta er líka yfirlýsing um að við tökum þessi mál alvarlega

**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

Nefndin lagði tillöguna fram í mars og hefur nú afgreitt hana til annarrar umræðu, en allir nefndarmenn standa að henni.

„Þetta var afgreitt hratt og vel og í mikilli samstöðu og er ástæða til að fagna því, sérstaklega af því að það er mjög mikilvægt að lögreglunni séu áfram tryggðar fjárheimildir og aðstaða til að vinna kerfisbundið gegn uppgangi skipulagðrar glæpastarfsemi. Hennar gætir víða í samfélaginu eins og við sjáum meðal annars í alvarlegum atburðum innan fangelsa landsins sem utan,“ sagði Björgvin á þingi í gær. - kóp

Sonur Amagermannsins:

# Lá á gripum úr nauðgunarmáli

**DANMÖRK Sonur Amagermannsins svokallaða, sem var nýlega dæmdur fyrir tvö morð og sex nauðganir, var í gær dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir yfirhylmingu.**

**Tugir skartgripa, aðallega silfurhringir, fundust í fórum sonarins en gripunum var stolið úr húsi þar sem faðirinn nauðgaði þremur konum árið 1995. Sonurinn neitaði sök. Hann sagðist hafa keypt gripina af félaga sínum í Kristjaníu, en hafi þó grunað að um þýfi væri að ræða.** - þj




# Pottur talinn brotinn í skráningu Facebook

**Kærumál streyma inn vegna vandræðagangs við markaðsskráningu Facebook. Hafin er rannsókn á því hvort fjárfestingarbankinn Morgan Stanley hafi mismunað fjárfestum í hlutafjárútboði og upplýst suma um neikvæða matsskýrslu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað veldur vandræðum Facebook?

Gengi hlutabréfa í Facebook hækkaði lítillega síðustu tvo daga, eftir hrun fyrstu tvo dagana á markaði, á mánudag og þriðjudag. Bréfin voru fyrst tekin til viðskipta síðasta föstudag.

Vegna þess hve mikill vandræðagangur er orðinn tengdur markaðsskráningu Facebook er hins vegar vafamál hvor máltæki um að „fall sé fararheill“ geti átt við um bréf fyrirtækisins.

Þannig eru tæknileg mistök í upplýsingagjöf Nasdaq-kauphallarinnar bandarísku á föstudag sögð hafa átt þátt í að fjöldasala brast á bréf félagsins í viðskiptum mánudagsins sem nærri því hafi endað í „áhlaupi“ á bréfin.

Um það er fjallað í Daily Mail í Bretlandi í gær að vegna hálftíma tafar sem varð á upphafi viðskipta með bréf Facebook á föstudagsmorguninn hafi ekki tekist að ganga frá öllum hlutabréfaviðskiptum sem áttu að eiga sér stað á fyrsta gengi dagsins, 42 dölum á hlut. Kauphöllin hafi svo á mánudagsmorgun sent frá sér tilkynningu um að fjárfestum, sem vegna þessa hafi ekki tekist að selja bréf sín, yrði bættur skaðinn ef þeir gerðu kröfu um það fyrir hádegi á mánudag. Viðskiptastöðin CNBC sagði þetta hafa leitt til fjöldasölu fjárfesta sem ætluðu sér að sækja bætur til Nasdaq og ýtt undir verðfall bréfanna.

Upphafsraunum Facebook á markaði var þó ekki lokið þarna. Síðla dags á mánudag bárust af því fregnir að fjárfestingarbankinn Morgan Stanley, sem ábyrgðist skráninguna fyrir Facebook, hafi skömmu fyrir skráninguna endurskoðað og dregið saman hagnaðarspá Facebook. Þær upplýsingar kynnu hins vegar ekki að hafa ratað til allra fjárfesta. Í kjölfarið hefur verðbréfaeftirlitið bandaríska hafið rannsókn á því hvort fjárfestum kunni að hafa verið mismunað í útboðinu.

Í gær höfðaði svo hópur hluthafa mál á hendur Facebook, framkvæmdastjórn fyrirtækisins og Morgan Stanley. Málið er höfðað fyrir dómstólum í New York, en hluthafahópurinn heldur því fram að útboðsgögn félagsins hafi innihaldið rangar fullyrðingar og sleppt mikilvægum staðreyndum, svo sem um „mikinn samdrátt í vexti tekna“ sem Facebook hafi gengið í gegnum á sama tíma og félagið var skráð á markað. Þetta segja hluthafarnir að hafi valið þeim skaða.

Í tilkynningu frá Facebook í gær er málshöfðunin sögð tilhæfulaus, en Morgan Stanley vildi ekki tjá sig um hana. olikr@frettabladid.is




**UNDIR SMÁSJÁNNI** Almenningshlutafélagið Facebook er nú undir smásjá fjármálaeftirlits í Bandaríkjunum vegna gruns um að fjárfestum hafi verið mismunað í útboði á bréfum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Facebook bréfin hækkuðu um 3 prósent

Gengi hlutabréfa Facebook hækkaði um 3,2 prósent á hlutabréfamarkaði Nasdaq í Bandaríkjunum á miðvikudag. Gengið fór í rúma 32 Bandaríkjadali, en hækkunin var sú fyrsta eftir fyrstu tvo heilu daga bréfanna á markaði. Hækkun í fyrstu viðskiptum í gær nam svo 1,6 prósentum. Verð bréfanna er engu að síður enn vel undir útboðsgengi þeirra sem var 38 dalir.
Við upphaf viðskipta á föstudag var gengi þeirra hins vegar 42,05 dalir og hækkaði í 45 áður en það lækkaði aftur og endaði daginn í 38,23 dölum.

Í byrjun vikunnar tók svo við hrun á gengi bréfanna sem í lok dags á þriðjudag höfðu rýrnað um nærri fimmtung. Núna eru þau um 15 prósentum undir útboðsgenginu.




Hæstiréttur staðfestir dóm yfir manni sem ók á slökkvistöð og lögreglustöð:

# Tilraun til hættulegrar árásar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm yfir 38 ára gömlum karlmanni, Herði Þráinssyni, fyrir fjölmörg brot. Hann hafði verið dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í héraðsdómi.

Maðurinn ók jeppa á útkeyrsluhurðir á Slökkvistöð höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð í júní árið 2009. Hann hafði áður hótað að skaða lögreglumenn eða opinbera starfsmenn og reyndi að keyra inn í samskiptamiðstöð lögreglunnar. Lögregla reyndi að stöðva manninn í Skógarhlíð en án árangurs. Hann ók þá á miklum hraða eftir Bústaðavegi og á Snorrabraut, þar sem hann ók á bíl. Hann ók svo áfram að lögreglustöðinni á Hverfisgötu þar sem lögreglubíll keyrði á hann og stöðvaði hann.

Maðurinn var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni, tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar og eignaspjöll. Þá var hann dæmdur fyrir umferðarlagabrot. Maðurinn var undir áhrifum áfengis og fíkniefna þegar atvikið varð, en hann var einnig dæmdur fyrir önnur fíkniefnalagabrot. Honum var gert að greiða allan sakarkostnað og var sviptur ökuréttindum ævilangt, en héraðsdómur hafði svipt hann ökuréttindum í þrjú ár. - þeb



**STÖÐVAÐUR** Maðurinn var stöðvaður við lögreglustöðina við Hverfisgötu eftir ofsaaksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# SØSTRENE GRENE



1.
SKRAUTLEGAR PAPPAÖSKJUR
Verð frá **199**



2.
TESIGTI MEÐ KEÐJU
Verð **328**



3.
PERLUR Í ÖSKJU
Verð **319**




4.
SÖSTRENE GRENE AKRÍLLITIR
Verð **369**




5.
MUNSTRAÐIR PLÁSTRAR
Verð **339**



6.
SKÆRI FRÁ SÖSTRENE GRENE
Verð frá **397**



7.
AFMÆLISKERTI ÖNNU OG CLÖRU
Verð frá **199**



8.
GRAFÍSKUR GJAFAPAPPÍR
Verð **199**



9.
BORÐKLÚTAR 8 LITIR
Verð **257**

ANNA OG CLARA OPNA NÝJA VERSLUN Í

# KRINGLUNNI

## ÞANN 25. MAÍ - KL.10.00

SÖSTRENE GRENE, KRINGLAN 4-12,103 REYKJAVIK

SØSTRENE GRENES
ALL OVER THE WORLD
HANDELSKOMPAGNIE

Finnið nýjar hugmyndir á bloggsíðu okkar:
**www.søstrenegrene.dk**


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
FRÁBÆRT á grillið
NÝTT PIPARMARINERAÐ
1398 kr. kg
Hvítlauks og rósmarín marinerað
1398 kr. kg
Trönuberja og eplamarinerað
1398 kr. kg
Ferskt og ókryddað
1398 kr. kg
Grillkryddað
1398 kr. kg
New York marinerað
1398 kr. kg
Piparmarinerað lambalæri
EUROVISION
ÁFRAM ÍSLAND
40% afsláttur
959 kr. kg
Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Grísakótilettur, þú velur: New York, ítalska eða hvítlauks og rósmarín marineringu
25% afsláttur
1257 kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki, úrbeinaður
30% afsláttur
1598 kr. kg
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir
1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín
Þarf aðeins að hita!
598 kr. fatan
Holta BBQ og buffalóvængir í fötu, 800 g
2,6 kg
2998 kr. stk.
Dönsk herragarðsönd, 2,6 kg
Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar
Aukakrónur
VISA
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

Nýtt!

# GRILLPRENNA Krónunnar

## GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

Grillað 'etta

### GRILLBAKKI 1 SNÖGGI GRILLARINN



**1598 kr./kg**

Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísarif

### GRILLBAKKI 2 STEIKARGRILLARINN



**1998 kr./kg**

Ungnauta entrecote, grísahnakki og grísaspjót

### GRILLBAKKI 3 FLOTTI GRILLARINN



**2198 kr./kg**

Grísakótilettur, grísasíða og lambainnralæri

---

40% afsláttur



**2939 kr. kg**

Verð áður ~~4898~~ kr. kg

Ungnauta entrecote, erlent





**1998 kr. kg**

Krónu kjúklingabringur

4 í pk.



**698 kr. pk.**

Grillborgarar m/brauði 4 stk.





**398 kr. pk.**

Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g

10 í pk.





**1098 kr. pk.**

Hamborgarar, frosnir, 10x80 g

Gott saman!





**1398 kr. tvennan**

Spare Ribs og Iceland maísstönglar

---

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Adolf Guðmundsson,** formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna

# Herferðin kom til af nauðsyn

Lækkun á veiðigjaldi frá því sem nú er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar skiptir ekki máli. **Formaður LÍÚ** segir *Svavari Hávarðssyni* að um lamandi hækkun fyrir fyrirtækin sé að ræða eftir sem áður. Hann segir að völd LÍÚ séu ofmetin og hagkerfið sjái um að koma arði sjávarútvegsins til þjóðarinnar. Nýleg auglýsingaherferð hafi verið svar útgerðarmanna við tómlæti fjölmiðla.



**ADOLF GUÐMUNDSSON** Formaðurinn telur að þrátt fyrir fréttir um að veiðigjaldið verði lækkað frá því sem var upphaflega í frumvarpi um veiðigjöld þá skipti það engu máli. Um margfalda hækkun á veiðigjaldi sé að ræða eftir sem áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Kvisast hefur út að sérstaka veiðigjaldið verði lækkað verulega frá því sem það var í upphaflega frumvarpinu um veiðigjald. Atvinnuveganefnd bað í því sambandi sérfræðinga um að reikna dæmi þar sem gjaldið er lækkað um helming. Eins verður tekið tillit til skulda fyrirtækjanna. Eru stjórnvöld að nálgast ykkar sýn á breytingar?*

„Það er erfitt að ræða hluti sem okkur er neitað um að sjá. Eins og frumvörpin líta út núna erum við að tala um sjö- til tíföldun á veiðigjaldi frá því sem útgerðin greiðir í dag, en það er misjafnt eftir útgerðarflokkum. Síðan höfum við heyrt um þessa lækkun, en hafa ber í huga að það er ekki um lækkun að ræða heldur margföldun á því veiðigjaldi sem við þegar greiðum. Til að meta þetta álitaefni þurfum við að hafa eitthvað í höndunum. Eða að okkur verði sýnd sú kurteisi, sem viðgengst í siðuðum samfélögum, að við okkur sé rætt og okkur kynnt málið. Við höfum ekkert í höndunum og það eina sem við höfum á að byggja eru frumvörpin eins og þau liggja fyrir. Þau eru eyðileggjandi fyrir íslenskan sjávarútveg. Forsendur útreikninganna eru úr öllu samhengi við þann raunveruleika sem er í íslenskri útgerð.“

*Hvað áttu við nákvæmlega?*

„Bókfært virði vegna kaupa á aflaheimildum er 212 milljarðar og það er hvergi sjáanlegt í útreikningunum. Það er talað um æskilegar og óæskilegar skuldir. Það er sagt að við höfum fjárfest í óskyldum greinum. Útreikningar Landsbankans sýna að innan við tvö prósent af skuldum útgerðarinnar komu til vegna fjárfestinga utan greinarinnar. Auðvitað sjá menn að þetta er óverulegt. Samt er því haldið fram að útgerðarmenn hafi hagað sér óskynsamlega. Þvert á móti er íslensk útgerð skynsöm. Við erum vissulega skuldsettir en við erum lítið skuldsettir miðað við aðrar atvinnugreinar.“

### Auðlindin og þjóðin

*Auðlindin er í eigu þjóðarinnar. Er þá ekki eðlilegt að hún fái að njóta þess með sérstöku gjaldi?*

„Við teljum að fullveldisrétturinn taki á því að íslenska ríkið, eða löggjafinn, geti sett nauðsynlegar reglur, og þá innan skynsamlegra marka. Við gerum hins vegar engan ágreining um sameign íslensku þjóðarinnar.

Þegar menn eru að tala um að þjóðin eigi að fá arð frá atvinnugreininni þá skal það sagt að hún fær hann til sín. Hann hríslast út í gegnum íslenskt samfélag í gegnum hagkerfið. Arðurinn af útgerð á Íslandi endar að mestu leyti hjá ríkinu, sem er fólkið í landinu. Það er frekar blómlegt á Íslandi og ég vil halda því fram að við sem störfum í sjávarútvegi eigum nokkurn þátt í því. Tekjur hafa aukist en það hafa skuldir gert líka. Sjávarútvegsráðherra gleymir þessu og talar um ofsagróða í íslenskum sjávarútvegi.“

*Er það ekki rétt? Er ekki ofsagróði hjá útgerðinni?*

„Það hefur almennt verið ágætis afkoma undanfarin ár. Hjá meginþorra fyrirtækja er þó enginn ofsagróði. Menn eru gjarnir á að taka toppana og þetta er besta árið sem hefur komið lengi. Það er engin launung að það hefur verið góð afkoma vegna góðrar makríl- og loðnuveiði. Markaðir hafa verið góðir, en ef við horfum heilt yfir atvinnugreinina þá á þetta ekki við.

Má ég þarna víkja að útreikningum ráðherra? Hann talar alltaf um tekjuhliðina en aldrei kostnaðinn. Við erum að borga afkomutengd laun og olíuverð hefur valdið því að öll hlutföll hafa raskast verulega. Það var talið eðlilegt að olíukostnaður væri fimm til sjö prósent en hann er 18 til 20 prósent. Öll önnur aðföng eru dýrari.

Rekstrarkostnaðurinn hefur því hækkað mikið. Síðan er það gefið að það er ekki bara verið að fylla vasa hluthafa. Það hrundi hjá okkur. Eiginfjárstaðan var neikvæð og því óheimilt að borga arð. Þessi staða er uppi hjá mörgum fyrirtækjum.

Jú, menn tala um arðgreiðslur stærstu fyrirtækjanna. Þetta eru vissulega stórar tölur og ég get vel skilið að það hafi áhrif á þá sem hafa lítið eða ekkert.

Það er hins vegar önnur hlið á þessu. Þau fyrirtæki sem eiga velgengni að fagna eru að fjárfesta. Við getum tekið HB Granda sem dæmi sem hefur verið í fjárfestingum. Vopnafjörður væri líklega ekki til ef það fyrirtæki hefði ekki burði til að endurnýja sig og byggja upp samfélagið allt. Samfélögin njóta góðs af þessari velgengni, fyrst og síðast.“

Peningarnir fara líka til ríkisins. En ríkið vill samt meira.

Þessi aðferðafræði, vil ég segja, að færa fé frá útgerðinni til að byggja upp aðrar atvinnugreinar, er rugl. Að styrkja eina atvinnugrein á kostnað annarrar. Verða öll þessi störf raunveruleg ef undirstöður sjávarútvegsins veikjast? Ég efast um það.“

*Ertu að vísa til þess að þjónustufyrirtæki við sjávarútveginn muni líða fyrir gjaldtökuna?*

„Já, ef menn horfa á klasasamfélög í kringum sjávarútveginn; vélsmiðjur, verktakafyrirtæki, tæknifyrirtæki og fleira. Tökum Marel sem dæmi. Marel og fleiri fyrirtæki voru byggð upp í samvinnu við útgerðina. Íslenskur sjávarútvegur borgaði, og er að borga, þróunarvinnu sprotafyrirtækja sem oft eru nefnd á nafn til að sýna hvað vel er gert í atvinnulífinu. Þessi fyrirtæki hafa síðan þroskast og leita í fleiri áttir en grunninn má finna hjá útgerðinni. Sprotafyrirtæki þarf fjármagn og viðskipti, sérstaklega í byrjun. Annars er fyrirtækið andvana fætt.

Stjórnvöld tala um góðar og slæmar fjárfestingar fyrir útgerðina. Er það slæmt ef ég legg fjármuni í sprotafyrirtæki á Seyðisfirði, hjálpa því á fæturna? Eða að ég setji peninga í þekkingarfyrirtæki heima? Af hverju er það óeðlilegt að útvegsfyrirtæki kaupi hlut í olíufyrirtæki ef það er góð fjárfesting? Af hverju á að skilgreina eina atvinnugrein sem óæskilega fjárfesta?

> Þegar menn eru að tala um að þjóðin eigi að fá arð frá atvinnugreininni þá skal það sagt að hann kemur annars staðar frá. Arðurinn hríslast út í gegnum íslenskt efnahagslíf í gegnum hagkerfið.

Ef Steingrímur, sjávarútvegsráðherra og fyrrverandi fjármálaráðherra, lítur eingöngu á tekjurnar þá er ég ekkert hissa þó menn nái ekki tökum á ríkisfjármálunum. Það verður að líta á gjaldahliðina líka.“

### Vitlaust gefið?

*Úti í samfélaginu tala menn samt um að mikill auður verði eftir í vösum fárra á meðan fjölmargir hafa lítið eða ekkert. Hvað segir þú um það?*

„Maður verður var við þetta, það er rétt. Ég get bara talað út frá sjálfum mér. Ég rek sjávarútvegsfyrirtæki á Seyðisfirði. Við höfum verið í samfélagslegum rekstri heima og við höfum ekki

*Sitjandi ríkisstjórn hefur lýst því yfir að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða verði gerðar og kláraðar fyrir þinglok. Er LÍÚ búið að skilgreina hvað er ásættanlegt?*

„Ég hef verið spurður að því áður hvað sé ásættanlegt fyrir íslenska útgerð. Ég hef alltaf sagt að það sem er ásættanlegt er að fyrirtækin fái að blómstra, þau fái að vaxa og fjárfesta. Við erum að borga verulegar upphæðir nú þegar. Menn segja að 4,2 milljarðar í veiðigjald sé lítið. Að 1,5 milljarðar í kolefnisgjald af olíunni sé lítið. Fjöldi fyrirtækja er að borga tekjuskatt þrátt fyrir að unnið sé að því að borga tapið af hruninu. Fyrirtækin eru að borga í beinum sköttum verulegar upphæðir til




Ég hef rekið fyrirtæki nægilega lengi til að muna þá tíð að vera upp á stjórnmálamenn kominn. Að vera undir hæl ríkisbanka þar sem einn fékk fyrirgreiðslu en annar ekki. Þeir réðu því hvort skip fengu að fara á sjó eða hvort mönnum var leyft að kaupa skip yfir höfuð. Er það þetta sem menn vilja koma á aftur? Nei. Sjávarútvegur er hátæknigrein sem þarf svigrúm. Við erum að keppa á alþjóðavísu og erum daglega að berjast á mörkuðum. Íslensk stjórnvöld virðast ekki skilja hvað þarf til að selja íslenskar sjávarafurðir. Alla vega telja þau sig ekki þurfa að ræða við forsvarsmenn atvinnugreinarinnar þegar unnið er að breytingum á stjórnkerfi greinarinnar. Það er stórmerkilegt, að mínu viti.“

**Á að byrja upp á nýtt?**

*Það þarf, með öðrum orðum, að byrja upp á nýtt?*

„Það hefur verið sagt að verið sé að vinna á grundvelli sáttanefndarinnar. Það er ekki rétt. Það er mikill munur á nýtingarsamningi og nýtingarleyfi. Pottaútfærslan í frumvarpinu er ekki sú sem við samþykktum. Við samþykktum potta en töluðum um að í þeim væru 1,03 til 3,05 prósent af heildar ígildunum. Núna er hún 36 þúsund tonn. Við höfðum aldrei samþykkt leigu ríkisins á aflaheimildum á kvótaþingi, aldrei. Það var aldrei rætt um í sáttanefndinni að þeir sem tóku skerðingar til að byggja upp þorskstofninn nytu þess ekki nú þegar uppbyggingin hefur tekist. Og það var aldrei rætt um að árið 2032 yrði framsal ólöglegt. Það segir kannski sína sögu um að ekki er unnið á grundvelli sáttanefndarinnar að flestir sem áttu aðild að nefndinni hafa skilað inn neikvæðum umsögnum um frumvörpin.“

*Svo frumvörpin eru ónýt, enda ekki byggð á vinnu sáttanefndarinnar?*

„Þetta eru allt hlutir sem voru óútræddir. Ekkert formaðir og engin efnisleg umræða tekin um eitt eða neitt. Það þarf að bakka og við höfum óskað eftir því við ríkisvaldið að frumvörpin verði dregin til baka og lögð fram önnur ný og vönduð frumvörp. Forsætisráðherra hefur hjá sér bréf þar sem við bjóðumst til að taka þátt í þeirri vinnu. Við vitum hvaða áhrif þetta hefur á sjávarútveginn og verðum að fá að vera með í ráðum.“

**Beðið eftir stjórnarskiptum?**

*En eruð þið ekki bara að bíða eftir annarri ríkisstjórn sem er ykkur vinveittari?*

„Það voru nú oft stríð við fyrrverandi sjávarútvegsráðherra. Við fáum ekki allt þó menn haldi að öllu sé stjórnað frá skrifstofu LÍÚ, það er ekki þannig. Það má sjá á atburðarás síðustu þriggja ára.“

*En það er óumdeilt að LÍÚ hefur mikil völd og hefur fengið mörgum af sínum kröfumálum framgengt.*

„Málið er það að LÍÚ eru sterk hagsmunasamtök. Við erum sterkir af því að það er samstaða innan hópsins þó menn hafi ólík sjónarmið og ólíka hagsmuni. Áhrifamátturinn felst í því þegar samtök eru einhuga í sinni baráttu og standa að baki sinna málsvara. Slík samtök eru mjög sterk. Ég tel okkur hins vegar standa fyrir málefnalega umræðu. Við viljum fá að takast á við stjórnvöld um okkar sjónarmið en vitum að við fáum ekki allt okkar í gegn. Mér finnst sjálfsagt að stjórnvöld treysti sér í samtal við okkur. Það lýsir því best að menn hafa ekki sterkan málstað ef þeir treysta sér ekki í rökræðurnar.“

**Herferðin var nauðsyn**

*Fjölmiðlaherferð gegn breytingum á stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnd. Hvað finnst þér um hana? Að hún sé áróðurskennd og hafi kostað stórfé?*

„Það er engin launung á því að við teljum okkar málflutning hafa verið affluttan. Í umræðuþáttum í sjónvarpi, Kastljósi og Silfri Egils sem dæmi, hafa okkar sjónarmið ekki fengið að koma fram. Það er ekki kallað eftir þeim.

Ef við tökum auglýsingaherferðina sjálfa þá er hún öðruvísi en verið hefur til þessa. Þarna eru einstaklingar að tala frá eigin brjósti um það sem þeim finnst. Umræðan hefur verið sú að við höfum keypt ákveðna aðila til að stíga fram. Mér finnst það mjög dapurlegur málflutningur að við getum keypt þetta fólk með þessum hætti. Ef það væri einhver nauðung í gangi þá væri það afar neikvætt. En það er engin nauðung falin í því að koma fram og segja sína skoðun. Þetta er þeirra sannfæring; að þessar breytingar skaði samfélögin. Grasrótin er að tjá sig og hún hefur verulegar áhyggjur af því sem er að gerast.

> Menn tala um að við séum að eyða miklum peningum í þetta en það eru líka gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir alla þjóðina.

Auglýsingar eru einfaldlega nauðsynlegar. Við höfum ekki aðgang að fjölmiðlum eins og ríkisstjórnin sem á auðveldara með að koma sínum sjónarmiðum að. Menn tala um að við séum að eyða miklum peningum í þetta en það eru líka gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir alla þjóðina. Fyrirtækin borga þetta og engir aðrir. LÍÚ er ekkert annað en fyrirtækin sem standa að samtökunum.“

**Kjaradeila framundan**

*Það er búið að vísa kjaradeilu sjómanna til ríkissáttasemjara. Vill útgerðin lækka skiptaprósentu sjómanna?*

„Það er alveg ljóst með framkomu þessara frumvarpa, og jafnvel þó þau hefðu ekki litið dagsins ljós, að það er búið að raska hlutföllum í hlutaskiptum á milli fyrirtækjanna og starfsmanna okkar.

Það hallar á útgerðina um eina 20 milljarða frá síðustu samningum. Það liggja frammi kröfugerðir á báða bóga þannig að eðlilegt var að þetta gengi til sáttasemjara.“





ÍSLENSKA SIA.IS ICE 59351 05/12

**Borgarferðir**

Þú færð ekki betra tækifæri til þess að lyfta þér upp. Þú getur valið á milli allra áfangastaða Icelandair, austan hafs og vestan. Hver er uppáhaldsborgin þín? Hún bíður.

**Tilboðsferðir**

Spennandi tilboðsferðir. Einstök tækifæri í sumar og í haust. Fylgstu með á vefnum og taktu flugið án þess að hika. Ævintýrin gerast enn.

+ Kynntu þér möguleikana á icelandair.is

ICELANDAIR

* Hópur miðast við að 10 eða fleiri ferðist saman.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig verða gjaldeyrishöftin afnumin?

# Raunhæfa planið

Þegar gjaldeyrishöft voru sett á í kjölfar hrunsins töldu flestir þau tímabundna ráðstöfun til nokkurra vikna eða mánaða, til að koma í veg fyrir að krónueignir erlendra aðila streymdu út úr landinu og orsökuðu enn meira hrun krónunnar en orðið var.

Rúmlega þremur og hálfu ári síðar er ekki útlit fyrir að höftunum verði aflétt í bráð. Þvert á móti hefur sífellt þurft að herða þau og stoppa í glufur. Þótt gjaldeyrishöftin hafi varið almenning fyrir því að gengið hryndi aftur í einu vetfangi, hefur ekki tekizt að koma í veg fyrir hægfara gengissig krónunnar með tilheyrandi verðbólgu. Til lengri tíma valda höftin efnahagslífinu margvíslegum skaða.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Samtök atvinnulífsins útlistuðu þann skaða í tillögu sinni að nýrri áætlun um afnám haftanna fyrir skömmu. Ísland hefur verið skorið frá hinum alþjóðlega fjármálamarkaði. Aðgangur fyrirtækja að erlendu fjármagni er takmarkaður, þeir sem koma með peninga inn í landið eftir undanþáguleiðum Seðlabankans fá forskot á aðra í samkeppni og framkvæmd haftanna þróast í „handstýrt kerfi mismununar og geðþóttaákvarðana“ eins og SA orðar það.

„Höftin skapa vantraust á íslensku atvinnulífi og stjórnvöldum, fæla erlenda fjárfesta frá landinu og takmarka vöxt innlendra fyrirtækja, m.a. á erlendum mörkuðum. Mesta tjón haftanna er því flestum hulið því það felst í fjárfestingum og vexti sem fara forgörðum,“ segir SA.

Við þetta má bæta að framkvæmd haftanna stuðlar að því að búa hér til opinbert eftirlitskerfi sem brýtur gegn sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs. Þannig gagnrýnir Persónuvernd harðlega áform í frumvarpi sem Alþingi fjallar nú um og eiga enn að auka heimildir Seðlabankans til að safna persónuupplýsingum í þágu eftirlits með gjaldeyrishöftum. Stofnunin telur vafamál að sú upplýsingasöfnunin fái „samrýmst nútímasjónarmiðum um einkalífsrétt í lýðræðisríki“.

Áætlun Seðlabankans, um að afnema gjaldeyrishöftin í smáum og varfærnum skrefum, án fyrirfram ákveðinna tímasetninga, virðist ekki ætla að skila því sem henni var ætlað. Áætlun SA um að ganga hraðar til verks, taka áhættuna á gengishruni en grípa í staðinn til aðgerða til varnar heimilunum, er því miður ekki trúverðug heldur. Inn í báðar áætlanir vantar viðurkenningu á því að krónan er ekki trúverðugur gjaldmiðill til framtíðar. Þær innihalda ekkert plan um upptöku annars gjaldmiðils.

Það plan er þó í boði. Štefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, greindi frá því í grein í Morgunblaðinu í gær að Ísland og ESB hygðust setja á fót vinnuhóp til að „meta stöðu mála og möguleikana á því að aflétta gjaldeyrishöftunum og aðstoða við að móta sameiginlegan skilning á erfiðleikunum í því ferli.“ Þetta yrði liður í aðildarviðræðum Íslands og ESB.

Afnám hafta og upptaka evru í samstarfi við Evrópusambandið virðist raunhæfasta áætlunin, sem nú er í boði. Ekki verður annað sagt en að það sé athyglisvert hversu margir þingmenn lýstu í gær þeirri skoðun að afþakka ætti þennan kost og stöðva aðildarviðræðurnar. Upp á hvaða áætlun bjóða þeir?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda.

**VELDU ÍSLENSKAR TRJÁPLÖNTUR, SÉRMERKTAR ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur

ÍSLENSKA/SIA.IS/SGB 59891 05/12

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óréttlæti gegn óréttlæti

„Ég mun aldrei nokkurn tímann samþykkja jafnt atkvæðavægi á meðan það er jafn vitlaust gefið í þessu samfélagi og nú er.“ Þetta sagði formaður þingflokks Framsóknarflokksins, Gunnar Bragi Sveinsson, á þingi í gær. Þetta er um margt athyglisverð yfirlýsing og hlýtur að mega spyrja sig hvort Gunnar Bragi tali þarna fyrir stefnu flokks síns, sem talaði reyndar fyrir jöfnu atkvæðavægi í síðustu kosningabaráttu. Þýðir þetta að á meðan óréttlæti ríkir í samfélaginu, væntanlega þá efnahagslegt, skulum við taka á því með öðru óréttlæti, nefnilega mismunandi atkvæðavægi? Furðuleg röksemdafærsla.

### Öreigum allt

Gunnar Bragi hlýtur þá að styðja það að atkvæði þeirra sem verst eru staddir hafi mest vægi, eða hvað? Þeir sem fá verstu gjöfina í samfélagslegu tilliti fái mesta vægið þegar kemur að kosningum. Eða snýst þetta bara um landsbyggðapólitík?





### Krónunjósnir?

Á sama tíma og hér sækir landið heim Stefán Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, kemur hingað til lands franskt herskip, sem sagt er eitt öflugasta njósnaskip heims, betra en nokkuð sem Bandaríkjamenn eða Rússar hafi í flota sínum. Njósnabúnaður skipsins er sagður svo öflugur að með honum megi greina krónupening í 800 kílómetra fjarlægð. Spurning hvort ekki fari um talsmenn þeirra sem ötulastir hafa verið í baráttu gegn aðild Íslands að ESB?

**kolbeinn@frettabladid.is**
**olikr@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Þrír menn og króna

Fjármál



Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir
framkvæmdastjóri Já Ísland

Árið 2006 tókum við hjónin lán fyrir íbúð. Við áttum von á okkar fyrsta barni og fannst ábyrgðarlaust að vera ekki búin að festa rætur í fasteign áður en barnið kæmi. Við tókum lán upp á 18 milljónir sem stæði í dag í tæpum 27 milljónum eftir afborganir. Ákvörðun okkar um að taka lán færði nýja barninu ekki öryggi og festu, heldur gerði foreldrana að áhættufjárfestum. Íbúðina seldum við svo fyrir um ári fyrir 23 milljónir. Ef lánið hefði verið tekið í evruríki væru eftirstöðvarnar hins vegar um 15 milljónir og við værum 11 milljónum ríkari.

> Ein raunhæf leið til framtíðar, sem margar þjóðir hafa valið, er að taka upp evru með aðild að ESB.

Eftir þessa reynslu er gremjulegt að fylgjast með stjórnmálamönnum tala um krónuna eins og hún sé bara unglingur í uppreisn. Þar eru fyrirferðamestir formennirnir Steingrímur J., Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð, sem telja að vandi krónunnar sé sú uppeldisstefna sem hefur verið notuð hingað til, en ekki sú staðreynd að myntin okkar er sú eina í öndunarvél í allri Evrópu.

Krónan í höndum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur þó aldrei verið fyrirmyndarbarn og féll gagnvart dönsku vinkonu sinni um 99,5% frá því þær skildu. Steingrímur J. hefur haft þrjú ár til að reyna að hemja krónuna en ekki tekist en þrátt fyrir allt blasir sú staðreynd við að lífvænleiki krónunnar er ekkert betri í dag en hann var í upphafi kjörtímabilsins.

Formennirnir þrír láta þó hvorki þessar né aðrar sögulegar staðreyndir trufla sannfæringu sína fyrir því að þrátt fyrir allt séu þeir og auðvitað bara þeir, hver um sig, sá pabbi sem getur skikkað krónubarnið til hlýðni.

Með fullri virðingu fyrir drengslegu sjálfstrausti þá geta stjórnmálamenn ekki lengur eytt tíma í að blaðra um óraunhæfar lausnir. Við áhættufjárfestar heimilanna höfum einfaldlega ekki efni á því. Ein raunhæf leið til framtíðar, sem margar þjóðir hafa valið, er að taka upp evru með aðild að ESB.

Í vikunni opnaði vefurinn lan.jaisland.is þar sem allir geta gert samanburð á húsnæðisláninu sínu á milli kjara á Íslandi og á evrusvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Umsókn um málfrelsi

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Fyrir seinustu alþingiskosningar bauð RÚV framboðunum að fá ókeypis kynningartíma í sjónvarpi. Sum, til dæmis Borgarahreyfingin, vildu taka boðinu en þar sem rótgrónu flokkarnir höfðu ekki áhuga var hætt við allt. Ný framboð fengu því ekki að kynna sig í sjónvarpi því það hentaði ekki þeim sem fyrir voru.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu benti á þennan galla og taldi að reglurnar um ókeypis sjónvarpstíma ættu heima í lögum. Menntamálaráðuneytið ákvað að bregðast við þessum ábendingum með því að leggja til að … bannað yrði að birta skoðanakannanir stuttu fyrir kosningar. Nokkuð sem ÖSE lagði ekki til og fátt bendir til að gagnist nýjum framboðum nokkuð.

**„Útlendingurinn sagði…“**

Það virðist tíska að réttlæta vondar, íþyngjandi breytingar með villandi tilvísunum til útlanda. Í grein um ný fjölmiðlalög fyrir viku síðan gagnrýndi ég m.a. að til stæði að banna útlendingum utan EES að vera ábyrgðarmenn fjölmiðla. Viðbrögð ráðuneytisins við þeirri gagnrýni mátti lesa í Fréttablaðinu seinasta miðvikudag: *„Í svari ráðuneytisins um hvort það stangist á við ákvæði stjórnarskrár um atvinnu- og tjáningarfrelsi segir það mat framkvæmdarstjórnar ESB að ákvæði gildandi laga, um að ábyrgðarmaðurinn skuli hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða, stangist á við staðfesturétt, sem er hluti EES-samningsins. Útvíkkunin til EES-svæðisins sé í takti við EES-rétt um staðfesturétt. Katrín segir einfaldlega verið að innleiða EES-reglur, til dæmis hljóð- og myndskipunartilskipunina. Þetta sé almenna reglan innan EES-svæðisins. Borgarar utan þess svæðis geti sótt um undanþágu frá banninu, líkt og þegar kemur að landakaupum.“*

Hér er ráðherrann að blása sápukúlur. Ég efast ekki um að það sé gott mál, og í takt við EES samninginn, að leyfa Slóvena sem býr í Danmörku að reka fjölmiðil á Íslandi. En það er látið í veðri vaka að ef við opnum þær dyr þá verðum við, skv. EES, að loka á útlendinga utan EES. Mér sýnist það vera bull.

Það er stundum vandamál hvað opinber umræða á Íslandi á það til að fara í „hann sagði, hún sagði“ ham án þess að auðtjekkanleg álitaefni séu leidd til lykta. Ég held því til dæmis fram að EES neyði okkur EKKI til að banna Bandaríkjamönnum að reka og ábyrgjast blöð á Íslandi. Ef ráðherra er á öðru máli þá verður hún að vísa okkur á þá evrópsku lagagrein sem krefur okkur um slíkt. Að sama skapi, ef ráðherra heldur því að það sé „alvanalegt“ að Bandaríkjamenn megi ekki ábyrgjast fjölmiðla í Evrópu, þá hlýtur hún að geta afhent okkur lista með öllum löndum þar sem þannig bönn eru við lýði, ásamt tilvitnunum í lagagreinar. Ég er hræddur um að það gæti reynst erfitt.

**Undanþága frá mannréttindum**

Sú fullyrðing ráðherra að þetta sé eins og að banna útlendingum að eiga jarðir og að menn geti bara sótt um undanþágu er stórmerkileg. Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ekki ráð fyrir neinum undanþágum við ríkisfangsgreininni, svo erfitt er að sjá hvernig þær ætti að veita. Í öðru lagi þá tryggir stjórnarskráin almennt mannréttindi allra, allra sem dvelja á Íslandi, ekki bara Íslendinga. Í eignarréttarákvæðinu er þó sérstaklega tekið fram að „með lögum [megi] takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi“. Engar sambærilegar heimildir til að takmarka málfrelsi eða atvinnufrelsi útlendinga er að finna í stjórnarskránni.

Ráðherra vill sem sagt hefta málfrelsi án heimildar í stjórnarskrá og veita svo undanþágur frá því banni án heimildar í lögum. Hvorugt gengur upp. Og að allri lögfræðinni slepptri þá þykir mér merkilegt að menn þurfa að sækja um undanþágu til að njóta málfrelsis og reka eigin vefsíður.

**Hugsað í bönnum**

Útlendingabannið og skoðanakannanabannið eru hvort tveggja skaðleg, hundóþörf og lagalega hæpin bönn sem reynt er að koma inn í löggjöf um fjölmiðla með röngum fullyrðingum um að einhver stofnun erlendis hafi mælst til þess. Þessi skapandi nálgun menntamálaráðherra á heimildanotkun gefur tilefni til að skoða gaumgæfilega hvaða fleiri hörmungar hafi ratað inn í íslenska löggjöf að undanförnu undir því falska yfirskyni að um ábendingar eða tilskipanir erlendis frá væri að ræða.

# Svar við bréfi Sighvats

Nýr Landspítali
Jóhannes Gunnarsson
læknir



Í stuttri grein Sighvats Björgvinssonar í Fréttablaðinu 24. maí sl. þar sem hann þakkar fyrir svar mitt við grein hans í sama blaði mánudaginn 21. maí ber hann enn fram nokkrar spurningar sem sjálfsagt er að svara.

1. Hefur verið vel og nákvæmlega skilgreint hvaða þjónustu á að veita, hvað til hennar þarf af húsnæði, sérmenntuðu starfsliði, tækjum og búnaði? Hvað kostar að kaupa og hvað kostar að reka? Hvar er þessar upplýsingar að finna?

Svar: Já, að sjálfsögðu hefur verið gengið út frá skilgreindri þjónustu sem miðast í stórum dráttum við þá stöðu sem Landspítali hefur nú þegar sem sérhæft sjúkrahús fyrir allt landið og nærþjónusta fyrir höfuðborgarsvæðið auk þess að vera háskólasjúkrahús landsins. Umfangsmikil þarfagreiningarvinna fór fram í upphafi. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun legurúma frá því sem var þegar þessi vinna fór fram árið 2006 þrátt fyrir gríðarlega fjölgun í þeim aldurshópum sem mest þurfa á sjúkrahúsþjónustu að halda. Um allt þetta má lesa nánar í ítarlegum upplýsingum um verkefnið á vef þess, www.nyrlandspitali.is.

2. Landspítali er og hefur verið háskólasjúkrahús. Hártoganir um skilgreiningu á því breyta engu um bygginguna sem slíka.

3. Varðandi stefnumörkun um sjúkrahúsþjónustu á landsvísu verður að beina spurningum til yfirvalda heilbrigðismála en benda má á að þáttur minnstu landsbyggðarsjúkrahúsanna í bráðaþjónustu er ekki meiri en svo að hann er aðeins brot af því sem fylgir breyttri aldursdreifingu á næstu tveim áratugunum.

4. Að lokum verð ég að viðurkenna að ég hef ekki þekkingu til að tjá mig um hvort sjúkrahúsin sem Sighvatur telur upp henti vel sem hjúkrunarheimili aldraðra en mér sýnist flest hjúkrunarheimili stefna í þá átt að þar verði að mestu eða eingöngu boðið upp á einbýli og ýmsum sérþörfum sinnt sem ekki er gert ráð fyrir í þessum húsum. Enn og aftur vísast á velferðarráðuneytið.

Sighvatur er velkominn hvenær sem er á fund okkar sem vinnum að undirbúningi nýs Landspítala og gjarnan að hann taki með sér þá sem áhuga hafa á að kynna sér málefnið nánar.

# Þegar tunnurnar þagna

Samfélagsmál
Birgir Örn Guðjónsson
eiginmaður, faðir og formaður SAMSTÖÐU í Kraganum



Ég er þreyttur á að vera reiður. En samt var eigninni minni stolið ásamt öllu mínu sparifé og án alvöru lausna horfi ég fram á gjaldþrot fjölskyldunnar, þrátt fyrir að ég sé í fastri vinnu og hafi borgað alla mína reikninga. Þetta er ekki sanngjörn staða og reiði er fullkomlega eðlileg og réttmæt. Þess vegna er svo freistandi að halda í hana. En hversu lengi? Mér finnst reiðin og biturleikinn í samfélaginu fara vaxandi.

Reiðin getur stundum virkað sem drifkraftur. Hún þjappar þeim saman sem bera sömu tilfinningar og vekur samkennd. Búsáhaldabyltingin var t.d sprottin upp úr slíkri samkennd. Okkur var nóg boðið og við stóðum upp og börðum í borðið.

En hvert fór allt fólkið sem var á Austurvelli? Mörgum finnst þögnin í dag þrúgandi. Er búið að svæfa fólk, er úthaldið þrotið eða eru allir svona sáttir við sinn hlut?

Reiðin virkar svipað og orkudrykkur. Hún vekur okkur og kemur okkur úr sporunum. En þessi orka varir stutt og allt í einu erum við andlaus og tóm og við setjum traust okkar á hina íslensku þjóðtrú um að „þetta reddist“.

Reiðin er ekki góður grunnur til uppbygginar. Hún þurrkar okkur upp og hefndarþorstinn verður sífellt sterkari. Þeim þorsta verður aðeins svalað með hugarfarsbreytingu. Í þeirri hugarfarsbreytingu felst m.a. fyrirgefning.

En að fyrirgefa snýst samt ekki um að samþykkja það sem gert hefur verið á manns hlut. Að fyrirgefa er ekki það sama og að gefast upp. Að fyrirgefa snýst um að slíta böndin sem halda okkur föstum svo að við getum haldið áfram að stefna að því marki sem okkur var ætlað. Læra af liðnum atburðum en hætta að láta þá stjórna okkur.

Ef við viljum alvöru uppbyggingu í íslensku samfélagi þarf nýja hugsun. Hugsun sem byggir upp en rífur ekki niður. Hugsun sem sameinar en sundrar ekki. Hugsun sem byggir á gjafmildi en ekki græðgi. Hugsun sem berst fyrir fólk en ekki fyrir pólitískar stefnur. Hugsun sem ber virðingu fyrir öllum, líka þeim sem hafa aðrar skoðanir en við sjálf og eiga minni eða meiri pening. Hugsun sem byggir á samstöðu.

Það þarf byltingu í íslensku samfélagi. En byltingin þarf ekki að vera blóðug. Henni þurfa ekki að fylgja tárvot augu á reykmettuðum Austurvelli. Henni þarf ekki að fylgja grjótkast í lögreglumenn sem eru að berjast við sama kerfi og allir aðrir.

Ég get ekki sætt mig við að „þetta reddist“. Ekki þegar ég veit að það er í mínu valdi að byggja þá framtíð sem ég treysti fyrir börnunum mínum. Höldum áfram að berjast fyrir réttlæti. Höldum áfram að berjast fyrir framtíð okkar og næstu kynslóða á okkar frábæra landi. En í þessari baráttu skulum við koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Það er þess virði.

Að lokum. Ein og sér er þessi grein bara innantóm orð, en samstaða um innihald hennar getur breytt miklu. Boltinn er hjá þér.

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# Ekki var Huang gerður strámaður

Erlendar fjárfestingar

Einar Benediktsson
fv. sendiherra



Í blaðaviðtali í ágúst í fyrra kynnti Hjörleifur Sveinbjörnsson, yfirþýðandi í Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytins, áform Huangs Nubo, fyrrum náms- og herbergisfélaga síns í Kína:

*„Á næstu þremur til fjórum árum hyggst hann byggja upp 120 herbergja lúxushótel á Grímsstöðum, golfvöll og hestabúgarð og í Reykjavík tvöfalt stærra lúxushótel. Þá er hann að spá í flugfélag til að flytja fólk á milli hótelanna. Þetta á að verða heilsársrekstur ... Hann sér fyrir sér að Ísland verði næsta ferðamannaparadís heimsins en þarna er verið að tala um tíu til tuttugu milljarða fjárfestingu, segir Hjörleifur.“*

Þessi furðufrétt varð til þess, að ég og aðrir fórum að greina þessi óvæntu fjárfestingaráform í víðara samhengi kínverskrar utanríkisstefnu og umsvifa erlendis. Í Fréttablaðinu 23. maí hefur Hjörleifur áhyggjur af því að ég sæki fróðleik í einhverja Gróu á Leiti. Þá er rétt að árétta að vinnulagið sem lærist í utanríkisþjónustunni er einmitt til þess fallið að gera sjálfstæðar greiningar á efnahagslegri og pólitískri þróun. Eitthvað hlýt ég að hafa lært í slíku á langri starfsævi.

Það er reyndar býsna auðvelt, en stundum tímafrekt, að fá yfirsýn yfir þróunina í Kína. OECD og Alþjóðagjaldeyrisjóðurinn leggja til frábært efni fyrir þá sem eru læsir á hagskýrslur. Vikuritið Economist er ómissandi og sömuleiðis kínverska sjónvarpið CCTV News og vefsíður þeirra. Á netinu eru ókjör upplýsinga um landið frá prentmiðlum, alþjóðastofnunum og þekktum greiningarstofnunum. Og ekki vantar góðar bækur um Kína á Kindle og fyrir iPodinn. Allt þetta nota ég og eftirlaunamaður hefur góðan tíma fyrir sín áhugamál.

Heimildir mínar eru sem sagt upplýsingar, sem liggja fyrir og af þeim dreg ég mínar eigin ályktanir. Varðandi Kína, norðurskautið og Ísland er það auðvelt. Áform Huangs voru að öllum líkindum tilraun kínverskra stjórnvalda eða hersins að ná framtíðar fótfestu á Íslandi. Hvenær það gæti komið sér vel væri óráðið en Kínverjar hugsa til langs tíma. Að festa sér land á norðaustur hluta Íslands til 99 ára væri fyrirhafnarlaus landvinningur.

Það er greinilega sárt fyrir Hjörleif að sjá vin sinn Huang í nýju fötunum keisarans. Hjörleifur fullyrðir að ég geri vin hans að strámanni eða eins konar saklausum Grýlukarli að okkar málhefð. Það er gamalt áróðursbragð að snúa sannleikanum við. Þegar ég sýni raunveruleikann í þessu fjarstæðukennda Grímsstaðamáli, þá er málinu snúið við og hið rétta gert að lygi. Þetta er reyndar gamalt kommatrikk, sem Hjörleifur hefur vitaskuld aldrei lært. Ég hlustaði á Huang á CCTV News stæra sig af því að hann hefði haft betur í viðureign sinni við innanríkisráðherra Íslands. Ég sagði að þetta væri með öllu óaðgengileg framkoma erlends ríkisborgara í garð íslensks ráðherra.

> Það er greinilega sárt fyrir Hjörleif að sjá vin sinn Huang í nýju fötunum keisarans. Hjörleifur fullyrðir að ég geri vin hans að strámanni eða eins konar saklausum Grýlukarli að okkar málhefð.

En af hverju ætti annars nokkur að hafa trúað þessari jólasögu á hásumri um þróun ferðaþjónustu á Hólsfjöllum þar sem óþekktur Kínverji leikur aðalhlutverkið?

Var hægt að fá nokkurt vit í það skilyrði að fylgja skyldu til eignar mörg hundruð ferkílómetrar lands? Og svo yrði hótelið tengt með eigin flugsamgöngum við Reykjavík. Átti flugvélakosturinn annars ekki að koma frá kínverska flughernum? Af hverju var reynt að telja fólki trú um að einmitt þarna í auðn, einangrun og illviðrum vetrar, væri hægt að reka lúxushótel allan ársins hring? Já, því ekki að hafa golfvöllinn bara á Vatnajökli? Og við skulum ekki vera með neinn barnaskap um að Huang, rétt eins og aðrir kínverskir „auðjöfrar“, er settur í þá stöðu í miðstýrðu efnahagskerfi. Ekkert slíkt gerist í Kína nema að fenginni blessun flokks og ríkis.

Óþarfi er að rekja fyrir Íslendingum ömurlega fortíð Alþýðulýðveldisins Kína á dögum Maós. Við segjum það liðna tíð og fögnum því Kína sem síðar tók við. Þar er rekinn ríkiskapítalismi með undraverðum árangri hagvaxtar og aukinnar velmegunar enda eru viðskiptamöguleikar góðir. En Kína er miðstýrt einræðisríki sem virðir ekki mannréttindi sem við hljótum að harma og mótmæla. Þá er Kína mjög að sækja sig í veðrið sem kjarnavopnavætt hernaðarstórveldi, einnig með öflugan herflota. Kínverjar eiga í deilum um lögsögu við öll löndin í Suður-Kínahafi, sem eiga varnarsamstarf við Bandaríkin. Þar kynni að slá í harðbakkann.

Engum getur dulist að Kínverjar sækja í auðlindir norðurskautsins og þeir munu stunda siglingar í stórum stíl um norðaustur leiðina um pólinn, – siglingaleið sem er að opnast. Þeir hafa sóst eftir umskipunarhöfn í Norður-Noregi en það mál féll niður enda andar köldu frá Kína í garð Norðmanna fyrir það uppátæki að hafa veitt kínverskum andófsmanni friðarverðlaun Nóbels.

Hvaða bull er þetta eiginlega að ég sé að gera strámann úr Huang þegar verið er að sýna hann og þessi mál eins og þau eru: Íslendingum óaðgengileg. Milligöngumaður hans, Hjörleifur Sveinbjörnsson, gæti gert okkur öllum þann stórgreiða að telja vin sinn á að láta Íslendinga í friði.

SMUR- OG SMÁVIÐGERÐIR

BREMSUSKIPTI Á 1.000 KRÓNUR!

FRAM TIL 1. JÚNÍ SKIPTUM VIÐ UM BREMSUKLOSSA AÐ FRAMAN FYRIR AÐEINS ÞÚSUND KRÓNUR.

TILBOÐIÐ GILDIR AF VINNU EF ÞÚ KAUPIR BREMSUHLUTI HJÁ OKKUR.





pitstop

RAUÐHELLU HFJ | HELLUHRAUNI HFJ | DUGGUVOGI RVK | AUSTURVEGI SELFOSS | 568 2020 SÍMI | PITSTOP.IS WWW

# „Nýja háskólasjúkrahúsið – kjarni málsins“

Nýr Landspítali

Ólafur Baldursson
læknir, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala

Kristján Erlendsson
læknir, framkvæmdastjóri vísinda-, mennta- og nýsköpunarsviðs Landspítala





Í aðsendri grein Sighvats Björgvinssonar þ. 21. maí 2012 greinir Sighvatur snöfurmannlega kjarnann frá tittlingaskít og aukaatriðum og dregur fram nokkrar spurningar sem hann telur að menn hafi látið hjá líða að ræða, þá sennilega vegna þess að menn treysti sér ekki í slíka umræðu.

Það er rétt að þessi atriði hafa ekki verið mjög áberandi í almennri umræðu og það er mikilvægt að nú skuli loksins kominn fram aðili, sem ekki eigi beinna hagsmuna að gæta og treysti sér til að kveða upp úr um að megnið af allri hinni frjálsu umræðu hingað til, hafi í raun verið um aukaatriði.

Við gerum fastlega ráð fyrir því að fv. heilbrigðisráðherra sé fyllilega ljóst að Landspítalinn er einhver mikilhæfasta mennta- og vísindastofnun þjóðarinnar, sé t.d. litið til fjölda og kunnáttu þeirra rúmlega 1.300 nemenda sem þar hljóta menntun sína ár hvert, sem og fjölda tilvitnaðra vísindagreina frá starfsmönnum spítalans, sem birtast árlega í alþjóðlegum vísindaritum. Landspítali er þess vegna háskólasjúkrahús, og hefur verið það lengi. Á síðustu árum hefur spítalinn eflst sem slíkur í öflugu samstarfi við Háskóla Íslands, Íslenska erfðagreiningu og Hjartavernd auk fjölmargra erlendra mennta- og heilbrigðisstofnana. Nýbygging spítalans og Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands er því ekki nýbreytni heldur nauðsynleg þróun til að tryggja áfram gott heilbrigðiskerfi.

> Heilbrigðiskerfi lítillar eyþjóðar getur ekki staðið eitt og sér án öflugs háskólasjúkrahúss.

Á háskólaspítala fléttast saman í daglegu starfi, þjónusta við sjúklinga, menntun og vísindastarf, þannig að þessir þættir styðja hver annan. Starfsemi Landspítalans var reyndar þegar með þessum hætti löngu áður en lög um heilbrigðisþjónustu (40/2007) voru sett. Lögin hafa hins vegar rammað inn ákveðinn veruleika hvað þessa starfsemi varðar. Þau eru mikilvæg yfirlýsing Alþingis og viðurkenning á því starfi sem þróast hefur um árabil á Landspítalanum. Þessi starfsemi hefur vissulega goldið fyrir þann aðbúnað sem spítalinn hefur orðið að búa við og margoft hefur verið lýst hvað varðar aðbúnað til þjónustu við sjúklinga.

Það er réttilega vitnað til þess að víða erlendis sé talið að u.þ.b. eina milljón manns þurfi til að standa að baki slíkri stofnun sem hér um ræðir. En reynslan sýnir að höfðatöluviðmið af þessu tagi hafa takmarkað gildi í íslenskum raunveruleika. Ætti það að gilda væri hér enginn Háskóli, engar hjartaaðgerðir gerðar né heldur nokkrar krabbameinslækningar stundaðar, svo dæmi séu nefnd.

Það er enn fremur rétt að nám heilbrigðisstétta er kostnaðarsamt, einkum framhaldslæknanám. Hvað varðar sérfræðimenntun, t.d. lækna, þá hafa Íslendingar notið þess að íslenskir læknar hafa sótt sérfræðiþekkingu sína til erlendra þjóða án þess að þurfa að greiða fyrir þá menntun. Þeir hafa einfaldlega gengið inn í sérfræðinám við bestu háskólasjúkrahús beggja vegna Atlantshafsins og þannig strangt til tekið verið kostaðir til náms af nágrannaþjóðum okkar. Þeirra persónulega framlag hefur verið að leggja sitt af mörkum til þjónustu fyrir þær þjóðir, á lágmarks starfsþjálfunarlaunum, og menntað sig þannig til að geta komið heim og haldið áfram að vera Íslendingar og efla íslenskt heilbrigðiskerfi og háskólastarfsemi. Íslendingar eru aufúsugestir í framhaldsnám, ekki bara læknar heldur aðrar heilbrigðisstéttir líka.

Unnar hafa verið ítarlegar starfsemisáætlanir sem taka tillit til þátta eins og mannfjöldaspár, breytinga í aldursdreifingu þjóðarinnar, breytinga í tíðni einstakra sjúkdóma (m.a. vegna fyrirsjáanlegra breytinga í aldurssamsetningu þjóðarinnar), sem fyrirsjáanlegt er að allir munu leiða til aukinnar þjónustuþarfar. Líka hefur verið rýnt í þætti sem vinna móti þessum breytingum eða koma til með að mæta þjónustuþörfinni. Hér er um að ræða atriði eins og ný og þróuð þjónustuform, þverfaglega teymisvinnu, samvinnu stofnana, aukna dag- og göngudeildarstarfsemi auk framfara sem leiða til nýrra og vonandi árangursríkari meðferðamöguleika og forvarnastarfs. Árið 2004 unnu rúmlega 300 starfsmenn Landspítala greinargóða skýrslu þar sem öll þessi atriði voru skoðuð og spáð fyrir um þróun mála til ársins 2025. Skýrslan hefur síðan verið endurskoðuð en m.a. byggja á henni áætlanir um rúmafjölda hins nýja háskólaspítala.

Það er rétt að ástandið á Landspítalanum er slæmt er varðar tækjabúnað og aðbúnað allan og að ræða þarf af ábyrgð og þekkingu um þau mál og nauðsyn þess að bæta þar úr. Starfsfólkið vinnur daglega frábært starf við mjög erfiðar aðstæður.

Það hefur verið spurt hvort menn vilji bera ábyrgð á ákvörðunum sem leiða munu til byggingar nýs háskólasjúkrahúss. Okkar svar við því er „já“. Við viljum hins vegar ekki bera ábyrgð á því ástandi sem gæti skapast hér í nánni framtíð ef ekki verður byggður nýr háskólaspítali. Það ástand yrði líklega þannig að spurningar um önnur sjúkrahús á landinu væru með öllu óþarfar. Heilbrigðiskerfi lítillar eyþjóðar getur ekki staðið eitt og sér án öflugs háskólasjúkrahúss. Íslendingar hafa sýnt að þeir geta haldið uppi starfsemi háskólasjúkrahúss svo sómi er að. Framfarirnar allt í kringum okkur sýna hins vegar, að sú staða viðhelst ekki af sjálfu sér. Þegar líka er sýnt fram á, að það að gera ekki neitt sé dýrasta valkosturinn, blasir við að áform um endurnýjun Landspítala eru á réttum grunni reist.

Lögmannsstofan ERGO lögmenn heitir nú

# Íslenska lögfræðistofan

Samhliða nafnabreytingunni tekur lögmannsstofan upp nýtt merki en engar aðrar breytingar verða gerðar á starfsemi eða rekstri stofunnar. Íslenska lögfræðistofan býður viðskiptavinum sínum áfram alla almenna lögfræðiráðgjöf auk hagsmunagæslu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

ÍSLENSKA LÖGFRÆÐISTOFAN

Turninn • Smáratorg 3 • 201 Kópavogur • www.il.is • Sími 412 2800

# Um vald forsetans

Forsetaembættið

Finnur Torfi Stefánsson
lögfræðingur og stjórnmálafræðingur



Margt bendir til að vandi okkar Íslendinga um þessar mundir sé ekki síður menningarlegur en fjárhagslegur. Til þess benda m.a. umræður manna um völd forseta Íslands. Allt frá lýðveldisstofnun hafa forsetar hagað sér eins og þeir væru með öllu valdalausir, ef frá eru tekin áhrif þeirra við myndun ríkisstjórna. Nú á síðustu árum virðist forsetinn allt í einu kominn með vald til þess að neita að undirrita lagafrumvörp að vild sinni auk þess sem ýmsir virðast telja hann hafa enn víðtækari völd. Þetta hefur gerst án þess að stjórnarskrá sé breytt með löglegum hætti og án þess að dómstólar dæmi þar um. Lýðskrum og skapandi lagatúlkun er látið duga.

Þegar þjóð setur sér stjórnarskrá er það höfuðviðfangsefni að tryggja að eftir stjórnarskránni sé farið. Leið í þessari viðleitni, sem margar Evrópuþjóðir hafa farið, er að nota persónu þjóðhöfðingja til þess að skapa stjórnarfarinu virðingu og traust, í þeirri vitneskju að persónur skipta flest fólk meira máli en réttindaskrár. Í okkar stjórnskipun er þetta hlutverk forsetans. Hann er kjörinn af allri þjóðinni með jöfnum kosningarétti og er sameiningartákn hennar. Nánast öll völd ríkisins eru með beinum eða óbeinum hætti lögð í hendur honum, en einungis að formi til. Þrjár greinar stjórnarskrárinnar gera honum skylt að leggja öll völd sín í hendur ráðherrum ríkisstjórnar. Þessar þrjár greinar hafa bæði lærðir og leikir kosið að leggja til hliðar í skrifum og umræðum síðustu ára og láta eins og þær séu ekki til. Er óhjákvæmilegt að ræða þær.

11. grein 1. mgr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá sem störfum hans gegna.“ Það er grundvallarregla í okkar rétti að völdum fylgi ábyrgð. Sá sem ekki ber ábyrgð hefur ekki völd. Þessi grein mælir fyrir um almennt valdaleysi forsetans. Hún er skýr og ótvíræð og verður ekki fram hjá henni gengið.

13. grein stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.“ Þessi grein er ekki síður skýr og ótvíræð. Hér er engin undantekning gerð, hvorki um 26. gr., sem fjallar um þjóðaratkvæði, né aðrar greinar stjórnarskrárinnar. Fram hjá þessu beina ákvæði verður ekki gengið nema með því að brjóta það.

Upphaf 14. greinar stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.“ Til þess að taka af öll tvímæli lætur stjórnarskráin ekki duga að segja ráðherra fara með vald forsetans, heldur einnig tekið fram að ráðherra beri ábyrgðina: Er það í samræmi við grundvallarregluna um að saman fari völd og ábyrgð. Má segja að stjórnarskráin noti bæði belti og axlabönd er til þess kemur að svipta forsetann öllum raunverulegum völdum og skilja hann eftir með hin formlegu völd og hið mikilvæga hlutverk að stuðla að virðingu manna fyrir stjórnskipun ríkisins.

> Óhjákvæmilegur fylgifiskur forsetaræðis eru stöðug átök milli forseta og þings, sem iðulega leiða til þráteflis sem stöðvar allar framkvæmdir.

Stjórnarskráin er ekki tilbúningur nokkurra manna sem af tilviljun komu saman um miðja síðustu öld, heldur er hún afrakstur aldalangrar þróunar Evrópu sem rekja má aftur til Forngrikkja að minnsta kosti. Hún kann að virðast flókin við fyrstu sýn en getur orðið öllu læsu fólki augljós með litlili fyrirhöfn. Stjórnkerfið sem hún mælir fyrir um er það fullkomnasta sem völ er á og menningarlegt afrek út af fyrir sig. Hitt er annað mál að hin besta stjórnarskrá kemur fyrir lítið ef menn vilja ekki fara eftir henni og nenna ekki að kynna sér efni hennar. Hér er ábyrgð lögærðra manna og annarra sem teljast hafa sérþekkingu á stjórnarfarsmálefnum stærst, því þeirra er öðrum framar skyldan að verja þessi verðmæti.

Ýmsir virðast gera því skóna að forsetaræði sé betra en það þingræði sem við höfum búið við og stjörnuljómi virðist kunna að ljóma um valdamikinn forseta. Sú dýrð er dýru verði keypt og mætti skrifa um það langt mál. Aðeins tvennt skal nefnt. Óhjákvæmilegur fylgifiskur forsetaræðis eru stöðug átök milli forseta og þings, sem iðulega leiða til þráteflis sem stöðvar allar framkvæmdir. Þetta hafa menn fyrir augunum m.a. í því mikla lýðræðisríki Bandaríkjum Norður-Ameríku, þar sem menn hafa árum saman ekki einu sinni getað komið sér saman um lögbundnar greiðslur alríkisins og hvorki skorið niður né lagt á skatta. Annað sem nefna má er að forsetaræði skortir sveigjanleika þingræðisins. Hér á landi er unnt að skipta um ríkisstjórn hvenær sem er á kjörtímabili ef mönnum sýnist svo. Forsetann sitja menn uppi með allt kjörtímabilið hvað sem á gengur og gerir þetta það að verkum að forseti verður sem því nemur óháðari þjóðarviljanum.

Rétt er að taka fram að höfundur þessa pistils er ekki einn um þær skoðanir sem hér er lýst um stjórnarskrána. Nær er að segja að þetta hafi verið hin almenna skoðun lögfræðinga allt fram til þess að sú menningarlega kreppa sem við Íslendingar eigum nú við að stríða fór að láta á sér kræla. Má t.d. benda á mjög skilmerkilega grein, sem Þór Vilhjálmsson, fv. prófessor og hæstaréttardómari, skrifaði um það leyti sem darraðardansinn var að hefjast, þar sem þessi sjónarmið eru túlkuð.

# Friðun í herkví sveitarfélaga og bænda

Náttúruvernd

Herdís Þorvaldsdóttir
fv. formaður Lífs og lands



Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, segir í fréttaskýringu (Friðlýsing náttúrusvæða) Fréttablaðsins þann 29. desember sl. að náttúruverndaráætlun Alþingis sé nokkurs konar óskalisti þingsins um svæði sem það vill sjá friðlýst en séu strand, og ekki hafi tekist að hreyfa við. Oft er það vegna andstöðu viðkomandi sveitarfélags eða landeigenda. Sú staða geti komið upp að einn landeigandi af mörgum sé andsnúinn friðun og þá sé málið komið í hnút. Þannig hefur oft nauðsynleg verndun landsvæða, jafnvel á landi ríkisins, og hagsmunir heildarinnar orðið að víkja fyrir eiginhagsmunum búfjárbænda sem nýta landið án nokkurrar ábyrgðar.

Svandís segir að lagalegt umhverfi þessara mála sé í skoðun og horft sé til þess hve veik náttúruverndaráætlunin sé í raun og veru. Þau séu kannski með 12-14 svæði áætluð til friðunar en tekst ekki að klára nema 4. Vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands um náttúruvernd finnur nefndin sem vann að hvítbókinni engin önnur ráð en að unnið verði að því að mynda net verndarsvæða á landinu. Það ætti að tryggja vernd landslags og gróðurs. Þetta er algerlega vonlaus hugmynd. Engin friðun á pappírum Alþingis hefur minnstu áhrif á yfir milljón sauðfjár sem ráfar stjórnlaust um landið. Það yrði að girða af öll verndarsvæðin og okkur fyrir utan um leið. Vonandi yrði þó hægt að finna hlið á stöku stað en hjálpi þeim sem gleymdu að loka á eftir sér, bitvargurinn væri ekki lengi að rústa svæðinu…

Kílómetrinn af girðingu kostar í dag um 1,5 milljónir. Erum við tilbúin að borga fyrir þúsundir kílómetra af gaddavír sem nú þegar er allt of mikið af, bara til þess að sauðfé bænda geti gengið laust og klárað restina af náttúrulega gróðrinum fyrir utan friðunarsvæðin? Erum við í álögum vanans? Svona rányrkjumiðaldabúskapur eins og er stundaður hér, þekkist ekki lengur hjá siðmenntuðum þjóðum. Við erum öðrum þjóðum til athlægis og furðu að láta óþarfa fjölda af skepnum éta undan okkur landið. Það eina sem þarf að gera til að bjarga þeim töturlega náttúrugróðri sem eftir er, og fjáraustrinum úr ríkissjóði í þessa tímaskekkju, er að setja lög sem banna lausagöngu búfjár.

Bændur beri ábyrgð á sínu búfé og hafi það á afgirtum heimalöndum eða beitarhólfum. Þá þyrfti engar aðrar girðingar og landið færi, alsælt, að græða sárin sín og gaddavírsfárið að víkja. Látið í ykkur heyra. Viljið þið halda áfram að borga fyrir stöðugar landskemmdir? Eða viljið þið krefjast þess af löggjafarvaldinu að það sjái til þess að við búum í landinu án þess að valda því stöðugum skaða? Svo miklum skaða að Landgræðsla ríkisins hefur varla undan að bæta hann.

Er þetta ekki það sem kallað er Bakkabræðravinna?






# Norðurlönd á norðurskautssvæðinu

Norðurskautssvæðin

Kimmo Sasi
forseti Norðurlandaráðs, Finnlandi
Helgi Hjörvar
Íslandi
Bendiks H. Arnesen
Noregi
Bertel Haarder
Danmörku
Karin Åström
Svíþjóð

Norðurskautssvæðin hafa flust nær miðju heimsstjórnmálanna og munu fá aukið vægi í framtíðinni. Saman geta norrænu ríkin haft áhrif á þróun norðurskautssvæðisins og unnið á jákvæðan hátt í Norðurskautsráðinu. Við í Norðurlandaráði lýsum því eftir sameiginlegri norrænni stefnu sem getur verið undirstaða uppbyggilegrar norrænnar samvinnu.

Norrænu ríkin eru lítil hvert um sig, en saman geta þau haft umtalsverð og jákvæð áhrif á þróun norðurskautssvæðanna og starfið í Norðurskautsráðinu. Sameiginlegar aðgerðir eru nauðsynlegar þar sem margir alþjóðlegir aðilar sýna norðurskautssvæðunum áhuga og við það verða til nýjar heimspólitískar áskoranir.

Hlýnun jarðar skapar ný tækifæri fyrir efnahagsþróun á norðurskautssvæðunum með nýjum siglingaleiðum, námarekstri og olíu- og gasvinnslu. Þetta getur verið jákvætt fyrir mörg samfélög á svæðinu, en hefur einnig í för með sér hættu á alvarlegum slysum. Hlýnunin hefur einnig neikvæð áhrif á margar hefðbundnar atvinnugreinar og búsetuskilyrði. Þess vegna er þörf fyrir jafnvægi í þróun, þar sem nýjar aðgerðir til að skapa hagvöxt verða að taka tillit til íbúa svæðisins og viðkvæmrar náttúru. Jafnframt verður að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og samfélögin verða að vera það sterk að þau geti tekist á við afleiðingar óhjákvæmilegra loftslagsbreytinga.

Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, lagði í skýrslu sinni frá 2009 til margvíslegar sameiginlegar aðgerðir á sviði utanríkis- og varnarstefnu með áherslu á Norður-Atlantshaf, þar á meðal sameiginlega loftrýmisgæslu yfir Íslandi. Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa brugðist við tillögunum á jákvæðan hátt og þetta dæmi sýnir að norrænu ríkin geta unnið saman að þróun nyrstu svæðanna.

Gagnsemi sameiginlegrar rammaáætlunar um formennsku þriggja norrænna ríkja (Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar) í Norðurskautsráðinu á árunum 2007 til 2013 hefur sannað sig. Þar var fjallað um sameiginleg markmið og forgangsröðun sem leiddi til þess að sett var á stofn skrifstofa fyrir Norðurskautsráðið. Norðurlandaráð telur mikilvægt að dragast ekki aftur úr þegar Kanadamenn taka við formennsku árið 2013. Norðurlönd eiga áfram að sýna frumkvæði og gegna sameiningarhlutverki í samstarfi á norðurskautssvæðunum.

Norðurlandaráð samþykkti því á vorþingi sínu í Reykjavík í mars síðastliðnum tillögu um að ríkisstjórnir Norðurlandanna ynnu sameiginlega stefnu um norrænt samstarf til að takast á við áskoranir norðurskautssvæðisins. Markmiðið ætti að vera að ná pólitískri festu í stefnumálum eins og nýtingu náttúruauðlinda, fiskveiðum, umhverfisvernd, siglingaleiðum, vöktun og björgun á hafi, flutningum og innviðum og sjálfbærri efnahagsþróun sem gagnast íbúum norðurskautssvæðisins. Við verðum að byggja á því sem við erum sammála um og þróa þessa samstöðu þannig að hún nái til eins margra stefnumála og mögulegt er.

Með sameiginlegri stefnu geta norrænu ríkin lagt áherslu á sameiginleg markmið og sett í forgang sameiginlegar aðferðir til að koma þeim á framfæri.

Stefnan getur styrkt enn betur hlutverk Norðurlanda sem mikilvægs sameiningarafls fyrir íbúa, umhverfi og öryggi á norðurskautssvæðinu. Hugmyndin er ekki að mynda norrænan hóp í Norðurskautsráðinu. Þvert á móti viljum við styðja við og efla Norðurskautsráðið með því að norrænu ríkin leggi í auknum mæli sitt af mörkum sem þróttmikill aðili í Norðurskautsráðinu.


MÚRBÚÐARVERÐ
DEKAPRO útimálning, 10 lítrar (A stofn)
6.995,-
DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
9.995,-
Frábært verð á stál og plast þakrennum.
Tréolía 30, 3 lítrar
Á pallinn og annað tréverk
2.790,-
ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter
1.795,-
Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.
Sjá www.murbudin.is
CLA-403p
Fjölnota trappa stigi/pallur 4x3 þrep
13.990,-
pallur fylgir
LLA-211
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m
14.990,-
6.990,-
Drive ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta
Öflugar hjólbörur
90 lítra
7.490,-
MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM
1.890,-
110 cm
1.890,-
1.250,-
1.290,-
GAH þýskir byggingarvinklar. Mikið úrval
A4 og A2 ryðfríar skrúfur. Mikið úrval
Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
390,-
Bol-834 80x48x18cm
þykkt 0,8mm
11.990,-
AGI- Eldhústæki
3.990,-
Bol-871 48cm þvermál
þykkt 0,8mm
6.990,-
CERAVID SETT
WC-kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara.
35.990,-
Leirpottur
ø31cm H25 cm
1.250,-
Leirpottur
ø18 cm H15 cm
120,-
Diskur 70,-
(stærðir 18-52 cm)
Malarhrífa verð frá
1.390,-
CUBO Leirpottur
30x30 cm
1.590,-
Plastpottur
ø25 cm H20 cm
370,-
Diskur 120,-
Leirpottur
ø35cm H33 cm
890,-
2.290,-
H 50 cm
2.590,-
H 56 cm
MIKIÐ ÚRVAL AF RISAPOTTUM
GAS GRILL
4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp
– hitamælir
Grillgrind er postulíns-húðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulíns-húðuð. 43x39 cm
Þrýstijafnari og slanga fylgir.
37.900,-
1/2" slanga
15 metra
með byssu
og tengjum
1.390,-
690,-
1.290,-
395,-
H 25 cm
690,-
H 33 cm
790,- B 60 cm
Undirdiskar fylgja pottum
Strákústur
30cm breiður
695,-
Reykjavík | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Akureyri | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsavík | Garðarsbraut 50 | Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Fiskveiðistjórnunin. Allan sannleikann, takk!

Sjávarútvegsmál



Hörður Bergmann
kennari og rithöfundur

Ógnandi mynd er nú þrengt inn í þjóðarsálina með auglýsingum og fyrirsögnum í fjölmiðlum um frumvörp um fiskveiðistjórnun og veiðigjald. Hamrað er á því að verið sé að gera árás á undirstöðuatvinnuveg og landsbyggðina; gera meirihluta útgerðarfyrirtækja gjaldþrota með hóflausum álögum og skattheimtu. Annað kemur í ljós ef að er gáð.

Skoðum tvær gildar ástæður þess að fullyrðingar um útgerðarhrun og atvinnubrest vegna ákvæða í umræddum frumvörpum standast ekki; þau skapa ekki skuldavanda og gjaldþrotahættu. Sá vandi vofir nefnilega einkum yfir þeim fyrirtækjum í útgerð sem reistu sér svikamyllur í samstarfi við bankastjóra á tíma sem nefndur var góðæri. Þegar myllurnar hrundu kom í ljós um 550 milljarða skuld sem var að miklu leyti byggð á ofurveðsetningu aflaheimilda. Þessi ofurlán fóru ekki öll í fjárfestingu innan greinarinnar og bitna því enn á rekstrinum þrátt fyrir hrikalegt gengisfall sem útgerð og fiskvinnsla hagnast á en þrengir hag almennings. Samt hefur tekist að skipa öflugan grátkór til að syngja um það að ekki megi auka útgjöld og þyngja skuldabyrði, sem telja verður sjálfskaparvíti fremur en ógnun, í nýjum frumvörpum um fiskveiðistjórnun.

Einnig er vert að hafa í huga hvað lagt er til grundvallar í frumvarpi um veiðigjald. Því er lýst svo á vefsíðum forsætisráðuneytisins: „Veiðigjöld verða tvískipt, annars vegar grunngjald sem allir greiða, 8 kr. fyrir þorskígildiskíló og hins vegar sérstakt veiðigjald, sem verður tengt áætlaðri rentu hvers árs og skilar þjóðinni réttmætri auðlindarentu. [...] Grunngjaldið er hugsað til að standa undir stofnunum ríkisins við stjórn fiskveiða.“ Í þessu felst það að ekki er hætta á að fyrirtæki í eðlilegum rekstri fari á hausinn vegna veiðigjalds, það verður einungis hluti af svokallaðri auðlindarentu, hluti af því sem eftir verður þegar útgerðin hefur greitt allan rekstrarkostnað og tekið eðlilega arðsemi úr rekstrinum. Þá skulu fyrirtækin skipta því sem eftir stendur með almenningi. Sé enginn hagnaður greiðir útgerðin einungis grunngjaldið, eitthvað upp í rekstrarkostnað þjónustustofnana sinna. Eigandi auðlindarinnar fær engan hlut af auðlindarentu séu fyrirtækin með nýtingarréttinn illa skuldsett eða rekin á hæpnum grunni af öðrum ástæðum. Frumvarpið virðist þannig tryggja útgerðum landsins gott skjól.

Furða hvílíkt ramakvein hefur verið rekið upp af talsmönnum fyrirtækja sem njóta þeirra forréttinda í íslenska markaðsþjóðfélaginu að geta notað eftirsóttan, verðmætan veiðirétt svo til ókeypis í áratugi og sjá nú fram á að fá hann fyrir samningsbundna þóknun í 20+15 ár. Furðu margir taka undir, jafnvel sjómenn og sveitarstjórnarmenn. Það finnst mér torskilið, en ég skil vel þá sem gagnrýna þá grunnhugmynd ríkisstjórnarflokkanna að hyggjast lengja svo rækilega eins árs nýtingarrétt þeirra sem sitja að fádæma forréttindum í stað þess að innkalla réttinn í áföngum og bjóða hann svo upp á markaði. Búum við enn við svo rótgróið auðvald með slík tengsl inni á Alþingi að opið markaðsþjóðfélag telst óhugsandi?

# Gulrætur og villandi samanburður

Erfðabreytt framleiðsla



Sandra Best
sjálfstæður ráðgjafi

Fréttablaðið birti þann 8. maí sl. grein um framleiðslu ísraelska fyrirtækisins Protalix Biotherapeutics á lyfi úr erfðabreyttum plöntufrumum. Því miður veita staðhæfingar í greininni ranga mynd af framleiðsluaðferð Protalix og gefa til kynna að íslenska fyrirtækið Orf Líftækni framleiði erfðabreytt lyfjaprótein með sömu aðferðum og Protalix. Í greininni segir að Protalix sé „fyrst í heiminum til að koma á markað lyfi sem framleitt er í erfðabreyttum plöntum“ og í fyrirsögn segir að „lyfið er framleitt í gulrótum. Orf Líftækni beitir svipaðri tækni til framleiðslu á líftækniróteinum í byggi.“ Hvorug þessara staðhæfinga er rétt.

Það er fátt líkt með því hvernig Protalix Biotherapeutics og Orf Líftækni framleiða erfðabreytt lyfjaprótein. Ísraelska fyrirtækið notar frumur sem eru teknar úr gulrótum, erfðabreytir þeim og ræktar þær síðan til framleiðslu á próteinum í sterkum plastsekkjum (polyethylene bioreactors) við öryggi hins lokaða, einangraða kerfis. Protalix hefur staðfest að „heilar plöntur eru ekki notaðar á neinu stigi framleiðslunnar“. Orf framleiðir lyfjaprótein sín hins vegar í erfðabreyttum plöntum sem ræktaðar eru utandyra í Gunnarsholti og í hættulega óöruggum gróðurhúsum í Grindavík, á Kleppjárnsreykjum, í Barra á Héraði og á Reykjum í Ölfusi. Aðferðir Orf eru mjög áhættusamar fyrir vistkerfið og heilsufar – ólíkt aðferðum Protalix.

Tilraunastofur (og önnur lokuð kerfi) eru öruggustu staðir til framleiðslu á lyfjapróteinum – þau má rækta í litlu eða miklu magni ýmist með notkun dýra- eða plöntufruma. Hvor aðferðin sem er notuð þá er meginatriðið að framleidd prótein séu einangruð og hreinsuð. Dýrafrumur eru ræktaðar í stórum tönkum sem kostnaðarsamt er að starfrækja og þurfa stöðuga næringu til að halda við frumuvextinum. Vinnsla á próteinum úr plöntufrumum getur notast við einfaldari tækni. Æ fleiri lyfjafyrirtæki á borð við Protalix nota plöntufrumur til ræktunar sakir meiri hagkvæmni.

Ólíkt Protalix hefur Orf ákveðið að nota vistkerfið sem sína tilraunastofu vegna þess að það er ódýrara fyrir fyrirtækið að rækta próteinin í plöntum utandyra eða í gróðurhúsum, í stað þess að rækta þau í frumum í fyllilega lokuðum kerfum. Ef dulinn kostnaður við útiræktun Orf væri tekinn með væru próteinafurðir þess líkast til óseljanlegar. Tökum til dæmis tjón sem hún kann að valda á ímynd Íslands. Nánast allar greinar atvinnulífsins, þ.e. ferðaþjónusta, orkuframleiðsla, tónlist, tíska, landbúnaður, matreiðsla og matvælaiðnaður nota ímynd Íslands til kynningar á afurðum sínum. Og fáir nota ímynd hins hreina og óspillta Íslands í jafn ríkum mæli og Orf, ef marka má vefsíðu þeirra. Annar dulinn kostnaður, s.s. hugsanlegt tjón á vistkerfinu og áhætta fyrir heilsufar manna og dýra, er heldur ekki metinn til verðlagningu á próteinum Orf. Framleiðsla þess er í reynd niðurgreidd af samfélaginu. Framleiðsluaðferðin setur ágóða ofar öryggi, grefur undan trausti á vísindum og tækni og gefur komandi kynslóðum íslenskra vísindamanna slæmt fordæmi.

Protalix notar erfðabreytt prótein til framleiðslu á lyfjum sem brýn þörf er fyrir, en Orf notar sín erfðabreyttu prótein að mestu leyti til snyrtivöruframleiðslu, sem ekki er jafn rík þörf fyrir. Lyf krefjast margra ára tilrauna (a.m.k. þriggja fasa) á mönnum. Ekki eru gerðar kröfur um klínískar prófanir með snyrtivörur á mönnum, líkast til vegna þess að þær hafa fram undir þetta verið taldar innihalda tiltölulega meinlaus efni. Nú er hins vegar farið að nota áhrifarík og óprófuð efni í snyrtivörur, svo sem erfðabreytt efni (til dæmis í vörum Sif Cosmetics, dótturfyrirtækis Orf) og nanóeindir. Þegar nanóeindir zínkoxíðs voru notaðar í sólarkrem setti ESB reglugerð til að tryggja að snyrtivörur með nanóeindum væru merktar. Nú vex þeirri kröfu fiskur um hrygg að snyrtivörur úr erfðabreyttum efnum verði einnig merktar.

Það sem fréttnæmt er um Orf og Protalix er ekki það sem er líkt með þeim, heldur hver munurinn er á aðferðum þeirra. Orf hefur beitt erfðatækni með aðferðum sem ógna umhverfi og heilsufari til vöruframleiðslu sem hvorki krefst prófana né merkinga og þjónar takmarkaðri samfélagsþörf. Protalix hefur notað erfðatækni til framleiðslu á ítarlega prófuðum vörum sem brýn þörf er fyrir, og með ítrustu öryggiskröfur að leiðarljósi.

> Ef dulinn kostnaður við útiræktun Orf væri tekinn með væru próteinafurðir þess líkast til óseljanlegar.

AF NETINU

### Feimnismál lífeyrissjóða

Eðlilegt er, að ljósmyndara fjölmiðils sé kastað út af aðalfundi Bakkavarar. Fyrirtækið er nefnilega feimnismál lífeyrissjóðanna. Þeir keyptu hræið af bankanum og afhentu Bakkabræðrum það að nýju. Skuldir útrásargreifanna voru fyrst afskrifaðar og svo lögðu þeir til fjóra milljarða í hlutafé. Ekki blankir eftir afskriftirnar. Fyrst létu lífeyrisbófarnir greifana stjórna fyrirtækinu og nú eru þeir orðnir með stærstu eigendum. Greifarnir komnir aftur til skjalanna, hvítskúraðir eftir hrunið. Þetta gera lífeyrisbófarnir við peninga gamla fólksins um leið og þeir rýra léleg lífeyrisréttindi þess.

http://jonas.is/

Jónas Kristjánsson

### Evrópuviðræður með nýju umboði

Vænn áfangi í stjórnarskrármálinu í dag: Alþingi samþykkir þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárfrumvarpið frá stjórnlagaráðinu – gegn atkvæðum þeirra sem aldrei hafa viljað nýja stjórnarskrá nema þeir hafi öll völd á henni sjálfir, og – því miður – gegn atkvæðum velflestra Framsóknarmanna sem þó lofuðu hvað háværast nýrri stjórnarskrá frá sérstöku stjórnlagaþingi í síðustu kosningum.

http://blog.eyjan.is/mordur/

Mörður Árnason




auglýsir inntöku nýnema fyrir skólaárið 2012 - 2013

GRAFÍSK HÖNNUN
LISTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun. Á námstímanum öðlast nemendur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í faginu sem gerir þá hæfa til að fást við krefjandi verkefni á sviði hönnunar fyrir prentmiðla og margmiðlun. Rík áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Strax í upphafi takast nemendur á við grunnhugmyndir fagsins, rætur þess í fagurlistum og tengsl við prentiðnaðinn. Til að hefja nám í deildinni þurfa umsækjendur að hafa lokið viðurkenndu fornámi í framhaldsskóla eða myndlistarskóla og þar sannað hæfni sína í undirstöðugreinum.

FRJÁLS MYNDLIST
FAGURLISTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist. Nemendur fá alhliða þjálfun í hefðbundnum greinum þar sem áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Meðal kennslugreina eru: efnisfræði, skissugerð, olíumálun, akrýlmálun, myndgreining, ljósmyndun, grafík, módelteiknun, rými, bóklist, tölvugrafík, hugmyndafræði, sýningarstjórnun, fagurfræði og listfræði. Til að hefja nám í deildinni þurfa umsækjendur að hafa lokið viðurkenndu fornámi í framhaldsskóla eða myndlistarskóla og þar sannað hæfni sína í undirstöðugreinum.

MYNDLIST - HÖNNUN - ARKÍTEKTÚR
FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi. Myndlistaskólinn á Akureyri býður upp á hnitmiðað 39 eininga heildstætt nám í sjónlistum. Námið er skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla og í því felst listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs.

Umsókn um skólavist þarf að berast skólanum fyrir 5. júní nk. ásamt umbeðnum gögnum og tilskyldum fjölda eigin myndverka. Inntökunefnd áskilur sér rétt til að boða umsækjendur til viðtals dagana 5. til 8. júní, telji hún ástæðu til.

Kaupvangsstræti 16 - Sími. 462 4958 - info@myndak.is - www.myndak.is - www.facebook.com/myndak

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## LIST FYRIR ALLA

**Listahátíð í Reykjavík stendur yfir dagana 18. maí til 3. júní. Fjöldi viðburða er í boði fyrir alla aldurshópa, til dæmis tónleikar, leikhús, myndlistarsýningar og húslestrar þar sem rithöfundar bjóða heim.**




**RYÐFRÍIR HITAKÚTAR**

**VÖNDUÐ VARA**
**ÁRATUGA REYNSLA**



BLÖNDUNARLOKI FYLGIR

OSO HOTWATER

NORSK FRAMLEIÐSLA



WÖSAB Olíufylltir rafmagnsofnar
Stærðir: 250W-2000W

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




**EITT STOPP** Tómas Skúlason ásamt „aðstoðarverslunarstjóranum“ Tinna sem stendur með honum vaktina. MYND/GVA

# AUKIN ÞJÓNUSTA

**VEIÐIPORTIÐ KYNNIR** *Tómas Skúlason eigandi Veiðiportsins býður ókeypis kastnámskeið með hverju fluguveiðisetti. Þá er ný vefverslun komin í loftið.*

Með nýrri vefverslun bjóðum við viðskiptavinum okkar aukna þjónustu, sérstaklega þeim sem búa úti á landi og hafa ekki kost á að koma við í búðinni,“ segir Tómas Skúlason, eigandi verslunarinnar Veiðiportið, Grandagarði 3.

„Við erum að setja inn vörur hvenær sem við eigum lausa stund og innan skamms verða allar vörur Veiðportsins fáanlegar í gegnum síðuna. Þar á meðal allar tegundir af flugum en við bjóðum örugglega ódýrustu flugurnar á landinu og höfum gert frá upphafi,“ segir Tómas en hann stofnaði Veiðiportið fyrir níu árum gagngert til að bjóða gott úrval af flugum á samkeppnishæfu verði.

„Við fórum strax af stað með eigin framleiðslu og hnýtum mikið af flugum yfir vetrartímann. Þá erum við einnig í samstarfi við nokkra góða fluguhnýtingamenn og bjóðum allar helstu flugurnar. Auðvitað lumum við svo alltaf á leynivopnum úr okkar smiðju,“ segir Tómas.

Fluguveiðisett í Veiðiportinu kosta frá 19.900 krónum og fylgir öllum seldum fluguveiðisettum frítt kastnámskeið. Tilboðið gildir eitthvað fram á vorið og sér Tómas sjálfur um kennsluna.

„Fólk hefur verið hrætt við að fjárfesta í fluguveiðigræjum ef það kann ekki til verka en nú fylgir kennsla frítt með,“ segir Tómas. Safnað verður í átta til tíu manna hópa og köstin æfð á Klambratúninu við Miklubraut. Námskeiðin fara fram eftir klukkan 18 og fer skráning fram við kaup.

Vöruúrvalið í Veiðiportinu spannar alla flóruna í veiðivörum og nefnir Tómas meðal annars handhæga slöngubáta sem slegið hafa í gegn. Bátunum er pakkað saman í tösku sem lítið fer fyrir og einungis tekur um 15 mínútur að setja þá saman. Bátarnir eru viðurkenndir af Siglingastofnun. „Þetta hentar þeim sem ekki hafa pláss til að geyma stóran bát yfir vetrartímann eða draga á kerru. Það má einfaldlega henda þeim í skottið á fjölskyldubílnum og leggja af stað í veiðitúr. Það þarf í rauninni bara eitt stopp hvort sem viðkomandi er að fara á sjóstöng eða að veiða í ám og vötnum og það er í Veiðiportinu. Við bjóðum alla flóruna og höfum einbeitt okkur að því að bjóða upp á góða vöru á góðu verði.“

**ÓDÝR OG GÓÐ VARA** „Við bjóðum örugglega ódýrustu flugurnar á landinu,“ segir Tómas Skúlason, eigandi Veiðiports. MYND/GVA



**LÆKKAÐ VERÐ**
***Allar helstu silungaflugurnar í Veiðiportinu kosta 195 krónur stykkið.***



**HANDHÆGIR BÁTAR**
***Slöngubátarnir pakkast saman í handhæga tösku. Tekur 15 mínútur að setja saman. Viðurkenndir af Siglingastofnun.***

**NÝ VEFVERSLUN**
***www. veidiportid.is***




Áfram Ísland!

EUROVISION SONG CONTEST BAKU 2012

TILBOÐ 4 Tilboð fyrir fjóra eða fleiri.
- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Svínakjöt í kryddhjúpi og grænmeti í plómusósu
- Kjúklingastrimlar með kassewhnetum í drekasósu
- Woksteiktar karrýnúðlur með kjúklingi, edamame baunum, grænmeti og sesam.

Verð 6760 kr.
Verð aðeins 1690 kr. á mann

TILBOÐ 1 Tilboð fyrir tvo eða fleiri.
- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
- Svínakjöt og grænmeti í drekasósu

Verð 3580 kr.
Verð aðeins 1790 kr. á mann

TILBOÐ 2 Tilboð fyrir tvo eða fleiri.
- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Svínakjöt og grænmeti í plómusósu
- Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
- Kjúklingastrimlar í kókós karrýsósu

Verð 3780 kr.
Verð aðeins 1890 kr. á mann

Skoðaðu úrval veislurétta á www.nings.is

Eurovision tilboð

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899

# Útsala

**Kínversk húsgögn**



**Uppl. í síma 821 8609 • qcindy@gmail.com**






UPPLIFÐU FRELSIÐ!

**Verið velkomin**

**í nýjan sýningarsal okkar að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.**



Sýnum og seljum húsbíla frá Touring Cars Iceland á verði sem kemur á óvart.

**Verð frá 4.990.000.-**



Komið og skoðið LMC hágæða hjólhýsin í nýjum sýningarsal!

**Verð frá 4.395.000.-**



**Sími: 517-5200**
pkarlsson@pkarlsson.is
www.pkarlsson.is
**www.lmc.is**

*Fimm stjörnu ferðafrelsi!*

P.Karlsson er umboðsaðili LMC á Íslandi

**Opnunartímar:**
Virka daga: 10-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: 13-17





**JSB danssýning ársins**

**verður haldin í Austurbæ 25. maí kl. 20:00**

**Miðar á midi.is**

JSB á 45 ára starfsafmæli og efnir til sannkallaðrar dansveislu þar sem farið verður á vit fortíðar og alls konar taktar rifjaðir upp.

Reikna má með ýmsum óvæntum uppákomum og stuðið verður þannig að það mælist í amperum!



**Hlökkum mikið til að sjá ykkur!**

JSB DANSLISTARSKÓLI



vissir þú að...
börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# SMURBRAUÐ OG ÖL

**ALVÖRU PARTÍ** *Birna Björnsdóttir danskennari er margreyndur Eurovision-fari. Hún ætlar að halda magnað Eurovision-partí á morgun þar sem danskur andi svífur yfir vötnum og gestum er boðið upp á smurbrauð og öl.*

Birna Björnsdóttir ætlar að halda feikna Eurovisionpartí og er skipulagning þess löngu hafin. „Eftir að málið var lagt í nefnd varð niðurstaðan sú að hafa danskt þema. Á boðstólum verður því smurbrauð með ýmsum tegundum af áleggi og bjór með. Svo eru girnilegir snakkréttir fyrir börnin.“ Ekki er komið að tómum kofanum hjá Birnu hvað varðar Eurovision-söngvakeppnina enda hefur hún fimm sinnum séð um dans- og sviðshreyfingar fyrir Íslands hönd og fjórum sinnum farið út með liðinu. Síðast fór hún með Heru Björk til Noregs og lenti lagið þar í 19. sæti. Að þessu sinni verður hún þó heima og er félagsskapurinn ekki af verri endanum. „Það verða nokkrir þungavigtarar hérna; Hera ætlar að mæta á svæðið og Selma systir ásamt fleiri góðum gestum. Ætli við verðum ekki um 15-20 manns.“ Partíið mun því vera hokið af Eurovision-reynslu þar sem blandast saman gaman og alvara. „Það verða allir að vera búnir að kynna sér lögin, allir fá blöð, gefa stig og útbúa topp tíu lista. Þetta er partý fyrir alvöru Eurovision-aðdáendur. Við nennum ekki að vera í partýi þar sem fólk er að blaðra ofan í lögin, hér er horft og hlustað og svo talað og hlegið á milli laga og jafnvel hlegið svolítið að lögunum.“

Birna á og rekur Dansskóla Birnu Björns og hefur haft nóg að gera undanfarið þar sem árlegri vorsýningu dansskólans í Borgarleikhúsinu er nýlokið.



**MIKIÐ LAGT Í VEITINGARNAR** Birna með girnilegt smurbrauð ásamt dóttur sinni, Ísabellu Rós, með nammibombu.

„Það er nú gaman að segja frá því að í ár voru fleiri nemendur sem dönsuðu á stóra sviði Borgarleikhússins en áhorfendurnir sem horfðu, þrátt fyrir fullan sal af fólki.“ Dansskóli Birnu Björns er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu; í Kópavogi, Garðabæ, Vesturbænum og Grafarvogi sem auðveldar fólki að sækja dansnám án þess að þurfa að leggja á sig langt ferðalag.

■ vidir@365.is

## SMURBRAUÐ OG NAMMIBOMBA

**EUROVISION-RÉTTIR BIRNU BJÖRNS**

**SMURBRAUÐIÐ**
**Brauð**
**Piparrótarsósa**
**Klettasalat**
**Sneið af roast beef**
**Kapers**
**Svissaðir sveppir**
**Svissaður laukur**
**Tómatsneið**



**SÓSAN**
**Hlynsíróp**
**Relish**
**Sýrður rjómi**

**NAMMIBOMBA**
***Búið til nammibombu með því að raða eftirfarandi á disk:***
**Sykurpúðar**
**Kókósbollur**
**Lakkrísreimar**
**Hindber**

# ALPHA DAILY HRESSIR OG KÆTIR

**HP HEILSA KYNNIR** *Örn Jónsson, sjúkranuddari, tekur Alpha Daily með sér í golf því drykkurinn gefur honum aukna orku.*

Örn Jónsson, sjúkranuddari, segir Alpha Daily vera uppáhaldsdrykkinn sinn. „Alpha Daily hressir og kætir og mér líður vel af honum. Ég tek hann með mér í golfið af því hann er orkugefandi. Það er líka gott að drekka hann ef löngun í sætindi grípur um sig. Þá finnst mér hressandi að drekka hann og ég er laus við löngun í sykur. Drykkurinn er gefandi auk þeirrar jákvæðu virkni sem hann hefur en Alpha Daily hefur góð áhrif á meltingarkerfið og ónæmiskerfið.“

Alpha Daily drykkurinn fæst á eftirtöldum stöðum: Hagkaup, Víðir, Fjarðakaup, Kostur, Melabúðin, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Garðheimar og Blómaval.




## JÁKVÆÐ VIRKNI

***Blandan eplaedik, hunang og oregano er til búin til drykkjar á flöskum.***
***Í Alpha Daily drykkinn er að grunni til notað eplaedik og lífrænt hráhunang sem hvort tveggja er sagt hafa heilsubætandi áhrif á líkamann. Fleiri krydd-jurtir eru í drykknum svo sem oregano.***


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473,
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

25. MAÍ 2012

# Lífið

SUMARLEG BRÚÐARFÖRÐUN

HALLÓ NEON LITIR

OPNUNARGLEÐI Í REYKJAVÍK



## ÞETTA SNÝST EKKI UM ÚTLITIÐ

INGA LIND KARLSDÓTTIR, FRÉTTA- OG SJÓNVARPSKONA UM OFFITU ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR

FRÉTTABLAÐIÐ

› Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Það var þétt setið á bar 101 á laugardagskvöldið var en þar voru meðal annars systurnar smekklegu þær **Svava Johansen** og Berglind Johansen í góðu yfirlæti.



Einnig sást þar sjónvarpsmaðurinn **Þórhallur Gunnarsson** á spjalli sem og veitingamaðurinn Garðar Kjartansson sem gaf skemmtistaðnum Skuggabarnum nýtt líf á dögunum.



Búðareigandinn Anna María Ragnarsdóttir og dansarinn **Eygló Karólína Benediktsdóttir** sáust einnig í góðri stemningu með vinkonum sínum.





Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Ari Magg
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

# OPNUNARGLEÐI GÓRILLU

**Viðburðabarinn Górillan stimplaði sig inn með látum í skemmtanalíf miðborgarinnar í síðustu viku þegar opnunarveisla var haldin með tilheyrandi stuði og stemningu. Staðurinn er í alla staði glæsilegur og var pakkfullt í veislunni þar sem vel var veitt af föstum og fljótandi veitingum.**



Damon Yonger leikari, Valli Sport athafnamaður og Katrín Ágústa í Íslenska dansflokknum.



Rúnar og Garðar Gunnlaugssynir.



Veitingarnar voru í góðu lagi. MYNDIR/ARNÓR HALLDÓRSSON



Rauður litur var allsráðandi hjá þessum fögru fljóðum.

Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid



Magdalena Dubik fegurðardrottning og vinkona.

AFSLÁTTARSPRENGJA

Afsláttarsprengja 25. maí - 2. júní
25-70% afsl
af völdum vörum
fyrstir koma fyrstir fá



dæmi um merki sem eru í búðinni
2biz- Desiqual-SkunkFunk-Creme-VETO-B-Young-og fleiri góð

Tískuvöruverslunin
basic
sími 571-5671
Basicplus Háholti 13-15,við hlið Krónunar í Mos / Opið: mán - fös 12:00- 18:00 og lau 12:00-15:00

## HORFIR HEIMA MEÐ FJÖLSKYLDUNNI

### Eyjólfur Kristjáns heimakær

„Ég verð heima hjá mér með fjölskyldu minni og horfi á Ísland taka þátt. Ég skipti svo snarlega yfir í eitthvað annað og horfi svo á atkvæðagreiðsluna. Fer svo seinna um nóttina á NASA og syng með Stebba Hilmars í Europartíi Páls Óskars,“ segir Eyjólfur Kristjánsson spurður hvar hann ætli að vera á laugardaginn þegar Greta Salóme og Jónsi flytja lagið Never Forget í Kristalshöllinni í Bakú. Eyjólfur söng lagið Nína í Eurovision-keppninni árið 1991 í Róm ásamt Stefáni Hilmarssyni. Þeir lentu í 15. sæti.



Eyjólfur og Stefán hafa ekkert breyst eða hvað?



Brosandi glaðir enda Eurovision-kvöld framundan.



Nína er Eurovision-lag sem fáir þekkja ekki.

# Allt fyrir BRÚÐKAUPIÐ í The Pier!





















Skráið ykkur á brúðkaupslista hjá The Pier

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Kjóll Írisar er stuttur að framan en síður að aftan.



Íris var í sléttbotna skóm við kjólinn.



# VILDI ROKKAÐAN BRÚÐARKJÓL

Það vill oft verða flókið verk að finna þann eina rétta, það er að segja brúðarkjólinn. Sumar þurfa að máta marga kjóla og velta fyrir sér ýmsum möguleikum á meðan aðrar vita hvað þær vilja frá fyrsta augnabliki. Íris Björk Tanya Jónsdóttir var ein þeirra og lét hanna draumakjól með rokkuðu ívafi.

**Hvenær var stóri dagurinn?** Dagurinn var 7. ágúst, árið 2009, 070809.

**Hver hannaði brúðarkjólinn?** Guðrún Árdís Össurar saumaði kjólinn en við hönnuðum hann í sameiningu, en ég á korselett frá Spaksmannsspjörum sem ég nota oft og út frá því varð hugmyndin að kjólnum til.

**Vissirðu alltaf hvernig kjól þú vildir gifta þig í?** Já, ég vissi í raun hvað ég vildi um leið og ég fór að huga að kjólnum, ég er ekki flókin stelpa. Ég vildi hafa hann pínu rokkaðan því að ég bara get ekki blúndur og rómantískan stíl þó svo að mér finnist það flott á öðrum.

## CLINIQUE KYNNIR:

### EVEN BETTER CONCEALER

Kremaður hyljari sem felur dökka bletti og og dökka bauga undir augum. Augnsvæðið verður bjartara og unglegra. Velkomin viðbót við Even Better línuna frá Clinique sem er marg verðlaunuð.






Förðun: Margrét R. Jónasar með Make Up Store
Model: Eydís Helena Evesen

# NÁTTÚRULEG BRÚÐARFÖRÐUN FYRIR SUMARIÐ

Sumarið er tíminn til að láta freknurnar skína og leyfa náttúrulega útlitinu að njóta sín. Það sama á við um stóra daginn en ekki er ráðlagt að konur fari ótroðnar slóðir í förðun og hárgreiðslu á sjálfan brúðkaupsdaginn.

Förðunarmeistarinn Margrét R. Jónasar hjá Make Up Store sýnir hér einfalda og náttúrulega brúðarförðun sem getur einnig átt við á fallegum sumardegi.

Margrét segir mikið um að konur komi í brúðarförðun en segir það einnig hafa færst í aukana að þær komi til sín í ráðgjöf og læri að farða sig sjálfar fyrir tilefnið.

**Húð:**
Liquid Foundation
Luminouz Bronzer (fljótandi sólarpúður)
Eazy Cover Hyljari

**Kinnar:**
Sugarpink

**Augu:**
High Tec Lighter Stardust
Eyedust Pinky
Microshadow Masai
Sensitive Mascara

**Varir:**
Attitude varalitur og Gardenia varagloss



Margrét R. Jónasar, förðunarmeistari.



AUGLÝSING: HAWAIIAN TROPIC KYNNIR

# HVAÐA SÓLARVÖRN SKAL VELJA?

## Að vera í sól er gott fyrir alla, en nauðsynlegt er að gera það á öruggan hátt.

**Hawaiian Tropic sólarvarnarlínan** er rík af vítamínum sem gefa húðinni ferskt útlit og ilmar yndislega. Með hjálp frá ávöxtum náttúrunnar verður húðin nærð, varin og dekruð.

Það er þó mikilvægt að bera reglulega á sig sólarvörn og taka mið af því þegar farið er í vatn, hvort sem það er í sjó eða sundlaug. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að allur vökvi eins og vatn, sviti, drykkir o.s.frv. getur brotið niður og haft áhrif á varnarsíur hvaða sólarvarnar sem er og því alltaf mikilvægt að bera vel og reglulega á líkamann góða vörn.

Notaðu töfluna hér að neðan til þess að komast að því hvaða vörn hentar þinni húðgerð best og kemur í veg fyrir að húðin brenni.

### LJÓS HÚÐ

Hárlitur: Rauður

**Brennur oftast í sól: Börn með viðkvæma húð, mjög ljósa húð og freknótta húð.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 15-30. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli en aðeins í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 30-50+. Notið sérstaka vörn fyrir andlitið, ekki olíur.

**4-6 klst.** Varnarstuðull 50+.

### MEÐAL/LJÓS HÚÐ

Hárlitur: Ljós

**Brennur auðveldlega: Fyrir frekar ljósa húð, ljósrautt og skolleitt hár.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 15. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli en aðeins í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 15-20. Notið sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund. Einnig er gott að verja varirnar sérstaklega með varaglossi sem inniheldur varnarstuðul.

**4-5 klst.** Varnarstuðull 30. Notið sérstaka vörn fyrir andlitið, ekki olíur.

**6 klst.** Varnarstuðull 50+.

### DÖKK HÚÐ

Hárlitur: Brúnn

**Brennur sjaldan. Miðlungshúðlitur, frekar dökkur húðlitur og dökkt hár.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 6-8. Notið sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 15. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli, aðeins þó í skamma stund.

**4-5 klst.** Varnarstuðull 20. Gott að verja varirnar sérstaklega með varaglossi sem inniheldur varnarstuðul.

**6 klst.** Varnarstuðull 30. Notið sérstaka vörn fyrir andlitið, ekki olíur.

### MJÖG DÖKK HÚÐ

Hárlitur: Dökkbrúnn/svartur

**Brennur nánast aldrei. Frekar dökkur og mjög dökkur húð- og hárlitur.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 6-8. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli en aðeins í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 10. Mælt með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund.

**4-5 klst.** Varnarstuðull 15. Notið sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund.

**6 klst.** Varnarstuðull 20. Mælt er með að nota sérstaka vörn fyrir andlitið þó ekki olíur. Gott er að verja varirnar sérstaklega með varaglossi sem inniheldur varnarstuðul.



## SILK HYDRATION FRÁ HAWAIIAN TROPIC

- Fyrsta og eina sólarvörnin sem inniheldur nærandi efni og gefur því mun meiri raka en hefðbundin sólarvörn.
- Blandað með náttúrulegum silkipróteinum og glýseróli til þess að næra húðina í allt að 12 klst.
- UVA/UVB varnarsíur, létt áferð, nærandi andoxunarefni & yndislegur kókosilmur gera Silk Hydration að uppáhalds sólarvörninni þinni!
- Fáanleg í 180 ml brúsum með varnarstuðla 15, 30 og 50.

NÝTT







„Safaríkir og ilmandi **varaglossar** sem innihalda vörn gegn sólinni og gefa vörunum fallegan gljáa."

HAWAIIAN Tropic EST. 1969

› Sjá nánar á visir.is/lifid

### SÓLARKREM




**„Sérstök blanda sem nærir og mýkir húðina og hentar flestum. UVA/UVB vörn. Inniheldur A-, C- og E-vítamín sem næra húðina og ilmar af suðrænum kókosilmi."**

### SÓLAROLÍUR




**„Sérstaklega nærandi olíur sem ganga fljótt inn í húðina og gefa henni fallegan gljáa ásamt góðri vörn. Inniheldur beta karótín sem talið er viðhalda jafnvægi húðarinnar."**

# MEÐVITAÐRI EN ÁÐUR

**Inga Lind Karlsdóttir, frétta- og sjónvarpskona, hefur undanfarið ár unnið að heimildaþáttaröð um offitu Íslendinga sem verður sífellt stærra og umfangsmeira vandamál hér á landi.**



Ef við erum upplýst um vandann þá held ég að það séu meiri líkur á að við getum tekist á við hann, segir Inga Lind.

**INGA LIND KARLSDÓTTIR**
**HVER ER KONAN?** Ég er Garðbæingur, ættaður að vestan og úr Borgarfirði.
**ALDUR:** 36 ára.
**BÖRN:** 5 börn (3ja, 10, 11, 15 og 19).
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Gift.
**ÁHUGAMÁL:** Á sumrin er það veiði, á veturna badminton og allt árið tennis og lestur góðra bóka. Fyrir utan allt það skemmtilega sem lífið hefur upp á að bjóða.
**UPPHAFSSÍÐA:** apple.com.
**HVERNIG SINNIR ÞÚ ANDLEGU HLIÐINNI?** Með því að nota hvert tækifæri sem gefst til að hitta vini og eiga með þeim góðar stundir.
**SÍÐASTA SMS SEM ÞÚ FÉKKST (OG FRÁ HVERJUM)?** „Plís ekki segja LOL. Aldrei aftur mamma.“ (frá 15 ára dóttur minni)

**Hvar ertu búin að vera undanfarin ár frá því að fréttirnar á Skjá einum voru lagðar niður árið 2010?** Ég hef verið í hinum og þessum verkefnum síðan þá og tekið því frekar rólega. Það hefur stundum verið átak fyrir mig þar sem ég hef verið á frekar miklum hraða með öll mín mál, alla mína starfsævi, en ég hef haft gott af þessu. Ég skellti mér í nokkra kúrsa í HÍ og nam þar listfræði á hægu róli, skipti mér ofurlítið af skólamálum í gegnum Hjallastefnuna og Fjölbrautaskólann í Garðabæ og vasaðist í einu og öðru óformlegu hér og þar.

**Af hverju ákvaðstu að demba þér í þáttagerð um offitu Íslendinga?** Það var tilviljun. Ég var svo heppin að fá að sitja fund hjá Thorvaldsensfélaginu, sem er ákaflega merkilegt kvenfélag, um of feit börn á Íslandi og meðferð þeim til handa, niðurstöður og rannsóknir. Þarna var ég óvænt dottin inn á fyrirlestur og mér brá því ég vissi ekki að staðan væri eins slæm og hún er. Ég vissi ekki að um 2.500 börn á Íslandi væru of feit og um 9.000 of þung. Ég vissi ekki að lítið sem ekkert markvisst væri gert fyrir þau af hálfu hins opinbera. Ég áttaði mig á að þau eiga sér ekkert stuðningsfélag eins og börn sem þjást af einhverju öðru. Þau eiga sér engan málsvara og fá úrræði eru þeim til handa. Verst fannst mér þó sú tilhugsun að sennilega væri fólk almennt ekki nógu vel upplýst um þennan vanda. Mig langaði virkilega að gera eitthvað í málinu, verða að gagni. Ég er vissulega ekki sérfræðingur en ég kann þó allavega eitthvað í að búa til sjónvarp og flytja fréttir svo ég hugsaði með mér að kannski væri það lóð á vogarskálarnar í glímunni við þetta vaxandi heilsufarsvandamál, að taka saman þær upplýsingar sem eru til, grafa svolítið dýpra og gera úr því heimildarmynd. Ef við erum upplýst um vandann þá held ég að það séu meiri líkur á að við getum tekist á við hann. Við leysum ekki vanda sem er falinn og fáir vita um.

Þannig fór ég af stað og hringdi í Einar Árnason vin minn og myndatökumann og bað hann um að vera með. Hann vildi það og við erum búin að vera síðan að mynda og taka viðtöl og garfa og rannsaka þetta mál í vetur. Við erum komin með tugi viðmælenda og efnið orðið miklu viðameira en mér datt í hug í upphafi að það gæti orðið. Niðurstaðan er fjögurra þátta röð þar sem er ekki einasta fjallað um börn heldur okkur öll því við getum ekki einskorðað umfjöllunina við börn. Þau eru aðeins í rauninni ein birtingarmynd þess mikla samfélagsgalla er veldur þeim breytingum á holdafari þjóðarinnar sem raun ber vitni. Í fyrsta þætti verður offituvandinn kynntur til sögunnar og rætt við tvær ungar en mjög ólíkar manneskjur sem báðar hafa glímt við vandann alla sína ævi. Þær lýsa hvor á sinn hátt vandamálunum, fordómunum, baráttunni, orrustunum og því hvernig þær virðast alltaf tapa.

> „Þegar upp er staðið þá er valið í höndunum á hverju og einu okkar í hvaða stöðu sem við erum.

Annar þáttur er helgaður börnum. Skoðað er hvað yfirvöld hafa gert, og ekki gert, í málefnum feitra barna og sögð saga 17 ára drengs sem var 120 kg fyrir tveimur árum. Við heyrum hvernig hann tókst á við lífið sem feiti strákurinn í skólanum og tölum einnig við foreldra hans. Að lokum skoðum við mötuneyti grunnskólanna, sem hafa fengið mikla gagnrýni síðustu misserin, og förum með máltíðir þaðan í efnagreiningu.

Í þriðja þætti verður sykurinn aðalatriðið ásamt þeim menningarlegu ástæðum sem taldar eru vera orsök vandans. Við skoðum muninn á matnum fyrr og nú og lærum að lesa utan á umbúðir, fara heilbrigðar leiðir inni í búðinni, kaupa inn án þess að fylla körfuna af sykri o.s.frv.

Síðasti þátturinn er hugsaður út frá lausnum, meðferðum og forvörnum; hvað er hægt að gera í málinu. Við sýnum frá magahjáveituaðgerð og heimsækjum Reykjalund, beinum sjónum okkar að því sem gert er þegar öll úrræði eru á þrotum.

**Hverju viltu áorka með þáttunum?** Við viljum upplýsa, leita skýringa og slá á fordóma. Það hjálpar engum að líta niður á fólk með of mörg aukakíló. Við sýnum fram á að hjá mörgum er dæmið mun flóknara en að hreyfa sig meira og


SALON REYKJAVÍK



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.



VERTU VELKOMMINN Á SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305



MYND/ARI MAGG

borða minna. Okkur langar að reyna að skilja vandann og skoða hann út frá þeirri menningu sem hér hefur skapast.

**Hvað kom þér á óvart við þáttagerðina?** Sennilega hversu stórt vandamálið er, hversu samofið það er öllu í samfélaginu okkar og hversu flókið það er. Það er auðvelt fyrir manneskju sem á það ekki til að hlaða auðveldlega á sig aukakílóum að segja: „Maður hreyfir sig bara meira og borðar minna!“ Þetta er rétt fullyrðing en alls ekki jafn einföld og hún hljómar. Hitaeiningar eru nefnilega ekki allar jafnar. Það er ekki sama hvort þær koma úr fitu, próteinum og grænmeti eða unnum sykri og hveitiafurðum.

**Hvað á of þung þjóð að gera - ef við hugsum í lausnum?** Borða minna af sykri. Við, hvert og eitt okkar, þurfum öll að bera ábyrgð. Þegar upp er staðið þá er valið í höndunum á hverju og einu okkar, í hvaða stöðu sem við erum.

**Við mæður reynum öllum stundum að hafa áhrif á mataræði barnanna okkar. Hvernig gengur þér að gefa börnunum þínum hollan mat?**

Það er ekki alltaf auðvelt. Ég vildi óska þess að ég gæti gert grænmetið meira lokkandi en það virðist vera í augum barnanna minna. Þau vilja helst sykrað morgunkorn, kanilsnúða, kökur, hamborgara og gos eða sætan safa. Stóru stúlkurnar mínar þrjár, 11, 15 og 19 ára, eru reyndar farnar að hugsa um mataræðið og gefa mér von um að slíkur þankagangur komi með aldrinum. Ég skil mjög vel fólk sem hefur lítinn tíma og getur ekki horft á eftir hverjum einasta bita sem fer ofan í börnin. Framboðið er svo mikið. Við eigum, framleiðum, kaupum og borðum of mikið af sykruðu fæði og vitum of lítið um skaðsemi þess.

**En þegar kemur að hreyfingu. Ertu dugleg að hreyfa þig með börnunum?** Við reynum okkar besta í þeim efnum en erum síður en svo fullkomin. Maður verður auðvitað enn meðvitaðri við gerð þátta eins og þessara, þegar kemur að hreyfingu og mataræði, jafnvel svolítið óþolandi á köflum. Hvað sem því líður er hreyfingin nú samt nauðsynleg en ekki nægjanleg. Mataræðið skiptir mestu máli.

**Eigum við að stýra börnunum þegar kemur að mataræði í rétta átt - komandi kynslóðum? Ef já, hvernig?** Jú, eins og einn viðmælandi minn sagði, spurður að því hvort það væri foreldrunum að kenna að börnin yrðu feit: „Foreldrarnir eru bæði vandamálið og lausnin.“ Það erum við, foreldrarnir, sem

Framhald á síðu 8


## CLINIQUE KYNNIR:

**EVEN BETTER CONCEALER**

Kremaður hyljari sem felur dökka bletti og og dökka bauga undir augum. Augnsvæðið verður bjartara og unglegra. Velkomin viðbót við Even Better línuna frá Clinique sem er marg verðlaunuð.





Framhald af síðu 7

gerumst sek um að kaupa inn vörurnar sem eru til heima og við erum sek um að sjá ekki til þess að börnin hreyfi sig nóg, skutlum þeim fram og til baka um allan bæ og nennum e.t.v. ekki að fara af stað með þeim út að hreyfa okkur. Góðu fréttirnar eru að við getum líka verið lausnin á vandanum.

**Nú hefur þú verið á skjám landsmanna síðan árið 1999 – grönn, vel gefin og falleg. Hefur þú fyrir því að halda þér í formi / kjörþyngd eða hefur þú ekkert fyrir þessu?**

Ég er ekki öðruvísi en annað fólk og þekki þennan vanda alveg ágætlega. Þekkja ekki allir einhvern sem hefur barist eða er að berjast við aukakíló, jafnvel offitu? Ég hef gengið með fjögur börn, hef vegið 90 kíló og veit alveg hvernig það er að verða stjórnlaus í þessum málum. Mér finnst mjög auðvelt að samsama mig þeim sem eiga jafnvel við verulegan vanda að stríða. Ég hefði hæglega getað lent í honum sjálf eins og svo margir aðrir. Kannski er ég bara heppin.

**En ertu dugleg að hreyfa þig og setja þig í fyrsta sætið?** Já, ég er það núorðið. Mér lánaðist að koma mér upp þannig lífsstíl að mér finnst óþægilegt að hreyfa mig sjaldan. Ef það líða nokkrir dagar án hreyfingar er ég orðin viðþolslaus og það er, held ég, góður staður til að vera á.

**Nú hefur þú verið opinber persóna síðan þú byrjaðir að starfa í sjónvarpi árið 1999. Hvernig kom það til að þú valdir að starfa við fjölmiðla og hvert var þitt fyrsta verkefni?** Þetta fjölmiðlaævintýri byrjaði þegar ég kom mér að sem blaðamaður á DV, þá tvítug. Ég fékk fyrst það verkefni að athuga hvers vegna einhverjir vinnumenn við brúarsmíði bæru ekki hjálma, ég átti að krefjast svara og fá viðbrögð frá vinnueftirlitinu. Einu svörin sem ég fékk voru þau að mönnunum væri heitt í sólinni. Mér þótti mjög erfitt að gera úr þessu frétt og fannst ég vera komin á undarlega braut. Þetta var sennilega svona dæmigerð sumargúrkufrétt. Jájá, einhvers staðar byrjar maður.

**Viltu deila með okkur eftirminnilegri upplifun á þínum fjölmiðlaferli?** Eitt það undarlegasta sem ég hef lent í var að fá óútskýranlegt og óstöðvandi hláturskast í beinni útsendingu í Íslandi í dag ásamt Svanhildi Hólm Valsdóttur. Við sátum eins og bjánar í sófa og gátum varla klórað okkur í gegnum einfalda kynningu á þættinum. Við vitum varla enn hvað var svona fyndið. Það er, eins mótsagnakennt og það hljómar, ekkert grín að fá hláturskast við þessar aðstæður. Fyrsti þátturinn sem ég stýrði í sjónvarpi var á SkjáEinum á fyrsta ári þeirrar stöðvar og kallaðist Út að borða með Íslendingum. Þátturinn var á dagskrá öll föstudagskvöld og allir þættirnir eru vandræðalegir fyrir mig. Getum við talað um eitthvað annað?

**Hverjar eru þínar fyrirmyndir?** Fyrirmyndir mínar eru samsettar úr völdum kostum vel heppnaðs fólks sem hefur orðið á vegi mínum. Upptalning á því góða fólki yrði sennilega of löng fyrir þetta viðtal.

**Hvernig tekst þú á við umfjöllun um þig í fjölmiðlum og þitt persónulega líf – hvort sem þú kaupir þér hús, eignast barn eða verslar í matinn?** Ég hef lært að taka þessu af æðruleysi, jafnvel kæruleysi. Smám saman vex á sjálfið ósýnileg brynja sem ver það fyrir hörðum orðum en sem betur fer falla líka stundum fögur orð sem styrkja jafnvel sjálfsmyndina. Yfir því er ekki hægt að kvarta. Ef fólk talaði betur hvert um annað, væri heimurinn betri. Það er bara þannig.

**Gerð þáttanna. Hefur hún breytt þér á einhvern hátt og þínum lífsháttum og jafnvel hugsun?**

Já, ég er meðvitaðri en áður um hvað ég læt ofan í mig og mína, ég kaupi öðruvísi inn en áður og svo er ég líka búin að læra að lesa utan á umbúðir.

**Hvað finnst þér um fjölmiðlaumfjallanir þegar kemur að því að steypa fólk í sama mót? Þessa útlitsdýrkun og gjörbreyttar forsíður með aðstoð tölvutækninnar?** Ég hef rekið mig á það í þessum þáttum mínum að þetta er hluti af vandamálinu. Þetta er hluti af því að mörgu fólki, ekki síst stúlkum og ungum konum, líður illa af því að þær eru ekki með skrokk og húð eins og þessar ofurmjóu og appelsínuhúðarlausu konur – sem ég vil reyndar halda fram að séu ekki til. Sjálfsmynd hjá svo mörgum ruglast við þetta og fólk verður ómögulegt í eigin augum. Margar konur sem glíma við það að vera of feitar eru í reynd með átröskun og þá hefur þessi umræða svipuð áhrif á þær og á aðra átröskunarsjúklinga. Dagurinn fer allur í það að hugsa um útlitið, matinn og hvernig væri nú betra að líta út. Þetta truflar mjög marga. Það er áhyggjuefni að ungar stúlkur lesi stöðugt um óraunverulegan fullkomleika og beri sig saman við hann. Við eigum að sýna stúlkunum okkar að þetta er ekki raunveruleikinn. Við erum öll eins mismunandi og við erum mörg.

En þessi þættir fjalla ekki um útlitið. Þeir fjalla um offitufaraldurinn. Fólk getur verið í yfirþyngd en fantafínu formi. Markmiðið með þáttunum er ekki að koma því inn að allir eigi að vera eins. Alls ekki.

**Hvar sérðu þig eftir tíu ár?** Það vantar því miður alveg í mig alla spádómsgáfu.

**En hvert er þitt lífsmottó?** Að sjá aldrei eftir neinu.

**Hvaða verkefni eru framundan hjá þér (eftir þættina)?** Það er nú aldrei að vita. Ég er með ýmislegt á teikniborðinu og alls konar hugmyndir en lífið getur tekið svo skrýtnar beygjur að ég þori ekki að lýsa neinu yfir núna.

**Get ekki sleppt því að spyrja þig eftir að þú varst kosin fulltrúi á Stjórnlagaþing í fyrra: Hefur þú áhuga á að vinna við stjórnmál í framtíðinni?** Ég get ekki sagt að mér finnist stjórnmál lokkandi þessa stundina. Það er fátt sem heillar mig þar. Ég á vini sem hrærast í stjórnmálum alla daga og oft vorkenni ég þeim. Vanþakklátara starf veit ég ekki um og dáist að þeim sem leggja í það. Ég held að ég haldi mig við fjölmiðla, takk.



Inga Lind segist vel skilja hvernig hægt sé að verða stjórnlaus þegar kemur að mat og segir auðvelt að samsama sig með þeim sem eiga jafnvel við verulegan vanda að stríða. „Ég hefði hæglega getað lent í honum sjálf eins og svo margir aðrir."

## STÓRA ÞJÓÐIN



**Tónlistarmaðurinn Valdimar Guðmundsson er einn af viðmælendum Ingu Lindar.**

**Í þáttaröðinni ræðir Inga Lind við fjölda fólks eins og sálfræðinga, matgæðinga, næringarfræðinga, foreldra, lækna, hjúkrunarfræðinga, heilsugæslufólk, meðferðarfólk, skólamatráða, íþróttafólk, íþróttaálfinn, gamalt fólk, stjórnmálamenn, embættismenn, framleiðendur, verslunarmenn og fleiri, auk nokkurra einstaklinga sem glíma sjálfir við vandann. Meðal þeirra er ein skærasta stjarna íslensks tónlistarlífs, Valdimar Guðmundsson úr hljómsveitinni Valdimar, sem lýsir því á opinskáan hátt hvernig það er að vera of þungur og feitur allt sitt líf. Þættirnir verða sýndir á Stöð 2 og fer sá fyrsti í loftið miðvikudagskvöldið 30. maí.**

## DAGUR Í LÍFI INGU LINDAR



**07.00** vakna við að þriggja ára dóttir mín sparkar mér fram úr rúminu. Svo er að koma staðgóðum morgunverði ofan í börnin öll og þeim svo út úr húsinu og í skólann.

**09.00** hafa uppi á Einari Árnasyni, myndatökumanni, og funda um daginn fram undan.

**12.00** vera búin með eitthvað gagnlegt, eins og t.d. að snæða hollan og næringarríkan hádegismat. Annars virka ég ekki eftir hádegi.

**13.00** fara á fullt í að afgreiða sem flest sem snýr að þáttagerðinni. Það getur verið mjög misjafnt eftir dögum. Undanfarið hef ég eytt mestum tímanum hjá snillingunum í Illusion við að fara yfir þá tugi klukkutíma af myndefni sem ég hef komið mér upp, sem og að greina kjarnann frá hisminu, klippa, flokka og raða, að sjálfsögðu í samvinnu við klipparann snjalla Fannar Edwardsson.

**19.00** kem heim og kúpla mig úr vinnugírnum. Faðma fólkið mitt og er mamma þar til yngri deildin er sofnuð, reyni að ná að þvo a.m.k. tvo fataskammta í þvottavélinni, þurrka og ganga frá og undirbúa næsta dag.

**23.00** freyðibað og þá er dagurinn fullkominn.



AUGLÝSING: BOUX AVENUE KYNNIR



Nærfatnaðinum er snyrtilega raðað í skúffur eftir stærðum svo auðvelt er að finna rétta stærð.




Verslunin er á annarri hæð Kringlunnar.

# SEIÐANDI UNDIRFATNAÐUR OG LÍFLEG NÁTTFÖT

**Boux Avenue er ný undirfataverslun á annarri hæð Kringlunnar. Merkið er breskt og er verslunin í Kringlunni sú fyrsta sem er opnuð utan Bretlands.**



Jenný Kristín Sigurðardóttir segir verslunina fullkominn áfangastað kvenna sem vilja gefa nærfataskúffunni nýtt líf. MYNDIR/STEFÁN

Undirfataverslunin Boux Avenue var opnuð í Kringlunni 16. maí síðastliðinn. Boux Avenue er breskt merki og er Boux Avenue í Kringlunni fyrsta verslunin sem er opnuð utan Bretlands. Þar er að finna falleg undirföt, sundföt, náttföt og hina ýmsu fylgihluti. Úrvalið spannar allt frá hversdagsnærfatnaði til seiðandi undirfata. Eins má finna ýmiss konar nærfatnað með skemmtilegu ívafi, líflegar náttbuxur, náttföt og bikiní. Að sögn Jennýjar Kristínar Sigurðardóttur, starfsmanns verslunarinnar, er hún hinn fullkomni áfangastaður kvenna sem vilja gefa undirfataskúffunni nýtt líf. Þá er lögð mikil áhersla á gott úrval stærða. Brjóstahaldararnir eru frá 30A upp í 40H og aðrar vörur, svo sem nærbuxur og náttföt, fást í stærðunum 8 til 20.

Að sögn Jennýjar er starfsfólk verslunarinnar þjálfað til að mæla viðskiptavini og veita bestu þjónustu sem völ er á við val á nærfatnaði. Verslunin er hönnuð með nýstárlegum hætti og er aðgengi að vörunum gott. Nærfatnaðinum er snyrtilega raðað í skúffur eftir stærðum svo auðvelt er að finna sína stærð. Hægt er að skoða vöruúrvalið á **bouxavenue.com.**

› Sjá nánar á visir.is/lifid




Mikið úrval af líflegum náttfötum fæst í versluninni.



Í versluninni er einnig að finna úrval fylgihluta og gjafavöru.



Hér má sjá falleg bikiní fyrir sumarið.



Mikil áhersla er lögð á gott stærðaúrval og fást brjóstahaldararnir frá stærðunum 30A og upp í 40H.



## HAMINGJUHORNIÐ

Magnea Guðmundsdóttir
kynningarstjóri Bláa Lónsins

# RÆKTAR HUGANN MEÐ GÓÐRI BÓK

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?** Ég er heimakær og eftir annasama vinnuviku er fátt betra en að elda góðan mat og eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum. Á sumrin er frábært að fara á golfvöllinn í góðum félagsskap og njóta útiverunnar.

**Hvernig hleður þú batteríin?** Ég er svo heppin að vinna við eitt af 25 undrum veraldar sem er jafnframt eitt flottasta spa í heimi og finnst alltaf jafn gott að fara í Bláa Lónið til að endurnýja kraftana. Spa meðferð í Lóninu sjálfu gerir kraftaverk og er mitt uppáhalds dekur. Mér finnst einnig ómissandi að fara í góða göngu eða hjóla með sjónum. Ég er búsett í Reykjanesbæ og strandleiðin sem er um 10 km löng er afar falleg og er í sérstöku uppáhaldi hjá mér.

**Hugleiðir þú eða notast þú við aðrar aðferðir til að rækta hugann?** Ég hef alla tíð lesið mikið og að líta í góða bók er eitt það besta sem ég veit til að rækta hugann.

**Viltu deila með okkur uppáhalds hamingjumolanum þínum/tilvitnun?** „Og þetta er hamingjan sjálf: að bíða í eftirvæntingu komandi dags.“ Þessi setning sem er úr Sjálfstæðu fólki eftir Halldór Laxness er í uppáhaldi hjá mér, en hamingjan felst ekki hvað síst í því að fagna nýjum degi.









Hurð sem tekið er eftir.



Sjáið hvað neon grænn gerir heilarmyndina skemmtilega.



Bríet Ósk stundar nám í innanhússarkitektúr í Barcelona á Spáni.

# HALLÓ NEON!

BRÍET ÓSK GUÐRÚNARDÓTTIR GEFUR GÓÐ RÁÐ

Sumarið er tíminn og með sumrinu koma litirnir. Nú í ár eru litirnir heldur skærari en áður hefur verið. Neon hefur ekki verið áberandi í húsmunum en nú er öldin önnur og Neon kemur sterkt inn á heimilin. Það að mála borðfætur, stólinn, veggi eða jafnvel hurðina getur gefið heimilinu nýtt líf.

### Endalausir möguleikar

Möguleikarnir eru endalausir. Málning og lakk í þessum litum er tilvalin og sniðug lausn til þess að brjóta upp eða breyta hinu hefðbundna mynstri á heimilinu en hana er hægt að fá t.d. hjá Slippfélaginu.



Neonlituð hnífapör.



Regnbogans litir krydda tilveruna vissulega.



Hvernig væri að mála borðið bleikt í sumar?

# HALTU BRÚÐKAUPSAFMÆLIÐ HÁTÍÐLEGT!

**Það er ekki síður mikilvægt að halda upp á brúðkaupsafmælið eins og sjálfan brúðkaupsdaginn.**

Hægt er að skapa skemmtilegar hefðir og gera sér glaðan dag með ýmsum leiðum. Sum hjón nota tilefnið til að fjárfesta í munum fyrir heimilið sem tengjast jafnvel þema brúðkaupsafmælisins á meðan aðrir ferðast eða njóta samverustundar með fjölskyldunni. Hér má sjá yfirlit yfir brúðkaupsafmælin.



**4 ár**
Brúðkaup Bubba Morthens og Hrafnhildar Hafsteinsdóttur fór fram á Reynivöllum í Kjós árið 2008. Séra Pálmi Matthíasson gaf þau saman.



**7 ár**
Logi Bergmann og Svanhildur Hólm giftu sig árið 2005.

### Brúðkaupsártöl

- 1 ár – Pappírsbrúðkaup
- 2 ár – Bómullarbrúðkaup
- 3 ár – Leðurbrúðkaup
- **4 ár – Blóma- eða keramikbrúðkaup**
- 5 ár – Trébrúðkaup
- 6 ár – Sykurbrúðkaup
- **7 ár – Ullarbrúðkaup**
- 8 ár – Bronsbrúðkaup
- 9 ár – Leirbrúðkaup
- 10 ár – Tinbrúðkaup
- 11 ár – Stálbrúðkaup
- 12 ár – Silkibrúðkaup
- 13 ár – Knipplingsbrúðkaup
- 14 ár – Fílabeinsbrúðkaup
- 15 ár – Kristalsbrúðkaup
- 16 ár – Mánabrúðkaup
- 19 ár – Granítbrúðkaup
- 20 ár – Postulínsbrúðkaup
- 23 ár – Túlípanabrúðkaup
- 24 ár – Karatbrúðkaup
- 25 ár – Silfurbrúðkaup
- 30 ár – Perlubrúðkaup
- 35 ár – Kóral- eða jaðibrúðkaup
- 40 ár – Rúbínbrúðkaup
- 45 ár – Safírbrúðkaup
- 50 ár – Gullbrúðkaup
- 55 ár – Smaragðsbrúðkaup
- 60 ár – Demantsbrúðkaup
- 65 ár – Króndemantabrúðkaup
- 70 ár – Járnbrúðkaup
- 75 ára – Atóm- eða Gimsteinabrúðkaup



# VOR Í ÍSLENSKRI VERKEFNASTJÓRNUN

## ÚTSKRIFTARRÁÐSTEFNA MPM-NÁMSINS VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

## Á GRAND HÓTELI, FÖSTUDAGINN 25. MAÍ 2012.

**12:30** Setning ráðstefnu.
BEING A RESEARCHER IN PROJECT MANAGEMENT. **DR. RODNEY TURNER, RITSTJÓRI THE INTERNATIONAL JOURNAL OF PROJECT MANAGEMENT (IJPM).**

| | VERKEFNASTJÓRNUNARLEGUR ÞROSKI OG MENNING. | ÞJÁLFUN OG REYNSLA. | VERKEFNASTJÓRNUN Á NÝJUM VETTVANGI. |
|---|---|---|---|
| 13:10 | Asssessing the status of project management within a City Hall of an European capital. *Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir* | Verkfærakista hins íslenska verkefnastjóra, hvaða tæki og tól eru raunverulega notuð? *Anna Gyða Pétursdóttir* | Má nýta Negotek preparation planner (NPP) sem aðferð við að skilgreina umfang verkefna? *Ívar Logi Sigurbergsson* |
| 13:30 | Finance organization's core culture: How do they succeed? *Jónína Björk Erlingsdóttir* | Hvernig standa íslensk fyrirtæki að stöðumati til að ná árangri í verkefna-stjórnun? *Sigríður Sif Magnúsdóttir* | Financial risk assessment in project selection. *Sveinbjörn Jónsson* |
| 13:50 | Fyrirtækjamenning verkefnadrifins fyrirtækis. *Hrafn Þór Jörgensen* | Helstirnið. *Daði Sigurjónsson* | Sjónarhorn verkefnastjórnunar á leyfiskerfi KSÍ. *Egill Þorsteinsson* |
| 14:10 | Staða verkefnastjórnunar metin samkvæmt þroskalíkani, kostir og gallar. *Anna Elín Bjarkadóttir* | Hugsa verkfræðingar líkt og hönnuðir? *Björg Pjetursdóttir* | Project management in the regulatory pharmaceutical environment. *Ragnhildur Nielsen* |
| 14:30 | Hæfnisaugað sem greiningartæki til að meta árangur verkefna. *Elva Dögg Melsteð* | Jesus Christ, the project leader. *Yngvi Rafn Yngvason* | Áhættustjórnun á miðhálendi Íslands. *Sigurjón Hjartarson* |
| 14:50 | HLÉ | | |
| | STJÓRNUN VERKEFNASKRÁA OG VERKEFNASTOFUR | FORYSTA OG TEYMI | STEFNUMÓTUN OG GÆÐASTJÓRNUN |
| 15:05 | Project profiling: Adaptive project management using project character clues. *Þór Hauksson* | The importance of interpersonal skills training for future project managers. *Þórhildur Ída Þórarinsdóttir* | Financial benefits of ISO9001 certification. *Ari Hróbjartsson* |
| 15:25 | Valferli verkefna: Mikilvægi þess að standa rétt að innleiðingu. *Sigrún Hauksdóttir* | Leading a virtual team: Globalization and IT project management. *Ásta Hildur Ásólfsdóttir* | Aðferðir stefnumiðaðs árangursmats við breytingastjórnun hjá íslensku þjónustufyrirtæki. *Ásta Pétursdóttir* |
| 15:45 | Verkefnastjórnunarferli og verkefnisáætlun: Eru þessi tól nýtt með árangursríkum hætti? *Védís Sigurðardóttir* | What are the success factors for a project leader in virtual teams? *Ásgeir Haukur Guðmundsson* | Er viðskiptavinur tryggur sínu tryggingafélagi? *Daníel Pálsson* |
| 16:05 | Project portfolio management (PPM) in small consulting companies. *Gunnar H. Kristjánsson* | Stjórnarmannahópurinn: Skiptir fjölbreytni máli? *Andrea Kristín Jónsdóttir* | Virði alþjóðlegra umhverfisvottana í ferðaþjónustu á Íslandi. *Elsa Gunnarsdóttir* |
| 16:25 | The benefits of PMOs in Icelandic organizations and why some have been shut down. *Sigurður Bjarni Gíslason* | Skapandi hugsun og verkefnastjórnun á vegasalti virkrar ímyndunar. *Freyja Önundardóttir* | Tilviksgreining á stefnumótunarferli hjá Veðurstofu Íslands. *Heiðveig María Einarsdóttir* |
| 16:45 | | Ég er með MPM gráðu: Hvers vegna á að ráða mig? *Sigríður Agnes Jónasdóttir* | |

RÁÐSTEFNAN ER ÖLLUM OPIN
OG FRÍTT INN Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR.

**VEL AÐ VERKI STAÐIÐ!**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

# Lífið

## JÚNIFORM LOKAR



**Birta Björnsdóttir** fatahönnuður sem rekið hefur verslunina **Júniform** í tíu farsæl ár heldur nú á vit ævintýranna þar sem hún flytur til Barcelona með fjölskylduna.

Birta tilkynnti tímamótin á samskiptavefnum Facebook og segir þar meðal annars að verslunin verði opin til 15. júní næstkomandi.

Traustir viðskiptavinir Birtu þurfa hins vegar ekkert að óttast því ný vefverslun mun fara í loftið í haust þar sem hægt verður að versla hönnun hennar áfram. „Þetta eru búin að vera ótrúlega skemmtileg tíu ár í rekstri þessarar verslunar og hefði mig aldrei órað fyrir því hve vel hún ætti eftir að ganga. Það er því ánægjulegt að skilja við hana á tímum þar sem aldrei hefur gengið betur," segir Birta þakklát.

## HELGARMATURINN



**Matthías Matthíasson söngvari með meiru gefur okkur uppskrift að dýrindis laxi með góðu salati sem er tilvalið að prófa þessa Eurovision-helgi.**

### Eurovisionlax

3 hvítlauksrif
2 ferskir rósmarínstönglar
ferskt laxaflak
1 matskeið af ólífuolíu
2 klípur af góðu salti
pipar eftir smekk
1 sítróna
1 meðalstór sæt kartafla



Sæt kartafla heil og meðalstór sett í ofn á 200 gráðum í klukkutíma, borin fram skorin í 3ja cm þykkar sneiðar með smjöri og smá Maldon-salti.
Leggið laxinn með roðið niður á álpappír og skvettið örlítilli ólífuolíu yfir, setjið því næst hvítlauk og rósmarín yfir, vel saxað.
Breiðið frekar þunnt skornar sítrónusneiðar yfir laxinn. Saltið og piprið.
Grillist í u.þ.b. 12 mínútur, eða þar til laxinn er eldaður í gegn. Fínt er að setja hann inn með kartöflunni síðustu 10 mínúturnar.

Með þessum rétti er líka tilvalið að ofnbaka ferskt grænmeti. T.d. gulrætur, kúrbít eða hvað sem manni dettur í hug. Þá dreifið þið ólífuolíu yfir, saltið og piprið og setjið í ofninn með laxinum í u.þ.b. 35 mínútur, fer eftir hvað þið viljið hafa grænmetið stökkt.



Sumarlegur, hollur og umfram allt bragðgóður réttur sem er auðvelt að búa til.

Hvítvín eða bara íslenska vatnið steinliggur svo með þessu.








Sumartilboð

TILBOÐIN GILDA ÚT JÚNÍ

epal

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

EJ 220
Verð áður: 630.000.-
Tilboð frá:
398.000,-*
Hægt að fá 2ja og 3ja sæta



*2 sæta með Corvina áklæði

Egg með Fame áklæði
Verð áður: 909.000,-
Tilboð:
598.000,-



## Bílar til sölu




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.



Toyota Avensis '03 til sölu. Toppbíll fæst á 1.100.000. Upplýsingar í síma 868-8607.



VW Vento GL, árg. '96, ekinn 160þús., Ssk. Verð 120þ. s: 867-2982.

## 0-250 þús.



**Ódýr Eyðlsugrannur Snattari 180 þús!**

HYUNDAI ACCENT 1,3 árg.'98 ek.162 þús.,3ja dyra, beinskiptur,.skoðaður 2013, nýleg tímareim eyðir litlu 6,3 l/100 km kostar 6 þús. að fylla hann, búið að bletta í hann en annars góður bíll verð aðeins 180 þús. s.841 8955.

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR EÐALVAGN Á 270 ÞÚS!**

DAEWOO LEGANZA CDX 2.0 árg'98 ek.148 þús, ssk. ný skoðaður 2013,vel útbúinn og virkilega þéttur og góður bíll! ásett verð 420 þús TILBOÐ 270 ÞÚS! S.841 8955



**Góður station bíll**

Ford Focus station árg '00 ekinn 170þús, bsk, skoðaður fyrir 2013, dráttarkrókur, litur vel út, búið að skipta um tímareim, heilsársdekk, verð aðeins 350þús, uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**Kaupi bilaða bíla**

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 300 þús. S. 896 6744.

**Bíll óskast á 25-250þús.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Lítið eða óbreyttum jeppa, diesel, sjálfsskiptum í skiptum fyrir mótorhjól 1.150 þús + 300-500 þús. í pen. Sími: 898-5068.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Húsbílar






Til sölu orginal húsbíll lítið keyrður í toppstandi, Pleasure way Canada. Eikar innréttingar. Fortjald og margt fleira fylgir. Verð samkomulag, uppl. í s. 553 1066 og 869 1066.

## Mótorhjól



**Til sölu**

Harley Davidson Electra Glide 2005 Ekið 6000 mílur mikið af aukahlutum. Upplýsingar í s. 898-9543.

## Kerrur



Til sölu 5 hesta Humbaur hestakerra árg. 2006 ný yfirfarinn og skoðuð. Aðeins bein sala kemur til greina. Uppl. í síma 899 4689.

## Hjólhýsi



A-hýsi til sölu. Chalet Arrowhead árg. '07 4 manna, 3xsólarsellur, 3xrafgeymar, cd/dvdspilari, sjónv.-tengi og loftnet. V. 2.100.000. Uppl. í s. 898 6410.

## Fellihýsi



Til sölu VIKING 1906 fellihýsi 9fet árg. 2002, fortjald, geislaspilari/útvarp, 220v/gas ískápur, Truma miðstöð. Ásett verð 850 þús. Tilboð 700 þús. Uppl. S: 617 7122 / 897 7128.



Til sölu vel með farið Palomino 127 fellihýsi árgerð 2008. Fellihýsið er stórt, 12 fet, og með útdraganlegri hlið (borðkrók). Fellihýsið er með sólasellu, útvarpi + cd, Truma miðstöð og festingu fyrir tvo gaskúta. Fortjald og dúkur í fortjald fylgja með. Frekari upplýsingar í síma 898-1415 og 699-5514.

Rockwood Freedom 191XR fellihýsi til sölu, árg.'07, uppl. í s. 899 5130.

## Pallhýsi



Travel Lite. Húsin eru í mörgum stærðum og henta á flestar gerðir pallbíla. Einnig er hægt, að hafa hestakerru eða bátinn með. Sýningarhús eru á Akureyri, og Oddagötu 8, Reykjavík Ferðapallhýsi ehf. s. 663 4646.

## Tjaldvagnar



Ægisvagn með fortjaldi og Truma hitara.o.fl. árg 01 í góðu standi. Upplýsingar í s.895 6181.

## Bílaþjónusta

**NÝTT Á ÍSLANDI**

Bón og alþrif við heimahús. Nú getur þú látið stjana við bílinn þinn án frekari fyrirhafna. Við mætum þar sem bíllinn þinn er. Íslensk hönnun á bílaþvottakerfi. Uppl. S: 778-0100

VELSOPUN.IS Vélsópun og bílastæðamerkingar. Söluráðgjöf S.8999047 velsopun@velsopun.is

## Varahlutir




**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26 Bleik gata. S 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja







**Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.**

Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.




**GARÐSLÁTTUR**

Ódýr og góð þjónusta. Fáðu tilboð. Sigurður, S. 823 1060.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**Er öspin til ama ?**

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.










**Er mosinn að eyðileggja flötina þína !**

Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 774 5775.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.692 2470 www.accountant.is

## Málarar

**Málarameistari**

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**

Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**

Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**Óli smiður**

Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur




## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í tölfuskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR

Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu






**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

timamot@frettabladid.is



**MILES DAVIS TÓNLISTARMAÐUR**
(1926-1991) fæddist þennan dag.
*„Ekki óttast mistök. Þau eru ekki til.“*

# Frumflytja Rómeó og Júlíu

Sinfóníuhljómsveit Íslands, einsöngvarar og kórar frumflytja á Íslandi Rómeó og Júlíu eftir Hector Berlioz í kvöld klukkan 19.30 en tónleikarnir eru hluti af Listahátíð í Reykjavík. Rómeó og Júlía eftir Berlioz hefur verið kölluð dramatísk sinfónía. Hér er sinfóníuformið teygt í ýmsar áttir svo úr verður eins konar bræðingur hljómsveitarverks og óperu. Helstu þættir verksins eru sungnir af mezzósópran, tenór og bassa, auk þess sem Berlioz notar stóran kór í verkinu.

Hljómsveitarstjóri í kvöld er Ilan Volkov, einsöngvarar eru þau Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Sveinn Dúa Hjörleifsson og Nicolas Cavallier. Kórarnir sem taka þátt í flutningnum eru Hljómeyki, Kór Áskirkju og Söngsveitin Fílharmónía en Magnús Ragnarsson er kórstjóri.

**ÞETTA GERÐIST:** 25. MAÍ 1977

## *Ríflega 365 brelluatriði í Stjörnustríði*

Þennan dag árið 1977 var fyrsta Stjörnustríðsmyndin frumsýnd. Hún bar heitið Stjörnustríð eða Star Wars á frummálinu fyrst þegar hún kom í kvikmyndahús en fékk síðar heitið Stjörnustríð IV: Ný von. Myndin er númer fjögur í sex mynda bálki leikstjórans George Lucas en er fyrsta myndin í þríleik myndanna sem frumsýndar voru á árunum 1977 til 1983.

Þessi fyrsta mynd bálksins sló strax í gegn og halaði inn svo mikið fé að hún er með þeim arðbærustu í kvikmyndasögunni. Star Wars braut blað í notkun tæknibrellna. „Í heild eru liðlega 365 brelluatriði í Stjörnustríði,“ sagði í grein í Morgunblaðinu sem birtist 21. október ári síðar en þá voru sýningar nýhafnar á henni í Reykjavík. Í greininni er Stjörnustríð sögð „ævintýramynd eins og þær gerast ævintýralegastar,“ og tekið fram að „Ævintýrin í myndinni ... [séu] ættuð úr kynjaveröld geimsins eins og hún kemur fyrir sjónir í teiknimyndasögunum“.

Logi geimgengill, Svarthöfði, Lilja prinsessa, Hans Óli og aðrar söguhetjur kvikmyndarinnar, sem segir frá baráttu uppreisnarmanna gegn hinu illa keisaraveldi, hittu í mark og þessi fyrsta Stjörnustríðsmynd, eins og hinar, nýtur enn mikillar hylli þrátt fyrir að hún sé orðin 35 ára gömul.







**VEL ÞEKKT VERK** Húsavíkurkirkja og Vífilsstaðaspítali eru á meðal bygginga sem reistar voru eftir teikningum Rögnvaldar Ólafssonar sem fyrstur Íslendinga nam byggingarlist.

FYRSTI ÍSLENSKI ARKITEKTINN: DAGSKRÁ HELGUÐ RÖGNVALDI ÓLAFSSYNI

# Stofnun Rögnvaldar mun sinna rannsóknum á arkitektúr

Rögnvaldur Ólafsson var fyrsti Íslendingurinn sem nam byggingarlist en hann lagði stund á arkitektúr í Kaupmannahöfn í upphafi 20. aldar. Hann lauk ekki prófi vegna bágrar heilsu en starfaði sem húsameistari hér á landi eftir að hann sneri heim. Þrátt fyrir stutta starfsævi, en Rögnvaldur lést árið 1917, var hann afar afkastamikill og teiknaði fjölda bygginga sem enn standa. „Hann er ekki jafn þekktur og Guðjón Samúelsson sem tók við af honum sem húsameistari árið 1918 en æviverk Rögnvaldar er merkilegt og fallegt,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt sem er í hópi aðstandenda stofnunar sem sett hefur verið á laggirnar og ber nafn Rögnvaldar.

Stofnunin mun hafa aðsetur á Ísafirði, en Rögnvaldur var fæddur og uppalinn í Dýrafirði. Stofnunin verður rekin í samstarfi við ýmsar stofnanir og segir Elísabet markmiðið vera að efla rannsóknir á arkitektúr og skipulagsmálum á Íslandi. „Rannsóknir á þeim vettvangi hafa verið vanrræktar og við höfum því fengið mjög góðar undirtektir hjá til að mynda arkitektum við hugmyndinni,“ segir Elísabet.

Stofnunin verður kynnt nánar á málþingi sem haldið verður á Ísafirði á mánudag, öðrum degi hvítasunnu. Málþingið verður haldið í Edinborgarhúsinu en það er höfundarverk Rögnvaldar. „Önnur þekkt hús eftir Rögnvald eru til að mynda Vífilsstaðaspítali, Húsavíkurkirkja, flest húsin við Tjarnargötu í Reykjavík, pósthúsið við Pósthússtræti, fjölmargar kirkjur víða um land og svo mætti lengi telja,“ segir Elísabet.

Á málþinginu verða flutt tvö erindi. Það fyrra flytur Sigurður Pétursson sagnfræðingur og ber það heitið „Ísafjarðarkaupstaður, höfuðstaður með reisn“. Í því segir Sigurður frá uppbyggingartíma í sögu Ísafjarðarkaupstaðar í upphafi 20. aldarinnar. Þá voru reist fjölmörg timburhús sem enn setja svip sinn á bæinn, þar á meðal Edinborgarhúsið.

Að því loknu flytur Pétur Ármannsson erindi er nefnist „Hugmyndasmiður heimastjórnaráranna. Hugleiðing um Rögnvald Ólafsson og verk hans“.

Þá verður afhjúpað söguspjald um Rögnvald og loks verður boðið upp á rútuferð á söguslóðir í Dýrafirði þar sem Þingeyrarkirkja verður heimsótt og kynntur verður upplýsingabæklingur um byggingar og staði sem tengjast Rögnvaldi Ólafssyni á Vestfjörðum og víðar um land.



**RÖGNVALDUR ÓLAFSSON** Fyrsti íslenski arkitektinn fæddist árið 1874 og lést úr berklum 1917. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR.

---

†

Elskuleg móðir okkar,

**JÓNÍNA SIGURBORG JÓNASDÓTTIR**
**JONNA FRÁ DAGSBRÚN,**
**Dalbraut 16, Reykjavík,**

lést að kvöldi 23. maí.



**Sigurbjörg Björnsdóttir**
**Guðmundur Björnsson**
**Björg Björnsdóttir**
**Sigrún Þóra Björnsdóttir**

---

†

Móðir okkar og systir,

**KRISTÍN HALLVARÐSDÓTTIR ENGEL**
**Palmdale, Kaliforníu,**

lést í faðmi fjölskyldu á heimili sínu að morgni þann 23. maí.
Minningarathöfn verður tilkynnt síðar.



**Harry, Justin og Rúna Engel**
**Agnes, Ragna, Fríða og Árný Hallvarðsdætur**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN ÞORBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR**
**Skarðshlíð 27c Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 21. maí.
Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 29. maí kl. 10.30.



**Hörður Sigtryggsson**
**Heimir Sigtryggsson**
**Guðrún H. Sigtryggsdóttir** **Stefán Guðmundsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar,

**MARGRÉTAR GUÐBJARTSDÓTTUR**
**frá Hvallátrum.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir hlýhug og góða umönnun.



**Erla Bjarnadóttir**
**Reynir Bjarnason**
**Guðbjartur Bjarnason**

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLBORG GUÐMUNDSDÓTTIR**
**(BOGGA)**
**Erluási 2,**

sem lést miðvikudaginn 16. maí sl. á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 29. maí kl. 13.00.



**Auðun Óskarsson** **Anna Margrét Ellertsdóttir**
**Herdís Óskarsdóttir** **Gunnar K. Aðalsteinsson**
**Eygló Óskarsdóttir** **Gunnar Gunnlaugsson**
**Friðrik Óskarsson** **Ólöf Unnur Einarsdóttir**
**Gunnar Rúnar H. Óskarsson** **Ingunn Bjarnadóttir**
**Auður Óskarsdóttir** **Reynir Bess Júlíusson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUNNAR B. HÁKONARSON**
**vinnuvélastjóri**
**Strikinu 4, Garðabæ,**

lést laugardaginn 12. maí.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 30. maí kl. 13.00.



**Sigurbjörg Vilhjálmsdóttir**
**Hákon Gunnarsson** **Guðný Helgadóttir**
**Helga Gunnarsdóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Unnar Reynisson**
**Hrefna Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar okkar ástkæru,

**STEINUNNAR HAFDÍSAR**
**HAFLIÐADÓTTUR**
**frá Gríshóli.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir frábæra umönnun.



**Sigríður Illugadóttir** **Guðmundur Friðjónsson**
**Ólafía Illugadóttir** **Ívar H. Elíasson**
**Ingveldur Vigdís Illugadóttir**
**Hallur Kristján Illugason** **Ingdís Líndal**
**Guðrún Alda Björnsdóttir** **Benoný B. Viggósson**
**og ömmubörn.**

ALLTAF GÓÐ KAUP!

# TAX FREE

## TAX FREE GARÐHÚSGÖGN*
## TAX FREE ALLAR GARÐPLÖNTUR
## TAX FREE ÖLL AFSKORIN BLÓM



TAX FREE GARÐHÚSGÖGN



TAX FREE GARÐPLÖNTUR



TAX FREE AFSKORIN BLÓM OG BLÓMVENDIR Í ÚTSKRIFTINA OG EUROVISION PARTÍIÐ

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

* Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** óreiða, **8.** mælieining, **9.** heyskaparamboð, **11.** bókstafur, **12.** sljóvga, **14.** einkennis, **16.** í röð, **17.** gagn, **18.** kæla, **20.** frú, **21.** sæla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smæl, **3.** upphrópun, **4.** sýklalyf, **5.** berja, **7.** ráðning, **10.** óvild, **13.** of lítið, **15.** sálda, **16.** tala, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** rú, **8.** júl, **9.** orf, **11.** ká, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** tu, **17.** nýt, **18.** ísa, **20.** fr, **21.** unun.
**LÓÐRÉTT: 1.** bros, **3.** oj, **4.** fúkalyf, **5.** slá, **7.** úrlausn, **10.** fæð, **13.** van, **15.** strá, **16.** tíu, **19.** au.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Konur ímynda sér alla mögulega hluti

Lögfræðingurinn Hildur Sverrisdóttir safnar efni í bók um kynferðislegar fantasíur íslenskra kvenna.

**Meðal annars efnis:**

**Jedward-bræður og djöflaljón**

Lukkudýr EM í knattspyrnu í gegnum tíðina hafa vakið mismikla lukku.



**Allt sem þú þarft**


# Í leit að glötuðum tíma

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**

Í kvikmyndunum sér maður einstaklinga stundum spýta út úr sér kaffi eða öðrum drykk þegar viðkomandi les eða heyrir einhver tíðindi sem setja veröld hans á hvolf. Ég held að þetta gerist ekki í alvörunni, í það minnsta hef ég aldrei séð neinn bregðast svona við. Hins vegar komst ég glettilega nærri því að gera þetta nýlega þegar ég las áhugaverða grein í spjaldtölvunni heima með kaffibolla í hönd. Í greininni var leitast við að svara þeirri spurningu af hverju tíminn virðist líða hraðar eftir því sem fólk eldist.



**ÁÐUR** en ég kem að niðurstöðu greinarinnar þá er réttast að skrifa smá formála. Ég er 23 ára gamall, reyki ekki, reyni að borða tiltölulega holt og hreyfi mig nær daglega. Ég fer reyndar oftar á Kaffibarinn en holt getur talist en geri fastlega ráð fyrir að heimsóknunum muni fækka nokkuð hratt eftir því sem ég eldist. Samantekið geri ég mér vonir um að eiga góð 60 ár eftir af ævi minni hið minnsta og er samkvæmt þeim tölum rétt skriðinn yfir fyrsta fjórðung hennar.

**ÞAÐ** var því ákveðið áfall að lesa í greininni að miðað við upplifun hins venjulega manns af ævi sinni væri ég sennilega þegar búinn að lifa hana hálfa. Hvernig getur það staðist? Jú, kenningin er sú að upplifun manns á eigin ævi stjórnist að mestu af nýjum upplifunum. Á barnsaldri er maður sífellt að upplifa nýja hluti, flest sem maður gerir er ferskt. Þess vegna virðast manni sem sumur barnæskunnar hafi verið heil eilífð á meðan maður er rétt byrjaður að njóta sumarsins þegar það er búið núna (ég geri mér grein fyrir því að eldri lesendur telja það sennilega stórskrýtið að 23 ára strákur sé að skrifa þetta). Með öðrum orðum þá er kenningin sú að þá tilfinningu að tíminn líði sífellt hraðar megi skýra með því að eftir því sem fólk eldist upplifi það sífellt færri nýja hluti. Kenningin byggir á þeirri vísindalegu niðurstöðu að heilastarfsemin breytist eftir því sem heilinn meðtekur meira af nýjum upplýsingum í einu. Sem sagt, því fleiri nýjar upplifanir, því meiri upplýsingar þarf heilinn að meðtaka og því hægar virðist tíminn líða.

**ÉG VAR** reyndar ekki lengi á að jafna mig á því áfalli að ég væri „upplifunarlega séð" tvöfalt eldri en ég stóð í trú um. Því í rauninni er þessi niðurstaða ekkert annað en rosalega góð áminning um að lifa fjölbreyttu lífi. Hafi maður áhyggjur af því að tíminn líði of hratt er nefnilega, að því er virðist, til mjög góð lausn. Einfaldlega sú að snara sér út úr þægindahringnum og gera eitthvað spánnýtt. Er það ekki ágætt markmið fyrir sumarið?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott





KFC
Doritos
TWISTER®
Brakandi,
seiðandi,
tælandi, eggjandi,
töfrandi, fagnandi, stökkur,
sætur,
mjúkur,
nýr, ferskur, sterkur,
unaðslegur,
yndislegur, frábær og skemmtilegur!
699 kr.
Minnum á nýjan KFC stað við Sundagarða
Tortilla • rifinn ostur
majónes • iceberg
muldar Doritos flögur • Zinger lundir
salsasósa • ristaður í grilli
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# menning

menning@frettabladid.is



**HAFNARBORGINNI LÝKUR** Sýningu Hrafnkels Sigurðssonar, Hafnarborginni, lýkur um hvítasunnuhelgina. Síðasti sýningardagur er annar í hvítasunnu, mánudaginn 28. maí. Verkin sem Hrafnkell sýnir nú í Hafnarborg eru öll ný, en efnivið þeirra sækir hann í karlmannlegt athafnasvæði slippsins. Hann sýnir ljósmyndir sem minna á málverk og áhrifamikla myndbandsinnsetningu en einnig veggverk og textíl. Hljóðmynd og lykt taka svo þátt í að skapa umgjörð sem tengir verkin við uppruna sinn.

# Alveg hissa hvað við erum góðir ennþá

**Ný plata með Sigur Rós, Valtari, kemur út á mánudaginn og bindur enda á 4 ára bið aðdáenda sveitarinnar eftir nýjum skammti. Liðsmenn Sigur Rósar hafa fjölgað sér og sinnt öðrum hugðarefnum milli platna. Þeir hlakka til túrsins sem fram undan er, jafnvel þó Kjartan fari ekki með.**

Að sumu leyti þykir ný plata Sigur Rósar, Valtari, minna á tónlist Sigur Rósar frá fyrri árum. Lögin á plötunni eru löng, róleg og draumkennd. Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar, tekur undir þetta. „Á einhverjum tímapunkti hugsaði ég sjálfur að margt á þessari plötu minnti mig á Von [frá 1997]. Það eru element í henni lík, lögin eru löng og róleg og við erum ekki að vinna með hefðbundið lagaform. Við leyfðum okkur að sleppa okkur algjörlega með þessa plötu, sem við gerðum líka með Von,“ útskýrir hann.

Platan varð þó til á allt annan hátt en Von. „Valtari varð til úr mörgum litlum bútum. Við settumst sjaldan niður með hljóðfærin okkar og spiluðum, heldur vorum meira í því að klippa saman í tölvum. Ef eitthvað vantaði fór einn okkar og spilaði það og svo var því bætt við. Ég er nokkuð viss um að við höfum ekki mixað eitt lag á hefðbundinn hátt í hljóðveri fyrir þessa plötu.“

## Smellpassaði að lokum

Síðasta platan frá Sigur Rós kom út árið 2008 og hefur aldrei liðið eins langt á milli platna hjá sveitinni áður. „Grunninn að fyrsta laginu sem við tókum upp á Valtara gerðum við stuttu eftir að við tókum upp Takk, sem kom út 2005. En við byrjuðum ekki að vinna að henni fyrr en í mars 2009. Það kom ekki mikið út úr því, þetta var allt saman eitthvað ruglingslegt,“ segir Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar, um tilurð nýju plötunnar. „Við vorum dálítið ringlaðir eftir Með suð í eyrum túrinn. Eini útgangspunkturinn okkar var að við vildum ekki halda áfram á sömu braut. Seinna sama ár reyndum við aftur og þetta fór eins. Svona gekk þetta, þangað til við gáfumst alveg upp eftir fjórðu tilraun. Persónulega langaði mig bara að henda þessu efni, því þetta var orðið of skrýtið og flókið. Það var ekki fyrr en í september í fyrra að við ákváðum að gera eina heiðarlega tilraun í viðbót og þá, allt í einu, smellpassaði allt.“

## Fjögur píanó

Þeir Sigur Rósarmenn hafa unnið saman frá því árið 1994 og þekkja því orðið hver annan ansi vel. Það sýnir sig kannski best á laginu Fjögur píanó sem þeir unnu á allsérstakan hátt. „Við vorum með lítinn hljóðbút sem við vorum ofsalega hrifnir af en vorum ekki alveg vissir um hvað við ættum að gera við. Upp á grín ákváðum við að allir færu út úr stúdíóinu, nema einn, sem myndi setjast niður við píanóið og spila eitthvað yfir hann. Svo skiptumst við á og enginn fékk að heyra það sem hinir höfðu spilað. Svo prófuðum við að spila þetta allt á sama tíma og þannig varð lagið til. Bútarnir pössuðu allir saman. Ég efast um að það væri hægt að setja hvaða fjórar manneskjur sem er inn í stúdíó á þennan hátt og það kæmi eitthvað af viti út úr því. Þetta var skemmtileg tilraun,“ segir Georg. „Það var allt mjög frjálslegt hjá okkur við gerð þessarar plötu. Við fundum ekki fyrir mikilli pressu og gerðum bara það sem okkur sýndist, eins og okkur sýndist.“

## Uppteknir í öðru

Nokkur ár eru liðin frá því að Sigur Rós kom síðast fram á tónleikum, en hún hefur ekki leikið á tónleikum eftir túrinn í kringum plötuna „Með suð í eyrum við spilum endalaust“ sem kom út árið 2008. Jónsi hefur verið upptekinn við sólóferil sinn, Kjartan meðal annars verið að semja kvikmyndatónlist og þeir Orri og Georg í öðrum verkefnum. Svo hafa þeir verið iðnir við að eignast börn, en þeim þremur síðasttöldu fæddust afkomendur með stuttu millibili. Georg segir að hljómsveitin hafi þó aldrei lagst alveg í dvala. „Alltaf þegar Jónsi var ekki að túra hittumst við, þannig að við höfum alltaf verið eitthvað að bauka, þó það hafi verið minna en venjulega. Áður fyrr vorum við kannski eitt ár að vinna plötu, mjög stíft, og um leið og hún var tilbúin fórum við á túr í eitt og hálft ár. Nú var þetta öðruvísi. Við gáfum okkur tíma í þetta.“

## Flaug heim fyrir eina helgi

Georg segir það oft hafa tekið á fjölskyldulífið að vera í eins þéttu prógrammi og vaninn var. Hann á þrjú börn, elst þeirra fósturdóttur sem er fædd árið 1998. Hans beið því alltaf fjölskylda heima, þegar hann var á tónleikaferðalögum. „Þetta hefur alltaf verið svolítið ströggl fyrir mig og örugglega fyrir Orra líka, því hann á dóttur á svipuðum aldri. Það tekur á sálina í manni að vera kannski í 3 mánuði í burtu. Þess vegna var ég stundum að fljúga heim yfir helgi, jafnvel bara eina nótt, því ég var kannski ekki búinn að vera heima í nokkra mánuði. Þegar maður á fjölskyldu heima snýst þetta svolítið um 3 símtöl á dag, að díla við tímamismuninn og heimþrá. En á sama tíma er þetta auðvitað rosalega gaman og maður hefur séð og upplifað ýmislegt. Með aldrinum höfum við líka lært að meta þetta betur og nú erum við farnir að hlakka mikið til að fara á næsta túr.“

## Kjartan spilar ekki með

Þrálátar sögusagnir hafa lengi verið á kreiki um að Kjartan sé í raun hættur í Sigur Rós og jafnvel að það sé ekki hann sem spili á nýju plötunni Valtara. „Þetta er bara bull. Það sem er satt í sögunum er að Kjartan mun ekki túra með okkur núna. Hann ætlar ekki að spila læv. Hann hefur mikið að gera í kvikmyndatónlistinni og vill frekar vinna tónlist en að spila á tónleikum. Það er allt í lagi okkar vegna. Við erum allir góðir vinir, gerum þetta bara eins og okkur sýnist og pressum ekki hver á annan,“ segir Georg og bætir við að þeir líti á þetta sem tækifæri fyrir hljómsveitina til að gera eitthvað nýtt á tónleikunum. Skarð Kjartans verður þar fyllt með aukagítarleikara, aukapíanóleikara og sex manna strengja- og brasssveit.

> Það var allt mjög frjálslegt hjá okkur við gerð þessarar plötu. Við fundum ekki fyrir mikilli pressu og gerðum bara það sem okkur sýndist, eins og okkur sýndist.

## Fingurnir þekkja tónana

Að undanförnu hefur Sigur Rós verið að dusta rykið af gömlum lögum, sem ekki hafa verið spiluð í fleiri ár. Georg segir þá félaga vissulega ansi ryðgaða, en hins vegar komi þetta eins og af sjálfu sér. Fingurnir þekki tónana og byrji að spila sjálfir. „Þetta er svolítið eins og að hjóla. Maður man ekki nóturnar eða neitt en svo er talið og þá byrjar maður allt í einu af sjálfu sér. Þetta er ekki fullkomið en við erum eiginlega alveg hissa á því hvað við erum góðir ennþá.“

Þó að Valtari komi út á mánudaginn verða íslenskir aðdáendur Sigur Rósar að bíða fram á haust eftir að heyra hljómsveitina spila hér á landi, en þeir koma fram á Airwaves-tónlistarhátíðinni. Tónleikaferð þeirra hefst hins vegar í Fíladelfíu í lok júlí, en auk Bandaríkjanna er ráðgert að spila í Evrópu og Ástralíu og viðbúið er að fleiri álfur bætist við eftir því sem líður á. Sigur Rós á tryggan aðdáendahóp víða um heim. En hvar skyldu þeir vera vinsælastir? „Ég hélt alltaf að við værum vinsælastir í Ameríku. En svo vorum við að ræða þetta við umboðsmenn okkar um daginn. Þeir höfðu látið gera könnun á netinu, til að sjá hjá hvaða aldurshópi og hvar í heiminum væri mest að gerast í kringum Sigur Rós á netinu. Þá eiga víst ungir krakkar í Mexíkó vinninginn. Við höfum samt bara spilað þar einu sinni og það voru ekki neitt sérstaklega góðir tónleikar. Við verðum eiginlega að bæta úr því.“

## Sextugir í Sigur Rós?

Átján ár eru liðin frá því að strákarnir stofnuðu Sigur Rós, eyddu frítíma sínum í æfingahúsnæði og gengu með þann draum í maganum að geta kannski einhvern tímann lifað af tónlistinni. Þeir náðu því takmarki og gott betur, en hvernig skyldi tilfinningin vera að eldast í þessum heimi? „Við gerum rosa mikið grín að þessu sjálfir.

Ef mig misminnir ekki sögðum við okkar á milli þá að við skyldum ekki vera að þessu ennþá, þegar við yrðum fertugir. Nú erum við að nálgast fertugt og hugarfarið hefur breyst. Ég væri alveg til í vera í þessu ennþá þegar ég verð sextugur.“

holmfridur@frettabladid.is



**TÓNLEIKAFERÐIR TAKA Á SÁLINA** Georg, sem á þrjú börn, segir langar tónleikaferðir fjarri fjölskyldunni stundum hafa tekið á. Nú er hann samt farinn að hlakka til næsta tónleikaferðalags, enda langt um liðið síðan síðast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Bryan Ferry
Harpa, Eldborg
27. og 28. maí
frá 6.900 kr.
Örfá sæti laus
Splunkuný leikrit
Á óvenjulegum sýningarstöðum.
Öll sýnd á morgun laugardag / 1.500 kr.
Örfá sæti laus
Fjölbreytt dagskrá
Komdu á Listahátíð
Verðlaunasýning frá Sviss
Pétur Gautur
Aðeins ein sýning
Þjóðleikhúsið
30. maí / 3.500 kr.
Einn fremsti ljóða- og óratoríusöngvari heims
Christoph Prégardien
Ulrich Eisenlohr, píanó
Fegurstu ljóð Schubert og Schumann
Harpa, Norðurljós
sun. 27. maí kl. 15 / 4.500 kr.
Bastards - fjölskyldusaga
Vesturport
Borgarleikhúsið
1. og 2. júní
4.400 kr.
Ástríðufulla röddin
Buika
Harpa, Eldborg
3. júní / 4.900 kr.
Örfá sæti laus
Franski tónlistarmaðurinn
Yann Tiersen
Harpa, Norðurljós
31. maí / 3.900 kr.
Uppselt
Rómeó og Júlía
Harpa, Eldborg
í kvöld 25. maí
frá 2.000 kr.
Örfá sæti laus
Húslestrar
heima í stofum rithöfunda
Á íslensku og þýsku frá 26. maí.
1.000 kr.
Örfá sæti laus
FÍTON / SÍA
Miðasala á alla viðburði hátíðarinnar á www.listahatid.is
Miðasölusími: 561 2444 / Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050
Listahátíð í Reykjavík 2012
Reykjavík Arts Festival
18. maí-3. júní
Landsvirkjun
Radisson BLU
vib
SAMSKIP
Iceland Express
FRÉTTABLAÐIÐ

# Styrkja UN Women

Tónleikar til styrktar UN Women fara fram á Gauki á Stöng í kvöld. Það er vefverslunin Gogoyoko sem skipuleggur tónleikana, sem eru þeir fyrstu í röð tónleika sem haldnir verða ársfjórðungslega til styrktar góðu málefni.

Hljómsveitirnar Mammút, Tilbury, Snorri Helgason, Elín Ey, Muck og Christopher Wyatt-Scott koma fram á tónleikunum í kvöld og segist Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastjóri hjá UN Women, þakklát fyrir stuðninginn. „Við erum mjög þakklát Gogoyoko, tónleikastaðnum og tónlistarfólkinu fyrir stuðninginn og þá vinnu sem þarf til að hrinda tónleikum sem þessum í framkvæmd.“

UN Women eru samtök innan Sameinuðu þjóðanna sem vinna að jafnrétti kynjanna og eflingu kvenna. Samtökin hafa þau markmið að stöðva kynbundið ofbeldi og bæta aðstöðu kvenna um heim allan og að sögn Ingu Dóru hefur stuðningur við UN Women á Íslandi aukist verulega eftir kreppu. „Sú tilhneiging fólks að draga saman fjárútlát til góðgerðamála þegar kreppir að hefur ekki átt sér stað hér. Hjá okkur hefur stuðningur aukist töluvert eftir kreppu og við gátum því aukið framlag okkar um 140 prósent og okkur þykir ótrúlega vænt um það,“ segir Inga Dóra sem hyggst mæta á tónleikana í kvöld ásamt öðrum starfsmönnum UN Women. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er miðaverð 1.000 krónur. - sm



**STYRKJA KONUR** Þormóður Dagsson, söngvari Tilbury, er á meðal þeirra sem munu gefa vinnu sína til styrktar UN Women. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 25. maí 2012**

### Tónleikar



**21.00 Mammút,** Snorri Helgason, Myrra Rós, Muck, Tilbury og Christopher Wyatt-Scott koma fram á styrktartónleikum Gogoyoko fyrir UN Women á Gauknum. Miðaverð er kr. 1.000.

### Upplestur

**20.00** Í tengslum við ráðstefnuna Art in Translation verður efnt til upplestrar á Súfistanum í bókabúð **Máls og menningar** við Austurstræti. Bæði íslenskir og erlendir höfundar munu lesa upp úr verkum sínum á ensku. Aðgangur er ókeypis.

### Söngskemmtun

**00.00** Félag eldri borgara í Kópavogi vekur athygli á því að **Gleðigjafararnir** í Gullsmára eru komnir í sumarfrí og því verður ekki sungið saman í dag. Þráðurinn verður tekinn upp á ný í haust.

### Tónlist

**20.00** Djassarinn **Andrés Þór Gunnlaugsson** heldur útgáfutónleika í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af útgáfu disks síns, Mónókróm.

**21.00 Samúel Jón Samúelsson Big Band** leikur í síðasta sinn á tónleikastaðnum Nasa. DJ Lucky hitar upp. Miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** Hljómsveitin **Belleville** leikur á **Café Haiti.** Þeir sérhæfa sig í musette tónlist, sem leikin var á harmonikkuböllum í Frakklandi á fyrri hluta 20. aldar. Aðgangur er ókeypis.



**22.00** Ein heitasta hljómsveit landsins um þessar mundir, **Tilbury,** mun trylla lýðinn á Bar 11. DJ mætir í búrið að tónleikum loknum og aðgangur er ókeypis.

**22.00** Hljómsveitin **Thin Jim** heldur tónleika á Café Rosenberg. Hljómsveitin, með **Margréti Eir** í broddi fylkingar, sendi nýlega frá sér lagið Fjólubláar Sóleyjar. Þór Breiðfjörð og Páll Rósinkraz verða gestir kvöldsins.

**22.00 Andrea Gylfadóttir og Eðvarð Lárusson** halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**22.00 Ingó** veðurguð mætir með gítarinn á **Forsetabarinn** á Selfossi. 2 fyrir 1 á barnum til kl. 23.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**



# BIÐIN ER Á ENDA!

## SALA Á FRAMHALDI HUNGURLEIKANNA HEFST KLUKKAN ÞRJÚ Í DAG




Athugið!
Einnig til í kilju.
Kynningartilboð
Verð kr. 2.299
Áður kr. 2.699

Kynningar-
tilboð
kr. 3.299
Áður kr. 3.999

**FYRSTU FIMMTÍU SEM KAUPA BÓKINA Í EYMUNDSSON SMÁRALIND FÁ GJAFABRÉF FYRIR STÓRRI PIZZU FRÁ RIZZO PIZZA Í KAUPBÆTI!**

Hefst kl. 15.00 í dag. Gildir eingöngu í Smáralind.




Tilboð gildir til og með 04.06.12

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON



5% aukaafsláttur af tilboðum.
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**KARLMENN HAFA GAMAN AF** því að slúðra og gera það gjarnan. Þetta sýnir ný bandarísk rannsókn. Vísindamenn komust að því að karlmönnum þyki skemmtilegast að tala um líkamlegt atgervi sitt og annarra og að slúðrið treysti vinaböndin milli þeirra.



**ÁHRIFAMIKIL** Scott Schuman og Garance Doré eru orðin þekkt fyrir götutískumyndir sínar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Græða á götutísku

**TÍSKA** Scott Schuman og Garance Doré halda úti tískublogginu The Sartorialist, sem hefur lengi verið eitt vinsælasta götutískubloggið á veraldarvefnum. Parið var jafnframt það fyrsta sem hafði góðar tekjur af slíku bloggi og er nú komið í hóp þeirra áhrifamestu innan tískuheimsins.

Schuman og Doré elta uppi skemmtilegt myndefni á götum stórborga á borð við Mílanó, London, New York og París. „Maður eyðir mörgum klukkustundum úti á götunni í leit að myndefni. Þetta er næstum eins og veiði," segir Doré um starf sitt.



**BESTI VINURINN** Hundar veita ekki aðeins félagsskap heldur geta einnig bjargað lífi og aukið lífsgæði veikra einstaklinga. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hundar bjarga lífum

**HEILSA** Hundar eru ekki aðeins besti vinur mannsins heldur eru þeir einnig taldir heilsubætandi. Hundar hafa verið þjálfaðir til þess að aðstoða fólk með flogaveiki, sykursýki og elliglöp svo eitthvað sé nefnt.

Hundar hafa aðstoðað blinda lengi og nú geta einstaklingar með sykursýki einnig nýtt sér þjónustu hunda. Hundar hafa verið þjálfaðir til að vara sykursjúka við lágum blóðsykri með því að reka trýnið í viðkomandi eða sleikja hönd þeirra. Með næmu lyktarskyni sínu geta þeir sagt til um er blóðsykursfall verður. Hundar af Labrador-kyni hafa einnig verið þjálfaðir til að sinna fólki með elliglöp með því að minna á lyfjatöku og matmálstíma.

Hundar geta einnig fundið lykt af þeim efnabreytingum sem eiga sér stað í líkamanum skömmu áður en flogaveikur einstaklingur fær kast og þannig komið þeim til aðstoðar. Hundar hafa greint þessar efnabreytingar allt að fjörtíu mínútum áður en einstaklingur fær kast.


**krakkasíðan**

krakkar@frettabladid.is



Ragna Björg Ingólfsdóttir gekk á fjöll, hoppaði í lækjum og fór í arabastökk og flikk hvar sem var, þegar hún var barn. Nú æfir hún fyrir ólympíuleikana.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins








# MEÐ SÓLGLERAUGUN Á LOFTI

**TÍSKA Sólgleraugu eru ómissandi fylgifiskur sumarsins og því vert að skoða hvernig sólgleraugnatískan lítur út í ár. Þar er fjölbreytni í fyrirrúmi en alltaf er best að velja lag sem hentar hverjum og einum. Hin klassísku Ray Ban Wayfarer sólgleraugu halda velli í sumar fyrir bæði kynin sem og kringlóttu John Lennon gleraugun, þó með örlítið þykkari umgjörð. Í ár eru einnig kisulöguð gler að koma sterk inn og stórar og hvassar umgjarðir að hætti Gucci og D&G.**








ÚTILÍF
30% AF
ASICS
VALDIR ASICS HLAUPASKÓR Á TILBOÐI.
ÞAÐ ER EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA.
TILBOÐ: 19.990 KR.
KAYANO 17 MEN'S
Gel-dempun undir hæl og tábergi. Mest seldi innanfótarstyrkti skórinn á Íslandi.
Almennt verð: 28.990 kr.
TILBOÐ: 19.990 KR.
KAYANO 17 WOMEN'S
Gel-dempun undir hæl og tábergi. Mest seldi innanfótarstyrkti skórinn á Íslandi.
Almennt verð: 28.990 kr.
TILBOÐ: 19.990 KR.
NIMBUS 13 MEN'S
Hannaður fyrir þá sem eru með háa rist og álag á utanverðan fótinn í niðurstigi.
Almennt verð: 28.990 kr.
TILBOÐ: 19.990 KR.
NIMBUS 13 WOMAN'S
Hannaður fyrir þá sem eru með háa rist og álag á utanverðan fótinn í niðurstigi.
Almennt verð: 28.990 kr.
TILBOÐ: 17.490 KR.
CUMULUS 12 MEN'S
Gel-dempun undir tábergi og hæl. Hentar hlaupurum með háa il eða úthalla.
Almennt verð: 24.990 kr.
TILBOÐ: 17.490 KR.
CUMULUS 12 WOMAN'S
Gel-dempun undir tábergi og hæl. Hentar hlaupurum með háa il eða úthalla.
Almennt verð: 24.990 kr.
TILBOÐ: 17.490 KR.
GT2160 MEN'S
Gel-dempun undir hæl og tábergi, Með léttri innanfótarstyrkingu og góðri endingu.
Almennt verð: 24.990 kr.
TILBOÐ: 17.490 KR.
GT2160 WOMAN'S
Gel-dempun undir hæl og tábergi, Með léttri innanfótarstyrkingu og góðri endingu.
Almennt verð: 24.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS



**HARRY POTTER** leikararnir Rupert Grint og Alan Rickman munu vinna aftur saman við gerð kvikmyndarinnar CBGB. Grint fór með hlutverk Ron Weasley í kvikmyndunum um Harry Potter en Rickman lék Snape.



**BROSMILD** Hjónin Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson mættu glöð í bragði.



**GÓÐIR GESTIR** Þessi hópur lét fara vel um sig í Þjóðleikhúskjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GAMAN** Vinirnir Craig og Hjörtur létu sig ekki vanta.

# Glymskrattinn í leikhúskjallaranum

**Dans- og tónleikaverkið Glymskrattinn var frumsýnt á miðvikudaginn í Þjóðleikhúskjallaranum fyrir fullu húsi. Sýningin er í tengslum við Listahátíð í Reykjavík en Valdimar Jóhannesson tónlistarmaður og dansararnir Sigríður Soffía Níelsdóttir og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir eru höfundar verksins. Það má segja að Þjóðleikhúskjallaranum hafi verið breytt í dansvænan tónleikastað fyrir verkið og virtust áhorfendur hafa gaman af.**



**GAGNRÝNANDINN** Símon Birgisson, leikhúsgagnrýnandi og Leifur Þorvaldsson.



**FRÆGIR** Útvarps- og sjónvarpsstjarnan Andri Freyr Viðarsson horfði á dansinn ásamt Bóasi Hallgrímssyni úr hljómsveitinni Reykjavík!

# Vel heppnuð endurkoma Roses

Breska hljómsveitin The Stone Roses spilaði óvænt á sínum fyrstu tónleikum í sextán ár í bænum Warrington á Englandi fyrir skömmu. Sveitin hætti árið 1996 en í fyrra var tilkynnt um endurkomu hennar.

Um eitt þúsund manns mættu á tónleikana sem þóttu heppnast vel. „Þeir hafa aldrei spilað svona vel saman," sagði einn aðdáandinn í viðtali við BBC. Einhverjir kvörtuðu samt yfir rödd söngvarans Ians Brown sem þótti ansi rám.

Hljómsveitin spilaði öll sín bestu lög, þar á meðal I Wanna Be Adored, Waterfall og Love Spreads. Engin ný lög fengu að hljóma í þetta sinn. Á meðal tónleikagesta var Liam Gallagher, fyrrum söngvari Oasis.

Fyrstu endurkomutónleikar The Stone Roses áttu að vera í Barcelona 8. júní. Tónleikar í Bretlandi voru ekki fyrirhugaðir fyrr en í lok júní. Þá er búist við 225 þúsund áhorfendum á þrenna tónleika í Heaton Park í Manchester, heimaborg sveitarinnar. Í framhaldinu ætla þeir félagar í tónleikaferð um heiminn.



**THE STONE ROSES** Töffararnir í The Stone Roses spiluðu á sínum fyrstu tónleikum í sextán ár. NORDICPHOTOS/GETTY

BYLGJAN 989



Steingrímur J. Sigfússon
ráðherra
og Andrea Ólafsdóttir
forsetaframbjóðandi mæta
á Sprengisand á sunnudaginn.

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

**1 DAGUR** í aðalkeppni Eurovision



**STÖÐUG KEYRSLA** Íslenski hópurinn er búinn að hafa nóg að gera frá því þau lentu í Bakú fyrir tæpum tveimur vikum en þau hafa fengið hálfan dag til að skoða sig um í borginni.

# Eins og geimverur í Bakú

„Það er rosaleg aðsókn í Gretu og Jónsa, bæði meðal almennings og fjölmiðla," segir Jónatan Garðarsson, liðstjóri íslenska Eurovision-hópsins í Bakú.

Allur hópurinn er mikið stoppaður á götum úti að sögn Jónatans. „Við skerum okkur alveg fullkomlega úr hérna. Við erum mjög ólík heimamönnum og oft horft á okkur eins og við séum geimverur," segir hann. Þau eru ekki bara vinsæl í Bakú því fjölmiðlar víða um Evrópu sækja í Íslendingana. Greta og Jónsi voru til dæmis í viðtali við bresku stöðina BBC í beinni útsendingu í hléi á undankeppninni í gærkvöldi. „Þeir höfðu samband fyrir löngu síðan og pöntuðu þau í þetta viðtal því þeir voru svo sannfærðir um að við myndum komast áfram," segir Jónatan. Hann segir ekki gefast mörg tækifæri fyrir keppendur að kynnast persónulega. „Við erum hér í vinnuferð og þetta er stanslaus keyrsla. Svo eru líka myndavélar allt í kringum keppendurna öllum stundum svo það er erfitt að mynda einhver persónuleg tengsl," segir hann en bætir við að það sé þó góður mórall meðal keppendanna.

Engar breytingar verða gerðar á atriðinu á morgun frá því sem við sáum á þriðjudaginn. „Við höfum engu mátt breyta síðan við skiluðum inn endanlegri útgáfu 20. mars. Það eru 42 lönd að keppa og einn maður sem stjórnar útsendingu svo maður getur rétt ímyndað sér að smávægilegar breytingar geti þýtt að allt fari í rugl," segir Jónatan. Íslenski hópurinn er bjartsýnn og jákvæður fyrir morgundeginum, en þau verða sjöunda atriðið á svið. - trs




**HEIMAPIZZA**
pepperoni 88g **275,-**



# 250,-

**STÄM** pizzahnífur
L17cm. Ýmsir litir




**HEIMAPIZZA**
pizzaostur 300g **445,-**



**STRÅLANDE** rifjárn L28cm
Ryðfrítt stál/dökkgrátt **895,-**

# Hver er sinnar pizzu smiður



**STRÅLANDE** saxari
H20cm. Hvítt **1.290,-**







**HEIMAPIZZA**
hvítlauksolía
300ml **595,-**




**HEIMAPIZZA** steikt
beikon 120g **275,-**

EUROVISIONTILBOÐ

# 50,-

**HEIMAPIZZA** pizzadeig 380g ~~95,-~~




**HEIMAPIZZA**
pizzanet 12" **995,-**
pizzanet 14" **1.145,-**



**MAGASIN** kökukefli
L43cm. Gegnheilt birki **695,-**



**ENVIS** penslar L20 og
18cm. Hvítt/rautt
**695,-/2 í setti**




**HEIMAPIZZA**
skinka 140g







**HEIMAPIZZA**
rótsterkt pepperoni
120g **285,-**




**HEIMAPIZZA**
maískurl 300g **295,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2011



**DRÄLLA** mjúk skurðarbretti L37×B29cm
Grænt/rautt **495,-/2 í pk.**

**HEIMAPIZZA**
pizzasósa **245,-**






# 595,-

**HEIMAPIZZA**
brauðstangaolía 300g

**Ókeypis máltíð fyrir börnin**



Börn, tólf ára og yngri, fá að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli



**SOMMARLOV**
servíettur
B38×L38cm
Ýmis mynstur

# 395,-/30 í pk.

**ÄNDLIG** hnífasett
Inniheldur: Brauðhníf kokkahníf,
grænmetishníf 23 og flysjunarhníf
Ryðfrítt stál **1.790,-/4 í setti**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR VIP | KL. 4 - 8 | 2D | VIP |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| SAFE VIP | KL. 6 - 10 | 2D | VIP |
| DARK SHADOWS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 7 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 - 8 | 3D | 10 |
| SAFE | KL. 10:50 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 6 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS (3D) | KL. 10:10 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:40 - 8 | 3D | 7 |
| DICTATOR | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 7 - 10 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| MIB 3 3D | KL. 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 3D LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.20 - 8 | 12 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10.30 | 14 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| MIB 3 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| SALMON FISHING IN THE YEMEN | KL. 5.30 - 8 - 10.15 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10.30 | 12 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 - 8 | 10 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| MIB 3 3D | KL. 6 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.45 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MEN IN BLACK 3 3D | 5, 8, 10.20 |
| THE DICTATOR | 4, 6, 8, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 8, 10.25 |
| LORAX 3D | 4, 6 |


# Alltumlykjandi og áhrifaríkt

Tónlist ★★★☆☆

**Sigur Rós**
Valtari




**VANDAÐ TIL VERKA** Sigur Rósarmenn hafa nostrað við hljóðheiminn á Valtara, oft með hrífandi árangri.

Á síðustu plötu Sigur Rósar, Með suð í eyrum við spilum endalaust, kvað við nýjan tón hjá hljómsveitinni í lögum eins og Gobbledigook og Inní mér syngur vitleysingur. Við Sigur Rósarhljóminn hafði meðal annars verið bætt æstum töktum og öðruvísi röddum. Maður fékk það á tilfinninguna að sveitin hefði stigið eitt skref í áttina að einhverju allt öðru heldur en hún hafði verið að gera fram að því. Það kom þess vegna mikið á óvart þegar nýja platan, Valtari, fór í spilarann í fyrsta skipti að tónlistin á henni minnir meira á gömlu Sigur Rósarplöturnar heldur en Suðið. Og það verður að segjast eins og er að fyrsta rennslið olli vonbrigðum.

Þegar maður er hins vegar búinn að jafna sig á sjokkinu og stilla skynjarana upp á nýtt þá vex Valtarinn (plata sem ber ekki nafn með rentu) við hverja hlustun og marglaga og innlifunarkennd tónlistin fer að ná til manns.

Valtari er í raun andstæða Suðsins. Hún er innhverf og hæg. Það eru engir poppslagarar á henni, bara stemningsfull og alltumlykjandi verk. Og það eru engar trommur í mörgum laganna. Þó að yfirbragðið minni á gömlu plöturnar, og sum lögin hafi svipaða stigmögnun og maður hefur heyrt áður hjá sveitinni (sérstaklega lagið Varúð), þá eru heildaráhrifin ólík. Sigur Rósarmenn hafa nostrað við hljóðheiminn, oft með hrífandi árangri. Í lögunum Dauðalogn og Varðeldur syngur The Sixteen-kórinn með hljómsveitinni og útkoman er í báðum tilfellum mögnuð. Önnur uppáhaldslög á plötunni eru Ekki múkk, sem er einfalt en áhrifaríkt, titillagið Valtari og lokalagið Fjögur píanó. Þau tvö síðastnefndu eru nánast hrein ambient-verk.



Á heildina litið er Valtari fín plata. Hún kemur á óvart, hún er svolítið seintekin og hún krefst fullrar athygli hlustandans. Gefi maður henni séns uppsker maður hins vegar ríkulega. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Sigur Rós tekur stóra beygju með rólegri og hrífandi plötu.



**ÆTTLEIDDUR** Jonny Depp hefur verið ættleiddur af Comanche-indíánaflokknum.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Depp ættleiddur

Leikarinn Johnny Depp var ættleiddur af Comanche-indíánum frá Nýju Mexíkó og tilheyrir nú flokki þeirra.

Ættleiðingin á rætur sínar að rekja til þess að Depp leikur indíánann Tonto í kvikmynd byggðri á sjónvarpsþáttunum The Lone Ranger.

LaDonna Harris, Comanche-indíáni og formaður samtakanna Americans for Indian Opportunity, sagði ættbálkinn stoltan af hinum nýja meðlimi. „Við höfðum samband við Depp að fyrra bragði og hann tók vel í hugmynd okkar. Hann virtist ánægður með boðið og við erum upp með okkur yfir því hversu spenntur hann er.“

Depp sagði í viðtali árið 2011 að svolítið af indíánablóði rynni í æðum hans og að langamma hans væri líklega af Cherokee eða Creek-indíánaættum.

# Nýtt andlit Material Girl

**Georgia May Jagger, dóttir tónlistarmannsins Micks Jagger og fyrirsætunnar Jerry Hall, er nýtt andlit fatalínunnar Material Girl sem hönnuð er af Madonnu og dóttur hennar, Lourdes Leon.**

**„Það er mikill heiður að vera valin af Madonnu og Lourdes sem andlit Material Girl. Ég hef ávallt dáðst að fatastíl Madonnu og er upp með mér að fá loks tækifæri til að vinna með henni,“ sagði Jagger um hið nýja starf sitt. Jagger er þriðja stúlkan sem gegnir þessu hlutverki og fetar þar með í fótspor Taylor Momsen og Kelly Osbourne.**



**ANDLIT FATALÍNU** Georgia May Jagger er nýtt andlit fatalínu í eigu Madonnu og Lourdes Leon, dóttur söngkonunnar.
NORDICPHOTOS/GETTY




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FÖSTUDAGUR: SKEMMD EPLI: TYRANNOSAUR 18:00, 20:00 22:00 ■ SKEMMD EPLI: APPLAUSE 20:00 ■ SKEMMD EPLI: SVINALANGORNA 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 20:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS) 17:40, 22:00

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Meira á www.intersport.is





3.490

FIREFLY ADDISON
Canvasskór með gúmmísóla.
Dömustærðir. Litur: Fjólublár.

100% VERÐVERND
INTERSPORT
EF ÞÚ FINNUR SÖMU VÖRU Á LÆGRA VERÐI
ÞÁ ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR MISMUNINN*

# ALLTAF LÆGSTA VERÐIÐ

MEÐ VERÐVERND INTERSPORT*



5.990

PROTOUCH BARNASKÓR
Léttir hlaupaskór. Litur: Blár/grænn.
Stærðir: 31-38.



4.490

PROTOUCH BARNASKÓR
Góðir íþróttaskór með riflás.
Stærðir: 25-37. Litur: Svartur/rauður.



4.490

PROTOUCH BARNASKÓR
Góðir íþróttaskór með riflás.
Stærðir: 25-37. Litur: Hvítur/fjólublár.



3.990

RUN TECH BARNASKÓR
Góðir íþróttaskór með riflás.
Stærðir: 28-35. Litur: Hvítur/grár.



3.990

FIREFLY BEAVIS
Canvasskór með gúmmísóla. Herrastærðir.
Litur: Blár.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 25. – 31. MAÍ

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

*Ef þú hefur keypt vöru í Intersport og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tvær vikur frá kaupdegi og gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvöru.

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO - www.expo.is

# sport

sport@frettabladid.is



**HELENA SVERRISDÓTTIR** skoraði 20 stig og fór fyrir þriggja stiga skotsýningu íslenska kvennalandsliðsins í 27 stiga sigri á Noregi í gær, 82-55, í fyrsta leiknum á Norðurlandamótinu í Noregi. Íslensku stelpurnar skoruðu 13 þriggja stiga körfur í leiknum sem er það mesta í A-landsleik kvenna frá upphafi. Liðið mætir bæði Svíum (kl. 09.00) og Dönum (17.00) í dag.

## Breiðablik 0-2 Fram

Kópavogsv., áhorf.: 820 — Vilhjálmur Þórarinss. (7)

**0-1 Kristinn Ingi Halldórsson (26.), 0-2 Jón Gunnar Eysteinsson (71.)**

**Skot (á mark):** 4-10 (2-6)
**Varin skot:** Sigmar 4 - Ögmundur 2

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Sigmar Ingi Sigurðarson 4 - Þórður Steinar Hreiðarsson 4 (75., Elfar Árni Aðalsteinsson -),Renee Troost 5, Sverrir Ingi Ingason 5, Kristinn Jónsson 6 - Finnur Orri Margeirsson 6, Jökull I Elísabetarson 5, Rafn Andri Haraldsson 5 (62., Haukur Baldvinsson 5) - Andri Rafn Yeoman 5, Árni Vilhjálmsson 5, Arnar Már Björgvinsson 6 (62. , Guðmundur Pétursson 5).

**FRAM (4-5-1):** Ögmundur Kristinsson 7 - Alan Lowing 6, Kristján Hauksson 7, Hlynur Atli Magnússon 7, **Sam Tillen 8*** - Jón Gunnar Eysteinsson 7, Halldór Hermann Jónsson 6, Samuel Hewson 6 - Almarr Ormarsson 7, Kristinn Ingi Halldórsson 7, Steven Lennon 6.

* MAÐUR LEIKSINS

## Keflavík 1-0 ÍBV

Nettóvöllur, áhorf.: 930 — Garðar Hinriksson (6)

**1-0 Jóhann Birnir Guðmundsson (64.)**

**Skot (á mark):** 5-11 (1-4)
**Varin skot:** Ómar 4 - Abel 0

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Ómar Jóhannsson 7, Grétar Atli Grétarsson 7, Einar Orri Einarsson -(22., Magnús Þór Magnússon 7), **Haraldur Guðmundsson 8***, Jóhann Ragnar Benediktsson 7, Frans Elvarsson 6, Denis Selimovic 6, Arnór Ingvi Traustason 6, Bojan Stefán Ljubicic 6 (78., Hilmar Geir Eiðsson -), Jóhann Birnir Guðmundsson 7, Guðmundur Steinarsson 5 (75., Sigurbergur Elísson -)

**ÍBV (4-5-1):** Abel Dhaira 3, Arnór Eyvar Ólafsson 5, Brynjar Gauti Guðjónsson 5, Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 5, George Baldock 5, Tony Mawaejje 5, George Baldock 5, Ian Jeffs 5 (73., Christian Steen Olsen -), Aaron Spear 5 (83., Ragnar Leósson -), Víðir Þorvarðarson 6

* MAÐUR LEIKSINS

## Selfoss 3-3 Grindavík

Selfossvöllur, áhorf.: 534 — Magnús Þórisson (6)

**1-0 Jón Daði Böðvarsson (14.), 1-1 Matthías Örn Friðriksson (27.), 2-1 Ólafur Karl Finsen (47.), 3-1 Stefán Ragnar Guðlaugsson (75.), 3-2 Alexander Magnússon (87.), 3-3 Óli Baldur Bjarnason (90.+2)**

**Skot (á mark):** 7-10 (4-4)
**Varin skot:** Ismet 1 - Óskar 0

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 5 - Ivar Skjerve 6, Stefán Ragnar Guðlaugsson 7, Endre Ove Brenne 6, Andri Freyr Björnsson 5 - Ólafur Karl Finsen 5 (71., Joseph Tillen), Jon Andre Royrane 6 (80., Tómas Leifsson), Babacar Sarr 7, Robert Johann Sandnes 7, Jón Daði Böðvarsson 7 - Viðar Örn Kjartansson 6 (88., Abdoulaye Ndiaye)

**GRINDAVÍK (5-4-1):** Óskar Pétursson 5 - Matthías Örn Friðriksson 5, Loic Mbang Ondo 5 (66., Scott Ramsey 7), Ólafur Örn Bjarnason 6, Mikael Eklund 5, Ray Anthony Jónsson 6 - Gavin Morrison 6 (80 Daníel Leó Grétarsson), ***Alexander Magnússon 8**, Alex Freyr Hilmarsson (72., Óli Baldur Bjarnason) 5, Marko Valdimar Stefánsson 6 - Tomi Ameobi 6

* MAÐUR LEIKSINS

## PEPSI-DEILDIN

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **5** | **4** | **1** | **0** | **9-5** | **13** |
| KR | 5 | 3 | 1 | 1 | 10-7 | 10 |
| **FH** | **5** | **3** | **1** | **1** | **6-3** | **10** |
| Stjarnan | 5 | 2 | 3 | 0 | 10-6 | 9 |
| **Keflavík** | **5** | **2** | **1** | **2** | **8-5** | **7** |
| Selfoss | 5 | 2 | 1 | 2 | 8-8 | 7 |
| **Fylkir** | **5** | **1** | **3** | **1** | **7-6** | **6** |
| Fram | 5 | 2 | 0 | 3 | 6-7 | 6 |
| **Valur** | **5** | **2** | **0** | **3** | **5-6** | **6** |
| Breiðablik | 5 | 1 | 1 | 3 | 1-6 | 4 |
| **ÍBV** | **5** | **0** | **2** | **3** | **4-7** | **2** |
| Grindavík | 5 | 0 | 2 | 3 | 8-16 | 2 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **ÍBV - Stjarnan** | **29. maí kl. 18.00** |
| **Selfoss - Breiðablik** | **31. maí kl. 19.15** |
| **Valur - Keflavík** | **31. maí kl. 19.15** |
| **FH - Fylkir** | **2. júní kl. 14.00** |
| **Fram - KR** | **2. júní kl. 16.00** |
| **Grindavík - ÍA** | **2. júní kl. 16.00** |

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
vísir.is



**BJARGVÆTTURINN** Garðar skorar hér fyrir Skagamenn og tryggir þeim stig. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skagamenn enn taplausir

**ÍA tapaði sínum fyrstu stigum í Pepsi-deildinni í gærkvöld en er samt enn á toppnum. Fylkir vann sinn fyrsta leik í sumar og mikil dramatík var á Selfossi þar sem botnlið Grindavíkur nældi í stig í lok leiksins.**

**FÓTBOLTI** Fimm leikir fóru fram í Pepsi-deild karla. Stórleikur gærkvöldsins var í Garðabæ þar sem Stjarnan tók á móti taplausum Skagamönnum.

Stjörnumenn gengu svekktir af velli eftir 1-1 jafntefli gegn toppliði Skagamanna í Garðabænum í gærkvöldi. Stjarnan leiddi verðskuldað í hálfleik 1-0 en enn á ný reyndust Skagamenn sterkir í síðari hálfleik. Varamaðurinn Garðar Gunnlaugsson reyndist hetja þeirra gulklæddu annan leikinn í röð og tryggði gestunum stig.

„Ég tel okkur vera það lið í deildinni sem er í besta forminu. Við höldum áfram og játum okkur aldrei sigraða. Enginn reiknaði með þessu gengi okkar en við höfum lagt hart að okkur,“ sagði Englendingurinn Gary Martin sem átti klúður leiksins. Hann skaut þá framhjá frammi fyrir opnu marki og átti von á bröndurum úr öllum áttum í rútunni á leiðinni heim á Skaga.

Framarar unnu þægilegan sigur á Breiðablik. Breiðablik hefur aðeins náð að skora eitt mark það sem af er mótsins og sóknarleikur þeirra virkilega bragðdaufur.

„Við vorum virkilega þéttir til baka í kvöld og þeir fengu fá færi í leiknum,“ sagði Kristján Hauksson, fyrirliði Fram, eftir sigurinn í gær.

„Hópurinn var ekkert farinn að örvænta eftir slaka byrjun á tímabilinu. Við vitum einfaldlega að liðið er mun betra í ár en á síðasta tímabili. Fram á eftir að gera góða hluti í sumar.“

Fylkir sigraði Val í fjörugum leik í gærkvöld. Fylkir byrjaði leikinn af krafti og komst yfir með mörkum frá Árna Frey sem fóru langleiðina með að vinna leikinn.

Markaskorarinn Árni var kátur í leikslok. „Þetta var það sem við þurftum. Við höfum oft spilað betur en loksins kom sigurinn og ekki var verra að setja 2 mörk sjálfur.“

Keflvíkingar unnu í gærkvöld óverðskuldaðan sigur á Eyjamönnum. Leikurinn var tilþrifalítill en Keflvíkingum tókst að setja boltann í markið á 68. mínútu.

Þar var að verki Jóhann Birnir Guðmundsson eftir hræðileg mistök Abel Dhaira í marki Eyjamanna. Nokkuð fjaraði undan leiknum eftir markið en Hilmar Geir Eiðsson fékk svo að líta rauða spjaldið undir leikslok. Magnús Gylfason, þjálfari ÍBV var ómyrkur í máli í leikslok og sagði að árangur liðsins í upphafi móts væri ekki ásættanlegur.

,,Þetta er óásættanlegur árangur hjá okkur í fyrstu umferðunum. Við ætluðum okkur meiri hluti en menn verða bara að horfa í eigin barm. Við þurfum bara að undirbúa okkur fyrir baráttu á öðrum enda.“

Grindvíkingar komu til baka og tryggðu sér 3-3 jafntefli á Selfossi með því að skora tvö mörk í lok leiksins í leik liðanna í 5. umferð Pepsi-deild karla. Óli Baldur Bjarnason skoraði jöfnunarmarkið í uppbótartíma en Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson skaut í stöngina rétt áður en leikurinn var flautaður af.

Það stefndi allt í sigur Selfoss og þar með hundraðasta sigur þjálfarans Loga Ólafssonar í efstu deild þegar skammt var eftir af leiknum en Alexander Magnússon minnkaði muninn í 3-2 á 87. mínútu áður en Óli Baldur jafnaði á annarri mínútu í uppbótartíma.

**- ktd, sáp, kós, shf, óój**

## Stjarnan 1-1 ÍA

Stjörnuvöllur, áhorf.: 1.237 — Guðm. Ársæll Guðm. (8)

**1-0 Garðar Jóhannsson, víti (45.+1), 1-1 Garðar Gunnlaugsson (73.)**

**Skot (á mark):** 25-9 (4-2)
**Varin skot:** Ingvar 1 - Páll Gísli 3

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 5 - Jóhann Laxdal 6, Baldvin Sturluson 6 (72., Snorri Páll Blöndal -), **Alexander Scholz 7***, Hörður Árnason 5 - Atli Jóhannsson 5 (75., Gunnar Örn Jónsson -), Daníel Laxdal 6, Mads Laudrup 6- Kennie Chopart 6, Halldór Orri Björnsson 6, Garðar Jóhannsson 7

**ÍA (4-5-1):** B Árni Snær Ólafsson 6 - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 4, Ármann Smári Björnsson 7, Kári Ársælsson 6, Einar Logi Einarsson 6 - Jóhannes Karl Guðjónsson 6, Mark Doninger 5, Arnar Már Guðjónsson 4 - Jón Vilhelm Ákason 4 (62., Garðar Bergmann Gunnlaugsson 7), Ólafur Valur Valdimarsson 4 (46., Dean Edward Martin 7), Gary Martin 4 (89., Andri Adolphsson -)

* MAÐUR LEIKSINS

## Fylkir 3-1 Valur

Fylkisvöllur, áhorf.: ? — Kristinn Jakobsson (8)

**1-0 Árni Freyr Guðnason (13.), 2-0 Árni Freyr Guðnason (44.), 2-1 Matthías Guðmundsson (45.), 3-1 Davíð Þór Ásbjörnsson (85.)**

**Skot (á mark):** 12-12 (5-7)
**Varin skot:** Bjarni 6 - Sindri 2

**FYLKIR (4-3-3):** B Bjarni Þórður Halldórsson 7 – Andri Þór Jónsson 6, David Elebert 6, Hjörtur Hermansson 7 (53., Kjartan Ágúst Breiðdal 6), Ásgeir Eyþórsson 6 - Finnur Ólafsson 7 (75., Oddur Ingi Guðmundsson), Davíð Þór Ásbjörnsson 7, Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6 - Ingimundur Níels Óskarsson 6 , **Árni Freyr Guðnason 7*** (83., Björgólfur Takefusa), Tómas Þorsteinsson 6.

**VALUR (4-5-1):** B Sindri Snær Jensson 5 - Andri Fannar Stefánsson 2, Atli Sveinn Þórarinsson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 4 , Úlfar Hrafn Pálsson 4 - Guðjón Pétur Lýðsson 4(57., Hafsteinn Briem 5), Haukur Páll Sigurðsson 5, Rúnar Már Sigurjónsson 6 - Ásgeir Þór Ingólfsson 5 , Hörður Sveinsson 5 (69., Atli Heimisson 4), Matthías Guðmundsson 6.

* MAÐUR LEIKSINS



**HRAFNHILDUR LÚTHERSDÓTTIR** Stendur sig vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrafnhildur Lúthersdóttir:

# Í úrslit á EM

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir tryggði sér í gær sæti í úrslitasundinu í 200 metra bringusundi á EM í 50 metra laug í Debrecen í Ungverjalandi.

Hrafnhildur synti á 2:28,99 mínútum og varð áttunda inn. Hún var aðeins frá Íslandsmeti sínu (2:28,87 mín.) og þarf að bæta sig um þrjár og hálfa sekúndu í úrslitasundinu í dag til að komast á ÓL í London. **- óój**

Eimskipsmótaröðin í golfi hefst í dag – Guðrún Brá Björgvinsdóttir er líkleg til afreka í kvennaflokki:

# Held markmiðum sumarsins fyrir sjálfa mig

**GOLF** „Það verður nóg að gera í sumar og þetta verður spennandi ár,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson atvinnukylfingur úr GKG en ætlar að vera með á fyrsta mótinu á Eimskipsmótaröðinni sem hefst í dag á Hólmsvelli í Leiru.

Birgir, sem hefur fjórum sinnum fagnað sigri á Íslandsmótinu í höggleik mun leggja höfuðáherslu á mótin sem honum standa til boða á áskorendamótaröð Evrópu, sem er næst sterkasta atvinnumótaröðin í Evrópu.

„Með því að skrá mig í mótið er ég að koma mér í keppniseinbeitinguna sem hefur aðeins skort upp á. Það verður markmiðið að fara í Keflavík og halda einbeitingunni þrátt fyrir að veðrið verði kannski brjálað,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson.

Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr Keili í Hafnarfirði er á meðal bestu kylfinga landsins og hún byrjaði keppnistímabilið með miklum látum um s.l. helgi á unglingamótaröð Arion banka.



**GUÐRÚN BRÁ** Verður væntanlega öflug á mótum sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðrún, sem er 18 ára, setti nýtt vallarmet á Garðavelli á Akranesi þar sem hún lék á 66 höggum eða 6 höggum undir pari. Guðrún er til alls líkleg á Eimskipsmótaröðinni í sumar en hún er á meðal keppenda á Hólmsvelli í Leiru um helgina.

„Ég er með skýr markmið fyrir sumarið en ég ætla að halda þeim fyrir mig. Ég ætla að reyna að halda þeirri forgjöf sem ég er með í dag. Það hefur verið markmið að komast niður fyrir 0 í forgjöf. Það gekk nánast allt upp á hringnum á Garðavelli þar sem ég setti vallarmetið,“ sagði Guðrún Brá en hún sigraði á fyrsta stigamóti ársins í fyrra.

Alls eru 113 kylfingar skráðir til leiks í karlaflokknum og 26 í kvennaflokknum. Sú nýbreytni verður á Eimskipsmótaröðinni í sumar að öll höggleiksmótin verða 54 holur og verður keppendum fækkað að loknum öðrum keppnisdegi. Þessi breyting er gerð til þess að mótin telji til stiga á heimslista áhugakylfinga. **- seth**



Ódýrast!
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur
Ofurdagur
ORKAN
7 kr.
afsláttur af
lítranum í dag*
Skeljungur
Staðgreiðslukort
Inneignarkort
Ath!
Öll Skeljungskort gilda
líka á Orkustöðvunum.
Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði
á 67 Orku- og Shellstöðvum um allt land
Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með
Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum
öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.
Sæktu um Orkulykilinn í dag á www.orkan.is
ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!
*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.
Símanúmer þjónustuvers: 578 88 00
ENNEMM / SÍA / NM49890

# ÓLAFUR GETUR UNNIÐ Í ÞRIÐJA LANDINU

**Ólafur Stefánsson á möguleika á því að vinna Evrópukeppni meistaraliða í fimmta sinn á ferlinum. Þrír Íslendingar hafa unnið Meistaradeildina í handbolta en það gæti fjölgað í þeim hópi um helgina enda þrjú Íslendingalið í sviðsljósinu.**

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson er sigursælasti íslenski leikmaðurinn í sögu Meistaradeildarinnar og getur enn bætt við stórkostlega metaskrá sína í Lanxess Arena um helgina.

Þrjú Íslendingalið verða í sviðsljósinu og það eru því miklar líkur á því að Íslendingar standi uppi sem sigurvegarar á sunnudaginn. Ólafur (AG Kaupmannahöfn), Alfreð Gíslason (Kiel) og Aron Pálmarsson (Kiel) hafa unnið þennan titil áður en AG-mennirnir Snorri Steinn Guðjónsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Arnór Atlason og Füchse-mennirnir Dagur Sigurðsson og Alexander Petersson vonast allir til þess að bætast í hóp þeirra íslensku handboltamanna sem hafa unnið bestu deild í heimi.

Ólafur Stefánsson hefur unnið Evrópukeppni meistaraliða fjórum sinnum og í öll skiptin var það frammistaða hans öðru fremur sem skilaði bikarnum í hús. Ólafur varð einu sinni Evrópumeistari með þýska liðinu Magdeburg (2002) og þrisvar sinnum Evrópumeistari með spænska liðinu Ciudad Real (2006, 2008, 2009). Hann á því möguleika á því að vinna þennan eftirsótta titil í þriðja landinu. Öll þessi ár var úrslitaleikurinn spilaður heima og að heiman en frá og með árinu 2010 hefur verið spiluð ein úrslitahelgi þar sem koma saman fjögur bestu liðin.

Snorri Steinn Guðjónsson talaði um það í gær að Ólafur væri maður stórleikjanna og frammistaða hans í úrslitaleikjum Evrópukeppni meistaraliða sýnir það og sannar. Í öllum fjórum titlunum var Ólafur Stefánsson sem dæmi markahæstur á vellinum í seinni leiknum eða þegar lið hans tryggði sér titilinn. Hann skoraði 8 mörk í seinni leiknum 2009, 12 mörk í seinni leiknum 2008, 7 mörk í seinni leiknum 2006 og 7 mörk í seinni leiknum 2002. Þá eru ótaldar stoðsendingarnar sem alltaf er nóg af á þessum bæ.



**UNNU SAMAN 2010** Aron Pálmarsson og Alfreð Gíslason.



**ÓLAFUR KYSSIR EVRÓPUBIKARINN** Ólafur Stefánsson vann Evrópukeppni meistaraliða þrisvar sinnum með spænska félaginu Ciudad Real.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alfreð Gíslason er eini íslenski þjálfarinn sem hefur unnið Meistaradeildina en hann á nú möguleika á því að gera lið í þriðja sinn að besta liði Evrópu. Alfreð gerði Magdeburg að Evrópumeisturum 2002 og Kiel vann titilinn undir hans stjórn fyrir tveimur árum.

Aron Pálmarsson getur nú unnið Meistaradeildina í annað skiptið þrátt fyrir að vera aðeins 22 ára gamall en hann var líka með Kiel-liðinu fyrir tveimur árum. Alfreð hefur því í bæði skiptin haft íslenskan leikmann í sínu liði þegar hann hefur gert lið að Evrópumeisturum.

Alfreð og Ólafur unnu keppnina saman hjá Magdeburg fyrir tíu árum en eru nú mótherjar alveg eins og fyrir þremur árum þegar Ólafur fór fyrir liði Ciudad Real sem vann Kiel með dramatískum hætti í úrslitaleiknum. Það er ekki eina skiptið sem Alfreð hefur þurft að sætta sig við tap því hann var nálægt því að vinna með Tusem Essen árið 1988 en Alfreð og félagar töpuðu þá fyrir rússneska liðinu CSKA Moskva á færri mörkum skoruðum á útivelli.

Alfreð var þó ekki fyrsti íslenski leikmaðurinn til þess að spila úrslitaleik í Evrópukeppni meistaraliða því átta árum áður (1980) komust Valsmenn alla leið í úrslitaleikinn. Valsmenn léku þá á móti TV Grosswallstadt í úrslitaleiknum í München en urðu að sætta sig við 12-21 tap.

Nú er að sjá hvort það fjölgi í meistarahóp Íslendinga um helgina, það er í það minnsta full ástæða fyrir íslenska handboltaáhugamenn að fylgjast vel með í Köln.

ooj@frettabladid.is





12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
• Full HD LCD sjónvarp
• Háskerpu DVPT móttakari
• 2 HDMI og USB tengi
TOSHIBA 32" LCD
79.989 kr.
EÐA 6.808 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 81.696 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
Toshiba 32LV733N
• 32" Full HD LCD sjónvarp
• Með 1920x1080p upplausn
• 50.000:1 skerpa
• Ambient Light Sensor
• Active Vision II
• Háskerpu stafrænn DVB-T/C móttakari
• 2x HDMI, 2x Scart, USB 2.0, VGA o.fl.
• Háskerpu 3D sjónvarp
• 3x HDMI og 2x USB tengi
• 3D converter - 2D í 3D
Panasonic 42" Plasma 3D
169.989 kr.
EÐA 15.000 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 180.000 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
Panasonic TXP42UT30Y
• 42" Full HD 3D Plasma sjónvarp
• 3D Converter, breytir 2D í þrívídd
• 600Hz Sub Field Drive
• 24p Playback Plus
• Skerpa 2.000.000
• Svartími 0,001 msek.
• Háskerpu DVBT2 móttakari
• Viera Connect Nettenging
• SD Kortalesari
• 2xUSB og 3xHDMI tengi
• Vreal Plus Engine
• 600Hz Subfield Drive
• 3.500.000:1 skerpa
Panasonic 42" Plasma
119.989 kr.
EÐA 10.689 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 128.269 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
Panasonic TXP42X50
• 42" HD Ready Plasma sjónvarp
• 1024x768 punkta upplausn
• Vreal Plus Engine tækni
• 600Hz Sub-field Drive
• Dýnamísk Real Black Drive 3.500.000:1 skerpa
• 24p Playback og Viera Link
• Háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4)
• USB og SD/SDHC/SDXC kortalesari
• Örþunnt LED sjónvarp
• Innbyggður DVD spilari
• 2 HDMI og USB tengi
TOSHIBA 22" LCD
54.989 kr.
EÐA 5.083 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 60.996 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
Toshiba 22DL833
• 22" LED LCD EDGE sjónvarp
• Innbyggður DVD spilari (DivX)
• Skerpa: 3.000.000:1
• Digital Noise Reduction
• 3D Digital Comb Filter
• Stafrænn móttakari (DVB-T)
• Með hótelstillingu
• USB, 2x HDMI, Scart o.fl.
• Vreal Plus Engine
• 600Hz Subfield Drive
• 3.500.000:1 skerpa
Panasonic 50" Plasma
169.989 kr.
EÐA 15.000 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 180.000 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
Panasonic TXP50X50
• 50" HD Ready Plasma sjónvarp
• 1024x768 punkta upplausn
• Vreal Plus Engine tækni
• 600Hz Sub-field Drive
• Dýnamísk Real Black Drive 3.500.000:1 skerpa
• 24p Playback og Viera Link
• Háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4)
• USB og SD/SDHC/SDXC kortalesari
• 300w heimabíó
• DVD með 1080p uppskölun
• True HD 5.1 Surround
29.989 kr.
EÐA 2.927 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 76.254 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
Philips HTS3531
69.989 kr.
EÐA 6.377 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 76.254 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
• 500w Blu-ray heimabíó
• Breytir 2D í 3D
• iPod/iPhone vagga
Panasonic SCBTT262
• Hágæða Soundbar heimabíó
• 3D Blu-ray spilari
• iPod/iPhone vagga
149.989 kr.
Panasonic SABFT800
EÐA 13.808 kr. Á MÁNUÐI
ALLS 159.324 Á 12 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
TILBOÐIN GILDA ÚT MÁNUDAG.
LOKAÐ Á SUNNUDAG EN OPIÐ Á MÁNUDAG ANNAN Í HVÍTASUNNU
KL. 12-18.
MAX RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardag kl. 11-18
Sunnud. lokað kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

> **Stöð 2 kl. 20.10**
## Spurningabomban



***Logi Bergmann er mættur með glænýja þætti af Spurningabombunni sem hefur slegið í gegn hjá áhorfendum. Að þessu sinni munu bæjrnir bítast þegar keppendur frá Reyðarfirði, þeir Andri Freyr Viðarsson og Helgi Seljan, mæta hjónakornum úr Hafnarfirði, Gunnari Helgasyni og Björk Jakobsdóttur.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON HUGSAR UM SUMARFRÍ

# *Íþróttaveisla í vændum*

Við vinnufélagarnir vorum fyrir nokkrum vikum að velja frídaga fyrir sumarið. Barnafólkið vildi fá júlímánuð eins og leggur sig þar sem þá eru leikskólarnir í fríi. Aðrir höfðu löngu skipulagt veiði- eða utanlandsferðir og gerðu kröfu um að fá frí á þeim dögum. Sjálfur var ég ekki með mjög mótaðar skoðanir á því hvenær ég vildi taka mér frí en ein uppástunga um hvernig haga skyldi fríinu tók öðrum fram.

Þann 8. júní næstkomandi hefst Evrópumótið í knattspyrnu. Örfáum dögum síðar hefst úrslitaeinvígið í bandarísku NBA-deildinni í körfubolta. Evrópumótið stendur til 1. júlí og NBA-úrslitin í síðasta lagi til 26. júní. Í hinum fullkomna heimi (sjö leikja úrslitaeinvígi í NBA) verður því í tvær vikur um miðbik næsta mánaðar boðið upp á íþróttaveislu í heimsklassa beggja vegna Atlantshafsins.

Er hægt að hugsa sér betri leið til að verja sumarfríi en að sóla sig á daginn og horfa á bolta um kvöldin? Ég held ekki!



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og glorítur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Einnar mínútu þögn **15.25** Vestur um haf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Sveiflan sem sigraði heiminn **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**13.55 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e) Seinni forkeppnin.
**15.55 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Leó**
**17.23 Snillingarnir**
**17.50 Galdrakrakkar**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hið sæta sumarlíf** (3:6) (Det søde sommerliv)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fjölskyldulíf** (Parenthood) Gamanmynd frá 1989 um Buckman-fjölskylduna og vini hennar. Meðal leikenda eru Steve Martin, Mary Steenburgen, Dianne Wiest, Keanu Reeves og Joaquin Phoenix.
**22.15 Chatterly-málið** (The Chatterly Affair) Árið 1960 vöktu mikla athygli í Bretlandi réttarhöld yfir útgefendum sögunnar Elskhugi lafði Chatterly eftir D.H. Lawrence. Hér er sögð saga tveggja kviðdómenda, Helenu og Keiths, sem urðu elskendur meðan á réttarhöldunum stóð og endurspegluðu í lífi sínu efni skáldsögunnar. Aðalhlutverk leika Rafe Spall og Louise Delamere.
**23.50 Forspá** (Knowing) Kennari opnar gamalt tímahylki með ógnvekjandi spádómum sem sumir hafa ræst. Meðal leikenda eru Nicolas Cage, Chandler Canterbury og Lara Robinson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Last Mimzy**
**10.00 You Again**
**12.00 Prince and Me II**
**14.00 The Last Mimzy**
**16.00 You Again**
**18.00 Prince and Me II**
**20.00 Gulliver's Travels**
**22.00 Bourne Identity**
**00.00 Black Swan**
**02.00 One Night with the King**
**04.00 Bourne Identity**
**06.00 Deal**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (145:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (2:38)
**11.00 Hell's Kitchen** (14:15)
**11.45 The Glades** (3:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Paul Blart: Mall Cop** Stórskemmtileg gamanmynd með Kevin James í hlutverki Paul Blart sem vinnur sem öryggisvörður í verslunarmiðstöð.
**14.30 Friends** (21:24)
**14.55 Sorry I've Got No Head**
**15.25 Tricky TV** (21:23)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2** D
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 American Dad** (19:20)
**19.45 The Simpsons** (10:22)
**20.10 Spurningabomban** (2:6)
**20.55 American Idol** (39:40) Það eru aðeins tveir söngvarar eftir og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá.
**21.40 American Idol** (40:40) Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari þetta árið og til mikils er að vinna.
**23.20 Lost City Raiders** Spennandi vísindaskáldsaga sem gerist árið 2048 og jörðin er á floti í kjölfar hlýnunar. Feðgar bardúsa við að safna menningarverðmætum úr gömlum byggingum þegar þeir fá afar mikilvægt en hættulegt verkefni frá hinu nýja Vatíkani sem ræður nú ríkjum.
**01.00 Seven Pounds** Falleg mynd með Will Smith, Rosario Dawson og Woody Harrelson í aðalhlutverkum. Ungur verkfræðingur leggur í ótrúlegt ferðalag til að breyta og bæta líf sjö ókunnugra manneskna.
**03.00 Ripley Under Ground** Dramatísk mynd um svik og undirferli.
**04.40 Paul Blart: Mall Cop**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.
**08.10 Pepsi mörkin**
**16.10 NBA: Indiana - Miami**
**18.00 Pepsi mörkin**
**19.10 Pepsi deild kvenna: Stjarnan - KR** BEINT
**21.15 Meistaradeild Evrópu; Bayern - Chelsea**
**23.45 Pepsi deild kvenna: Stjarnan - KR**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Chelsea - Blackburn**
**20.00 Football League Show**
**20.30 Netherlands & Germany (Group B)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.
**21.00 Premier League World**
**21.30 Goals of the Season 2011/2012** Farið er yfir öll glæsilegustu mörk leiktíðarinnar í Úrvalsdeildinni.
**22.25 Arsenal - Norwich**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** (121:175)
**20.10 Friends** (19:24)
**20.35 Modern Family** (19:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Masterchef USA 2** (1:20)
**22.35 The Closer** (3:21)
**23.20 NCIS: Los Angeles** (21:24)
**00.05 Rescue Me** (14:22)
**00.50 Friends** (19:24)
**01.15 Modern Family** (19:24)
**01.40 The Doctors** (121:175)
**02.20 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (6:10) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Britain's Next Top Model** (11:14) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Good Wife** (17:22) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (9:48) (e)
**19.15 Will & Grace** (13:25) (e)
**19.40 Got to Dance** (13:17)
**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.
**21.15 The Biggest Loser** (3:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis. Læknir metur ástand keppenda eftir þriggja vikna púl og sigurvegari í sippkeppni fær friðhelgi.
**22.45 HA?** (2:27) (e)
**23.35 Prime Suspect** (4:13) (e)
**00.20 Franklin & Bash** (7:10) (e)
**01.10 Saturday Night Live** (20:22) Stórskemmtilegur grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi. Geðþekki gamanleikarinn Will Ferrell er stjarna kvöldsins.
**02.00 Jimmy Kimmel** (e)
**02.45 Jimmy Kimmel** (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.25** Crown Plaza Invitational 2012 (1:4) **10.25** Golfing World **11.15** Crown Plaza Invitational 2012 (1:4) **14.15** LPGA Highlights (9:20) **15.35** Crown Plaza Invitational 2012 (1:4) **18.35** Inside the PGA Tour (21:45) **19.00** Crown Plaza Invitational 2012 (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (19:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.40** The Vicar of Dibley **08.25** Dalziel and Pascoe **10.00** Deal or No Deal **10.35** Come Dine With Me **11.25** QI Children in Need Special **11.55** QI **12.25** Keeping Up Appearances **13.30** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.30** QI Children in Need Special **16.00** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.15** Live at the Apollo **23.00** Top Gear **23.45** QI **00.15** Shooting Stars

## DR 1

**09.30** Bonderøven **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.35** Dyrehospitalet **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies køkken **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Chiro **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** Tears of the Sun **21.45** Dobbeltgængeren

## NRK 1

**06.35** 22. juli-rettssaken **07.15** Morgennytt **08.00** 22. juli-rettssaken **09.30** Begravelse Gunnar Sønsteby **11.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** EM svømming **16.30** Glimt av Norge **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Verda vi skaper **18.55** 20 spørsmål **19.25** Scott og Bailey **20.10** Gilvve gollát - Mari Boine og Kringkastingsorkestret **21.10** Kveldsnytt **21.25** Tudors **22.20** The Doors - L.A. Woman

## svt1

**08.00** Thaifjord **08.45** Eurovision Song Contest 2012 **10.45** Djursjukhuset **11.15** Kanalsimmerskan **11.30** Det kungliga dopet **12.30** Konstdeckarna **13.30** Spisa med Price **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** EM i simning **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Thaifjord **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Claes Eriksson. Max **19.00** Högklackat **19.30** The Kingdom **21.20** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.30** Fur - ett fiktivt porträtt av Diane Arbus **23.30** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Eurovision sprengja ársins 2012

Og þú færð humarinn frítt ef Ísland lendir í 1. eða 2. sæti

HUMARINN FRÍTT!

Ef Ísland lendir í 1. eða 2. sæti

# Stór Humar

3.950 kr/kg*

## Humar 2.350 kr/kg

stærð 30/40

Ef Ísland lendir í 1. eða 2. sæti, þá er full endurgreiðsla

**Fínt á grillið** – *enda er spáð algeru grillveðri um helgina*

| | | |
|---|---|---|
| **Laxasteik** Mangó Chilli | **Löngusteik** Lemmon & Kóríander | **Ferskur Túnfiskur** Yellofin, „Sashimi gæði“ |
| **Þorsksteikur** Indverskt Karríkryddblanda | **Fersk Laxaflök** Beinlaus og flott | **Laxasteik** Sítrónu & smjörkrydd |

Uppskrift er hægt að nálgast í verslun og líka á Facebook.com/fiskikongurinn

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

*(2 kg í öskju Humarskelbrot frá Hornafirði 7.900 kr. askjan)

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## EUROVISIONLAGIÐ



*„Ég á alltof erfitt með að velja eitthvað uppáhalds úr öllum keppnunum hingað til en uppáhaldslagið mitt í keppninni í ár er sænska lagið. Það er ekki spurning í mínum huga að hún á eftir að bursta keppnina á laugardaginn.“*

Regína Ósk Óskarsdóttir, söngkona og Eurovision-fari.

# Tekinn fram yfir þekkta norska leikara

„Þetta er ein af þessum stóru auglýsingum sem maður vill gjarnan næla sér í,“ segir leikarinn Ívar Örn Sverrisson sem á dögunum landaði burðarhlutverki í alþjóðlegri sjónvarpsauglýsingu fyrir Fisherman´s Friend hálstöflurnar.

Ívar fékk verkefnið í gegnum norska umboðsskrifstofu sína en hann hefur verið búsettur í Noregi með eiginkonu og tveimur börnum í tæp tvö ár. Hann bjóst aldrei við að fá hlutverkið og segir þetta oftast byggjast á heppni og að vera með rétt útlit á réttum tíma. „Ég er mjög ánægður með þetta og mér var sagt að ég hafi verið valinn umfram marga þekkta norska leikara,“ segir Ívar og giskar á að skeggið hafi heillað aðstandendur auglýsingarinnar. „Ég var ekki búinn að raka mig í nokkra daga fyrir prufuna og útlitið hentaði því vel í þennan sjóara.“

Auglýsingin verður tekin upp í sjávarþorpi í Noregi á næstu dögum en Ívar fer með hlutverk sjómanns og á móti honum leikur bresk leikkona. Um er að ræða endurgerð á klassískri auglýsingu hálstaflanna sterku og verður hún sýnd á austurströnd Bandaríkjanna með haustinu. „Þetta er gott verkefni að fá og ég get viðurkennt að þetta er ágætlega borgað.“

Ívar hefur komið sér vel fyrir í Noregi en segir að það hafi ekki alltaf hafa verið auðvelt. „Ég hef alveg þurft að brjóta mér leiðir í gegnum marga múra hérna. Það hjálpar að geta loksins tjáð sig á tungumáli innfæddra og svo er þetta bara snjóbolti sem vindur upp á sig. Þó maður sakni ýmissa á Íslandi á ég ekki von á því að við fjölskyldan komum heim í bráð enda líður okkur mjög vel í Ósló.“ - áp



**VINUR SJÓARANS** Leikarinn Ívar Örn Sverrisson var valinn umfram þekkta norska leikara í burðarhlutverk í alþjóðlega sjónvarpsauglýsingu fyrir Fisherman´s Friend.




# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

## 25.06 – 01.07

**Það styttist í ævintýrið!**

**Ógleymanleg skemmtun. Bestu gæðingar landsins etja kappi og helstu kynbótastjörnur landsins koma fram. Troðfull dagskrá með landsþekktum skemmtikröftum, kvöldvökum og fjölskyldustemningu. Á keppnissvæðinu er glæsilegur barnagarður.**

**Miðasala á www.landsmot.is**


BASSI ÓLAFSSON: LÁ BEINT VIÐ AÐ KÝLA ÞETTA LOKSINS Í GEGN

# Bassi heitir loksins Bassi

„Ég er ekkert þekktur sem Björn þannig að það lá einhvern veginn beint við að kýla þetta loksins í gegn,“ segir Bassi Ólafsson, trommari hljómsveitarinnar Kiriyama Family, sem nýlega gaf út sína fyrstu plötu. Hann breytti nafninu sínu nýverið úr Björn Sigmundur í Bassi og þar með er hann sá eini sem heitir því nafni á landinu. Bassi var dálítið hræddur við að styggja mömmu sína og pabba með nafnabreytingunni, því langafar hans hétu Björn og Sigmundur. „Maður vildi ekki mikið vera að „dissa“ þá. Svo ákvað ég bara að hugsa um sjálfan mig í þessu tilfelli. Þetta er búið að vera nafnið mitt frá því ég fæddist og fæstir vita raunverulega nafnið, þannig að ég ákvað bara að svissa.“ Aðspurður segir hann að pabbi hans, Labbi í hljómsveitinni Mánum, sé enn þá að venjast þessum umskiptum en mamma hans hefur tekið betur í þau. „Ég elda handa þeim mat og eitthvað til að redda þessu.“ Bassanafnið festist við hann vegna þess að bróðir pabba hans, Björn Þórarinsson, einnig úr Mánum, hefur alltaf verið kallaður Bassi. „Hann hefur verið kallaður stóri Bassi og ég litli Bassi en samt er ég tuttugu sentimetrum hærri en hann. Þannig að það er búið að svissa þessu í gamli Bassi og ungi Bassi.“ Mannanafnanefnd hafði ekkert við Bassanafnið að athuga, sem kom honum nokkuð á óvart. Kom það upp úr dúrnum að Bassi er sá níundi sem hefur borið nafnið á Íslandi frá landnámsöld en er sá eini sem er á lífi í dag. „Ég hélt ég þyrfti að fara í svakalegt vesen til að sækja um en þau vildu bara fá útskýringu á þessu. Ég sagði bara sömu sögu um að þetta er bara nafnið mitt.“

Þrátt fyrir nafngiftina spilar Bassi á trommur en ekki bassa og þykir mörgum það fyndið. „Ég held ég sé búinn að heyra alla brandara sem til eru í sambandi við þetta, þessa bassatrommubrandara. Það er búið að hrjá mig í gegnum ævina að ég sé trommari.“ Reyndar kann hann alveg á bassa og spilar á hann í hljáverkum. „Þegar ég var að spila með Lay Low tók ég bassa í einu lagi. Þetta blundar alveg í manni. Næsta hljóðfæri sem ég ætla að taka fyrir verður alveg örugglega bassi, það liggur eiginlega beinast við.“

freyr@frettabladid.is



**BASSI** Bassi Ólafsson hét áður Björn Sigmundur Ólafsson. Hann er sá níundi sem hefur borið nafnið frá landnámsöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kristján samdi fyrir Klaufana

Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson samdi nánast öll lög og texta á væntanlegri plötu kántrísveitarinnar Klaufarnir.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég er í samstarfi við þá,“ segir Kristján, sem tók að sér verkefnið í gegnum gítarleikarann Sigurgeir Sigmundsson. „Ég á alltaf soddan hrúgu af lögum og þeir völdu úr þeim. Þeir eru með tíu til tólf lög í viðbót sem þá langar að gefa út líka,“ segir Kristján, sem hingað til hefur verið þekktari fyrir texta sína en lagasmíðar. „Þetta er tónlist í anda Brimklóar og alls hins besta sem boðið hefur verið upp á í íslenskri kántrítónlist síðustu ár og áratugi. Þetta er dillandi gamansemi og 100% hressleiki.“

Magnús Kjartansson kemur við sögu á plötunni. Hann leikur á hljómborð og stjórnar heilum kór hestamanna sem nefnist Brokkkórinn. Einnig syngur Selma Björnsdóttir í einu lagi, Aldrei, sem fer í spilun fljótlega. Annað lag af plötunni, Lífið er ferlega flókið, er þegar komið í spilun.

Kristján hafði mjög gaman af samstarfinu við Klaufana en hljómsveitin er skipuð þeim Friðriki Sturlusyni, Kristjáni Grétarssyni, Sigurgeiri Sigmundssyni, Guðmundi Annas og Birgi Nielsen. „Við erum kannski hinir mestu klaufar á ýmsum sviðum en þegar við slettum úr klaufunum, þá erum við á heimavelli.“ - fb



**SAMSTARF** Kristján Hreinsson ásamt Klaufunum. Nýja platan, Óbyggðir, kemur út á næstunni.




# ÍSLAND 12 STIG!

**Gasgrillum frá Ellingsen fylgir sérstakur Eurovision-partípakki sem inniheldur kippu af tveggja lítra kóki, kassa af Prins Póló og lambalæri. Gildir með 50 fyrstu grillunum. Þú færð grillið fyrir Eurovision-gleðina samsett og sent heim!***

**Í Ellingsen** finnurðu glæsilegt úrval gasgrilla og kolagrilla fyrir heimilið og ferðalagið. Þar er einnig að finna mikið og vandað úrval aukahluta, grilltanga og varahluta. Komdu og skoðaðu úrvalið, grillsumarið er hafið í Ellingsen.

Ellingsen CAMPINGAZ Coleman



**GASGRILL ELLINGSEN 2**
Grillflötur 440x340 mm
2 brennarar

**49.900 KR.**
Léttgreiðslur **8.317 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 3**
Grillflötur 600x450 mm
3 brennarar

**79.900 KR.**
Léttgreiðslur **13.317 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 4**
Grillflötur 700x450 mm
4 brennarar

**89.900 KR.**
Léttgreiðslur **14.983 KR.** í 6 mánuði.



**COLEMAN FERÐAGASGRILL**
Grillflötur 630x380 mm
2 brennarar

**49.900 KR.**
Léttgreiðslur **8.317 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 3S**
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar

**98.900 KR.**
Léttgreiðslur **16.483 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 4S**
Grillflötur 700x450 mm
4 brennarar

**109.900 KR.**
Léttgreiðslur **18.317 KR.** í 6 mánuði.



**EDCO KOLAGRILL**
Grillflötur 410 mm í þvermál

**9.990 KR.**
Léttgreiðslur **1.665 KR.** í 6 mánuði.



**EDCO MAESTRO 22 KOLAGRILL**
Grillflötur 560 mm í þvermál

**19.990 KR.**
Léttgreiðslur **3.332 KR.** í 6 mánuði.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121117

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vínilboðskort

Hjónakornin **Björgólfur Thor Björgólfsson** og **Kristín Ólafsdóttir** létu pússa sig saman í kyrrþey fyrir rúmu ári síðan, eftir tólf ára samband, en héldu enga veislu af því tilefni. Nú herma fréttir að úr eigi að bæta í júlímánuði og boðskort hafi verið send út. Kortin eru hins vegar af óhefðbundnari gerðinni. Um er að ræða 45 snúninga vínilplötu þar sem fram koma nánari upplýsingar um stað og stund. Þá er bara spurning hvort boðsgestir eigi plötuspilara til að hlusta á „kortið". Vínillinn hefur hins vegar gengið í gegnum endurnýjun lífdaga síðustu misseri þannig að enginn ætti að missa af herlegheitunum sökum spilaraleysis. Á góðæristímanum var Björgólfur þekktur fyrir magnaðar veislur, þar sem stjörnur eins og rapparinn 50 Cent komu fram. Þau Björgólfur og Kristín eignuðust sitt þriðja barn síðasta haust.



### Gleðibankinn á Eurovision-kvöldi

Félagarnir KK og **Maggi Eiríks** spila á Café Rosenberg á laugardagskvöld eins og þeir hafa gert oft áður. Tónleikarnir verða sama kvöld og úrslitin í Eurovision verða haldin í Aserbaídsjan og af því tilefni munu þeir að öllum líkindum flytja Gleðibankann, Eurovision-lag Magga Eiríks frá árinu 1986. Þetta verður í fyrsta sinn sem þeir flytja lagið saman og má búast við athyglisverðri útkomu.



– þj, -fb

## Mest lesið Vísir

1. Ekki þorandi að flytja Börk í dóminn - úrskurðað um...
2. Barn fann amfetamín í leikskólanum
3. Neitaði að fljúga með kvenkyns flugstjóra
4. Vill að borgin stöðvi háhýsi úr fortíðinni
5. Viðbrögð Gretu og Jónsa - myndband







